Samningar Íslands við erlend ríki
III. C-deild Stjórnartíðinda 1962-1968

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af ritinu "Samningar Íslands við erlend ríki". Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af ritinu án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn ekki verndar höfundalaga og telur höfundur skjalsins að samningar sem þessir falli undir "áþekk gögn".

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Ýmsir gallar fundust sem voru almennt ekki skráðir sérstaklega. Fyrir betri eintök í mörgum tilfellum, athugið skönnun C-deild Stjórnartíðinda.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1962

C-DEILD



REYKJAVÍK — 1962
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

Útgefandi dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	21. marz	Auglýsing um staðfestingu á samningum um gjaldeyrissjóð Evrópu (E.M.A.)	1
2	25. maí	Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands	1
3	28. maí	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands	2
4	5. júní	Auglýsing um gildistöku aðildar Íslands að alþjóðasamningi frá 1954, um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu	2—13
5	S. d.	Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamþykkt (Parísarsamþykkt) um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar	13
6	S. d.	Auglýsing um staðfestingu á samningi um breytingar á Norðurlandasamningi frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi	13—15
7	14. ágúst	Auglýsing um gildistöku samstarfssamnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar	15—40
8	17. okt.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Kanada um afnám vegabréfsáritana	41—43
9	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands	43
10	S. d.	Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu	43
11	31. des.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af rekstri flugvéla og skipa	44—46
12	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna	46—48

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1962

AUGLÝSING

um staðfestingu á samningum um gjaldeyrissjóð Evrópu (E.M.A.).

Hinn 5. ágúst 1955 var í París undirritaður af Íslands hálfu samningur um gjaldeyrissjóð Evrópu (European Monetary Agreement). Einnig hafa verið af Íslands hálfu undirritaðir viðbótarsamningar nr. 2, 3 og 4, dags. 27. júní 1958, 15. janúar 1960, og 12. desember 1961.

Staðfestingarskjal Íslands að ofangreindum samningum var afhent forstjóra Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (O.E.C.D.) hinn 2. marz 1962.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 21. marz 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands.

Hinn 16. maí 1962 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. A 53/1953) framlengdur óbreyttur til ársloka 1962. Samningurinn var framlengdur með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ungverjalands í Moskva.

Utanríkisráðuneytið, 25. maí 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands.

Með orðsendingaskiptum í París, hinn 24. maí 1962, var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 framlengdur til 31. desember 1962.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. maí 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Nr. 4. 5. júní.

AUGLÝSING

um gildistöku aðildar Íslands að alþjóðasamningi frá 1954, um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 101 frá 28. desember 1961 hefur aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi frá 1954 um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu verið afhent forstjóra alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (I.M.C.O.). Samningur þessi, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gekk í gildi að því er varðar Ísland hinn 23. maí 1962.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. júní 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT UM AÐ FYRIRBYGGJA ÓHREINKUN SJÁVAR AF VÖLDUM OLÍU, 1954.

London, 12. maí 1954.

Ríkisstjórnir þær, er sent hafa fulltrúa á alþjóðaráðstefnuna um óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem haldin var í London á tímabilinu frá 26. apríl 1954 til 12. maí 1954, óska eftir að gera með allsherjarsamkomulagi, ráðstafanir til þess að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völd-

THE INTERNATIONAL CONVENTION FOR THE PREVENTION OF POLLUTION OF THE SEA BY OIL, 1954

London, May 12, 1954

The Governments represented at the International Conference on Pollution of the Sea by Oil held in London from 26th April, 1954, to 12th May, 1954,

Desiring to take action by common agreement to prevent pollution of the sea by oil discharged from ships, and con-

um olíu, sem losuð er úr skipum, og álíta að þessum tilgangi verði bezt náð með því að gera samþykkt, og hafa samkvæmt því skipað undirritaða með fullu umboði og, að framlögðum skilríkjum sínum um fullt umboð, sem við athugun reyndust fullgild og formleg, hafa þeir gert samkomulag svo sem hér segir:

1. gr.

(1) Í þessari samþykkt skulu eftirfarandi orð hafa þær merkingar, sem þeim eru hér með gefnar hverri um sig, þ. e. a. s.:

„Skrifstofan" hefur þá merkingu, sem því orði er gefin í 21. gr.

„Losun" í sambandi við olíu eða olíublandinn vökva merkir alls konar losun eða leka af hvaða orsök sem er.

„Þykk dísilolía" merkir dísilolíu fyrir skipavélar, nema þau eimi, sem rýrna um meira en 50% af rúmmáli við 340 stig C., eða minni hita, þegar þær eru prófaðar samkvæmt A.S.T.M. Standard Method D. 158/53.

„Míla" merkir sjómílu, 6080 fet, eða 1852 metra.

„Olía" merkir hráolíu, brennsluolíu, þykka dísilolíu og smurningsolíu og „olíumengað" skal hafa merkingu samkvæmt því.

(2) Í samþykkt þessari merkir umdæmi ríkisstjórnar, sem er aðili að henni, land það, sem hún stjórnar og sérhvert annað land, er hún er ábyrg fyrir um milliríkjaviðskipti og sem samþykktin hefur verið látin ná til samkvæmt 18. gr.

2.

Samþykkt þessi skal gilda um hafskip, sem eru á skipaskrám einhvers landssvæðis þeirrar ríkisstjórnar, sem er aðili að henni, að undanteknum

(1) skipum, er að sinni eru í notkun sem aðstoðarskip flotans,

(2) skipum, sem eru minni en 500 brúttórúmlestir,

sidering that this end may best be achieved by the conclusion of a Convention,

Have accordingly appointed the undersigned plenipotentiaries, who, having communicated their full powers, found in good and due form, have agreed as follows:—

Article I

(1) For the purposes of the present Convention, the following expressions shall (unless the context otherwise requires) have the meanings hereby respectively assigned to them, that is to say:—

"The Bureau" has the meaning assigned to it by Article XXI;

"Discharge" in relation to oil or to an oily mixture means any discharge or escape howsoever caused;

"Heavy diesel oil" means marine diesel oil, other than those distillates of which more than 50 per cent. by volume distils at a temperature not exceeding 340° C. when tested by A.S.T.M. Standard Method D.158/53;

"Mile" means a nautical mile of 6080 feet or 1852 meters;

"Oil" means crude oil, fuel oil, heavy diesel oil and lubricating oil, and "oily" shall be construed accordingly.

(2) For the purposes of the present Convention the territories of a Contracting Government mean the territory of the country of which it is the Government and any other territory for the international relations of which the Government is responsible and to which the Convention shall have been extended under Article XVIII.

Article II

The present Convention shall apply to sea-going ships registered in any of the territories of a Contracting Government, except

(i) ships for the time being used as naval auxiliaries;

(ii) ship of under 500 tons gross tonnage;

(3) skipum, sem eru sem stendur starfrækt í þágu hvalveiðaútvegsins,
(4) skipum, sem að sinni sigla um Mikluvötn Norður-Ameríku, vatnaleiðir þeirra á milli og ár, sem í þau falla, allt austur að neðra mynni Lachine skipaskurðarins við Montreal í fylkinu Quebec, Kanada.

3.

(1) Með þeim undantekningum, sem tilgreindar eru í 4. og 5. gr., skal bannað að losa úr hverju olíuflutningaskipi, enda heyri það undir ákvæði samþykktarinnar, innan bannsvæða þeirra, sem um getur í viðauka A við samþykktina í sambandi við olíuflutningaskip,
(a) olíu,
(b) hvers konar olíumengaðan vökva, er inniheldur olíu, sem óhreinkar yfirborð sjávar.

Hvað þessa grein snertir, skal álíta, að olíumengaður vökvi, er inniheldur færri en 100 hluta af olíu á móti 1.000.000 hlutum af vökva, óhreinki ekki yfirborð sjávar.

(2) Með þeim undantekningum, sem tilgreindar eru í 4. ag 5. gr., skal öll losun olíumengaðs kjölfestuvatns eða skolvatns úr olíuhylkjum frá skipi, þ. e. skipi, sem heyrir undir ákvæði samþykktarinnar, en ekki er olíuflutningaskip, fara fram eins langt frá landi og framkvæmanlegt er. Frá dagsetningu þremur árum eftir dagsetningu þá, er samþykktin gengur í gildi, skal greinarliður (1) þessarar greinar gilda um skip, sem ekki eru olíuflutningaskip, á sama hátt og um olíuskip, með þessum undantekningum:
(a) Bannsvæðin vegna skipa, sem ekki eru olíuflutningaskip, skulu vera þau, sem tilgreind eru sem bannsvæði í viðauka A við samþykktina.
(b) Losun olíu, eða olíumengaðs vökva, úr slíku skipi skal eigi bönnuð, þegar skipið er á leið til hafnar, þar sem ekki eru fyrir hendi slík skilyrði, sem nefnd eru í 8. gr.

(3) Sérhvert brot á greinarlið (1) og (2) þessarar greinar, skal vera refsivert

(iii) ships for the time being engaged in the whaling industry;
(iv) ships for the time being navigating the Great Lakes of North America and their connecting and tributary waters as far east as the lower exit of the Lachine Canal at Montreal in the Province of Quebec, Canada.

Article III

(1) Subject to the provisions of Articles IV and V, the discharge from any tanker, being a ship to which the Convention applies, within any of the prohibited zones referred to in Annex A to the Convention in relation to tankers of—

(a) oil;
(b) any oily mixture the oil in which fouls the surface of the sea, shall be prohibited.

For the purposes of this paragraph the oil in an oily mixture of less than 100 parts of oil in 1.000.000 parts of the mixture shall not be deemed to foul the surface of the sea.

(2) Subject to the provisions of Articles IV and V, discharge into the sea from a ship, being a ship to which the Convention applies and not being a tanker, of oily ballast water or tank washings shall be made as far as practicable from land. As from a date three years after the date on which the Convention comes into force paragraph (1) of this Article shall apply to ships other than tankers as it applies to tankers, except that:—

(a) the prohibited zones in relation to ships other than tankers shall be those referred to as such in Annex A to the Convention; and
(b) the discharge of oil or of an oily mixture from such a ship shall not be prohibited when ship is proceeding to a port not provided with such reception facilities as are referred to in Article VIII.

(3) Any contravention of paragraphs (1) and (2) of this Article shall be an

samkvæmt lögum lands þess, sem skipið er skráð í.

4. gr.

(1) 3. gr. skal eigi gilda um:

(a) losun olíu eða olíumengaðs vökva úr skipi í þeim tilgangi að tryggja öryggi þess, koma í veg fyrir skemmdir á skipinu eða farmi, eða að bjarga lífi þeirra, sem eru í sjávarháska; eða

(b) olíu eða olíumengaðs vökva, sem fer til spillis sakir skemmda á skipinu eða sakir leka, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir, enda hafi, eftir að skemmdin varð eða lekinn var uppgötvaður, verið gerðar allar þær ráðstafanir, sem með sanngirni má krefjast til þess að koma í veg fyrir, eða draga úr því, að olía færi til spillis,

(c) losun sora,

(1) sem ekki er hægt að dæla úr farmhylkjum olíuflutningaskipa sakir þess hve þykkur hann er; eða

(2) sem fallið hefur til botns við hreinsun brennsluolíu eða smurningsolíu, enda fari slík losun fram eins langt frá landi og tök eru á.

(2) Þegar losað er, eða fer til spillis með þeim hætti, sem tilgreint er í þessari grein, skal skrá í olíufærslubók þá, er skylt er að hafa samkvæmt 9. gr., allar kringumstæður og orsök þess að losað var.

5. gr.

3. gr skal eigi gilda um losun úr austurrásum skips

(a) á hvers konar olíumenguðum vökva um tólf mánaða tímabil frá því er samþykktin öðlast gildi fyrir það land, þar sem skipið er skráð,

(b) eftir lok slíks tímabils, á olíumenguðum vökva, er inniheldur eigi aðra olíu en smurningsolíu.

6. gr.

Viðurlögin, sem heimilt er að beita samkvæmt 3. gr. og lögum einhvers þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni, vegna ólöglegrar losoffence punishable under the laws of the territory in which the ship is registered.

Article IV

(1) Article III shall not apply to:—

(a) the discharge of oil or of an oily mixture from a ship for the purpose of securing the safety of the ship, preventing damage to the ship or cargo, or saving life at sea; or

(b) the escape of oil, or of an oily mixture, resulting from damage to the ship or unavoidable leakage, if all reasonable precautions have been taken after the occurrence of the damage or discovery of the leakage for the purpose of preventing or minimising the escape;

(c) the discharge of sediment:—

(i) which cannot be pumped from the cargo tanks of tankers by reason of its solidity; or

(ii) which is residue arising from the purification or clarification of oil fuel or lubricating oil,

provided that such discharge is made as far from land as is practicable.

(2) In the event of such discharge or escape as is referred to in this Article a statement shall be made in the oil record book required by Article IX of the circumstances of and reason for the discharge.

Article V

Article III shall not apply to the discharge from the bilges of a ship:—

(a) of any oily mixture during the period of twelve months following the date on which the Convention comes into force in respect of the territory in which the ship is registered;

(b) after the expiration of such period, of an oily mixture containing no oil other than lubricating oil.

Article VI

The penalties which may be imposed in pursuance of Article III under the law of any of the territories of a Contracting Government in respect of the unlawful

unar í sjóinn á olíu eða olíumenguðum vökva utan landhelgi viðkomandi lands, skulu eigi vera vægari en viðurlög þau, sem heimilt er að beita samkvæmt lögum viðkomandi lands vegna ólöglegrar losunar úr skipi á olíu eða olíumenguðum vökva innan landhelgi þess.

7. gr.

Frá og með degi, tólf mánuðum eftir að þessi samþykkt öðlast gildi fyrir eitthvert þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni, skal öllum skipum viðkomandi lands skylt að vera þannig útbúin, að brennsluolía eða þykk dísilolía geti eigi komizt í austurrásir þær, sem úr er tæmt í sjóinn, án þess að innihald þeirra sé látið ganga í gegnum hylki, sem aðskilur olíur frá vatni.

8. gr.

Frá og með degi, þremur árum eftir að samþykkt þessi öðlast gildi fyrir eitthvert þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni, skal sú ríkisstjórn tryggja það, að á öllum aðalhafnarstöðum viðkomandi lands séu fyrir hendi fullnægjandi skilyrði til þess að taka á móti — án þess að valda skipum ótilhlýðilegum töfum — sora þeim úr olíumenguðu kjölfestuvatni og skolvatni því úr hylkjum, sem mundi hafa verið eftir til losunar úr skipum, öðrum en olíuflutningaskipum, sem nota höfnina, ef vatnið hefði verið aðskilið í þar til gerðu hylki eða í dregghylki, eða með öðrum hætti. Sérhver aðildarríkisstjórn að samþykktinni skal ákveða á hverjum tíma, hvaða hafnir landa þeirra, er heyra undir hana, séu aðalhafnir, hvað þessa grein snertir, og skal hún senda skrifstofunni skriflega tilkynningu samkvæmt því og taka fram, hvort séð hafi verið fyrir fullnægjandi skilyrðum til móttöku.

9. gr.

(1) Í hverju skipi, er heyrir undir ákvæði samþykktarinnar, skal hafa olíufærslubók (hvort sem hún er hluti hinnar lögskipuðu leiðarbókar skipsins eða ekki) í því formi, sem tiltekið er í viðauka B

discharge from a ship of oil or of an oily mixture into waters outside the territorial waters of that territory shall not be less than the penalties which may be imposed under the law of that territory in respect of the unlawful discharge of oil or of an oily mixture from a ship into such territorial waters.

Article VII

As from a date twelve months after the present Convention comes into force in respect of any of the territories of a Contracting Government all ships registered in that territory shall be required to be so fitted as to prevent the escape of fuel oil or heavy diesel oil into bilges the contents of which are discharged into the sea without being passed through an oily-waterseparator.

Article VIII

As from a date three years after the present Convention comes into force in respect of any of the territories of a Contracting Government, that Government shall ensure the provision in each main port in that territory of facilities adequate for the reception, without causing undue delay to ships, of such residues from oily ballast water and tank washings as would remain for disposal by ships, other than tankers, using the port, if the water had been seperated by the use of an oily-water separator, a settling tank or otherwise. Each Contracting Government shall from time to time determine which ports are the main ports in its territories for the purposes of this Article, and shall notify the Bureau in writing accordingly indicating whether adequate reception facilities have been installed.

Article IX

(1) There shall be carried in every ship to which the Convention applies an oil record book (whether as part of the ship's official log-book or otherwise) in the form specified in Annex B to the present

við samþykkt þessa. Tilheyrandi innfærslur skulu skráðar í þá bók og hver blaðsíða bókarinnar, þar með taldar allar skýrslur samkvæmt greinarlið (2), 4. gr., skulu undirskrifaðar af yfirmanni eða yfirmönnum þeim, er umsjá hafa með framkvæmdum þeim, sem um er að ræða og einnig af skipstjóranum. Hinar skráðu innfærslur í olíufærslubókina skulu vera á ríkismáli þess lands, þar sem skipið er skráð, eða á ensku eða frönsku.

(2) Réttbærum yfirvöldum hvers þeirra landa, er heyra undir aðildarríkisstjórn að samþykktinni er frjálst að athuga um borð í hverju slíku skipi, meðan það er í höfn þessa lands, olíufærslubók þá, sem skylt er að hafa í skipinu samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar, og þeim er einnig frjálst að skylda skipstjórann til þess að staðfesta, að afritið sé rétt afrit af slíkri innfærslu. Sérhvert afrit, er þannig er frá gengið, og sem af má ráða, að það hafi verið staðfest af skipstjóra, sem rétt afrit af innfærslu í olíufærslubók skipsins, skal taka til greina, þegar lagt er fram í sérhverjum réttarhöldum til sönnunar þeirra staðreynda, sem getur í færslunni. Sérhver ráðstöfun, sem gerð er af hálfu réttbærra yfirvalda samkvæmt þessum greinarlið, skal framkvæmd eins greiðlega og unnt er og eigi skal tefja skipið.

Convention. The appropriate entries shall be made in that book, and each page of the book, including any statement under paragraph (2) of Article IV, shall be signed by the officer or officers in charge of the operations concerned and by the master of the ship. The written entries in the oil record book shall be in an official language of the territory in which the ship is registered, or in English or French.

(2) The competent authorities of any of the territories of a Contracting Government may inspect on board any such ship while within a port in that territory the oil record book required to be carried in the ship in compliance with the provisions of the Convention, and may make a true copy of any entry in that book and may require the master of the ship to certify that the copy is a true copy of such entry. Any copy so made which purports to have been certified by the master of the ship as a true copy of an entry in the ship's oil record book shall be made admissible in any judicial proceedings as evidence of the facts stated in the entry. Any action by the competent authorities under this paragraph shall be taken as expeditiuosly as possible and the ship shall not be delayed.

10. gr.

(1) Sérhverri aðildarríkisstjórn að samþykktinni er frjálst að veita ríkisstjórn þess lands, enda sé hún einnig aðili, þar sem skip er skráð, skriflegar upplýsingar, er tilgreina sannanir fyrir því, að eitthvert ákvæði samþykktarinnar hafi verið brotið hvað það skip snertir, hvar sem brot það, sem kært er út af, kann að hafa átt sér stað. Ef tök eru á, skulu réttbær yfirvöld fyrrnefndrar ríkisstjórnar tilkynna skipstjóra viðkomandi skips um brot það, sem kært er út af.

(2) Síðarnefnd ríkisstjórn skal, jafnskjótt og slíkar upplýsingar berast henni, taka málið til rannsóknar og er henni frjálst að æskja þess af fyrrnefndri ríkisstjórn, að hún veiti frekari og nánari upplýsingar um brot það, sem út af er kært.

Article X

(1) Any Contracting Government may furnish to the Contracting Government in the territory of which a ship is registered particulars in writing of evidence that any provision of the Convention has been contravened in respect of that ship, wheresoever the alleged contravention may have taken place. If it is practicable to do so, the competent authorities of the former Government shall notify the master of the ship of the alleged contravention.

(2) Upon receiving such particulars the latter Government shall investigate the matter, and may request the former Government to furnish further or better particulars of the alleged contravention. If the Government in the territory of

Ef ríkisstjórn þess lands, þar sem skipið er skráð, er þess fullviss, að nægar sannanir séu fyrir hendi í því formi, sem lög krefjast, til þess að hægt sé að höfða mál á eiganda skipsins eða skipstjóra þess vegna brots þess, sem út af er kært, skal hún hlutast til um, að málið sé höfðað hið fyrsta að unnt er, og hún skal tilkynna hinni ríkisstjórninni og skrifstofunni um úrslit málsins.

which the ship is registered is satisfied that sufficient evidence is available in the form required by law to enable proceedings against the owner or master of the ship to be taken in respect of the alleged contravention, it shall cause such proceedings to be taken as soon as possible, and shall inform the other Contracting Government and the Bureau of the result of such proceedings.

11. gr.

Eigi skal túlka neitt í þessari samþykkt á þá lund, að það skerði vald neinnar ríkisstjórnar, sem er aðili að henni til þess að gera ráðstafanir innan lögsagnarumdæmis hennar vegna hvers þess máls, er samþykkt þessi á við um, né á þá lund, að með því sé víkkað lögsagnarumdæmi neinnar ríkisstjórnar, sem er aðili að samþykktinni.

Article XI.

Nothing in the present Convention shall be construed as derogating from the powers of any Contracting Government to take measures within its jurisdiction in respect of any matter to which the Convention relates or as extending the jurisdiction of any Contracting Government.

12. gr.

Hver aðildarríkisstjórn að samþykkt þessari skal senda skrifstofunni og viðkomandi ráði Sameinuðu þjóðanna

Article XII

Each Contracting Government shall send to the Bureau and to the appropriate organ of the United Nations:—

(a) texta þeirra laga, tilskipana, fyrirmæla og reglugerða, sem í gildi eru í landi, sem heyrir undir hana og sem miða að því að framkvæma ákvæði samþykktar þessarar,

(a) the text of laws, decrees, orders and regulations in force in its territories which give effect to the present Convention;

(2) allar opinberar skýrslur eða ágrip af opinberum skýrslum að svo miklu leyti, sem þær sýna árangur af framkvæmd ákvæða samþykktarinnar, þó ávallt með þeim fyrirvara, að slíkar skýrslur eða ágrip séu ekki þess eðlis, að um trúnaðarmál sé að ræða að áliti þeirrar ríkisstjórnar.

(b) all official reports or summaries of official reports in so far as they show the results of the application of the provisions of the Convention, provided always that such reports or summaries are not, in the opinion of that Government, of a confidential nature.

13. gr.

Öllum deilum milli aðildarríkisstjórna að samþykktinni varðandi túlkun eða framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar, og sem eigi er kleift að jafna með samkomulagi, skal eftir beiðni annars hvors aðila vísað til Alþjóðadómstólsins til úrskurðar, nema deiluaðilar verði ásáttir um að vísa deilunni til úrskurðar gerðardóms.

Artcile XIII

Any dispute between Contracting Governments relating to the interpretation or application of the present Convention which cannot be settled by negotiation shall be referred at the request of either party to the International Court of Justice for decision unless the parties in dispute agree to submit it to arbitration.

14. gr.

(1) Samþykkt þessi skal vera til undirskriftar um þriggja mánaða skeið frá deginum í dag, og eftir það skal hún bíða fullnaðarsamþykkta.

(2) Ríkisstjórnir geta gerzt aðilar að samþykktinni með

(1) undirskrift án fyrirvara um fullnaðarsamþykkt,

(2) undirskrift með fyrirvara um fullnaðarsamþykkt,

(3) fullnaðarsamþykkt.

(3) Fullnaðarsamþykkt skal framkvæmd með því að afhenda skjal þar um skrifstofunni, sem skal tilkynna öllum ríkisstjórnum, er þegar hafa undirskrifað eða gengið að samþykkt þessari, hverja undirskrift og afhendingu skjals um samþykkt svo og dagsetningu slíkrar fullnaðarsamþykktar eða slíkrar afhendingar.

15. gr.

(1) Samþykkt þessi skal ganga í gildi tólf mánuðum frá þeim degi, er ekki færri en tíu ríkisstjórnir hafa gerzt aðilar að henni, þar á meðal fimm ríkisstjórnir landa, er eiga eigi minna en 500 000 brúttó-rúmlestir olíuflutningaskipa.

(2) — (a) Að því er hverja þá stjórn snertir, sem undirskrifar samþykkt þessa án fyrirvara um fullnaðarsamþykkt eða gengur að samþykktinni fyrir þann dag, er hún gengur í gildi samkvæmt greinarlið (1) þessarar greinar, skal hún ganga í gildi þann dag. Að því er hverja þá ríkisstjórn snertir, er gengur að samþykkt þessari þann dag eða síðar, skal hún ganga í gildi þremur mánuðum frá því, er viðkomandi ríkisstjórn afhenti skjal um samþykki.

(b) Skrifstofan skal svo fljótt sem unnt er tilkynna öllum ríkisstjórnum, sem hafa undirskrifað eða gerzt aðilar að samþykktinni, hvern dag hún gengur í gildi.

16. gr.

(1) Ef þess er beiðst af einhverri aðildarríkisstjórn að samþykktinni, skal skrifstofan tilkynna öllum ríkisstjórnum,

Article XIV

(1) The present Convention shall remain open for signature for three months from this day's date and shall thereafter remain open for acceptance.

(2) Governments may become parties to the Convention by—

(i) signature without reservation as to acceptance;

(ii) signature subject to acceptance followed by acceptance; or

(iii) acceptance.

(3) Acceptance shall be effected by the deposit of an instrument of acceptance with the Bureau, which shall inform all Governments that have already signed or accepted the Convention of each signature and deposit of an acceptance and of the date of such signature or deposit.

Article XV

(1) The present Convention shall come into force twelve months after the date on which not less than ten Governments have become parties to the Convention, including five Governments of countries each with not less than 500.000 gross tons of tanker tonnage.

(2)—(a) For each Government which signs the Convention without reservation as to acceptance or accepts the Convention before the date on which the Convention comes into force in accordance with paragraph (1) of this Article it shall come into force on that date. For each Government which accepts the Convention on or after that date, it shall come into force three months after the date of the deposit of that Government's acceptance.

(b) The Bureau shall, as soon as possible, inform all Governments which have signed or accepted the Convention of the date on which it will come into force.

Article XVI

(1) Upon the request of any Contracting Government a proposed amendment of the present Convention shall be com-

sem eru aðilar að henni, um breytingartillögur við samþykkt þessa.

(2) Sérhver breyting, er aðildarríkisstjórnum að samþykktinni hefur verið tilkynnt um til þess að þær taki hana til athugunar samkvæmt greinarlið (1) þessarar greinar, skal álítast hafa verið samþykkt af hálfu allra ríkisstjórna, er aðilar eru, og skal hún ganga í gildi að liðnum sex mánuðum frá því, að hún hefur verið þannig tilkynnt, nema einhver ríkisstjórn, sem er aðili, hafi lýst því yfir, eigi skemur en tveimur mánuðum áður en sá tími rennur út, að hún samþykki eigi breytinguna.

(3) — (a) Þegar þess er beiðst af einum þriðja ríkisstjórna þeirra, er aðilar eru að samþykktinni, skal skrifstofan kveðja til ráðstefnu aðildarríkisstjórna til þess að athuga breytingar á samþykktinni, sem einhver þeirra hefur lagt til að gerðar verði.

(b) Skrifstofan skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum um hverja breytingu, sem samþykkt er á slíkri ráðstefnu af hálfu aðildarríkisstjórna með tveimur þriðju atkvæða mættra fulltrúa, til þess að þær staðfesti hana með samþykki sínu.

(4) Sérhver breyting, er aðildarríkisstjórnum að samþykktinni hefur verið tilkynnt um, til þess að þær veiti henni fullnaðarsamþykkt samkvæmt greinarlið (3) þessarar greinar, skal ganga í gildi að því er varðar allar aðildarríkisstjórnir, nema þær lýsi því yfir áður en hún gengur í gildi, að þær samþykki eigi breytinguna, tólf mánuðum eftir þann dag, er breytingin var samþykkt af hálfu tveggja þriðju þeirra ríkisstjórna, sem eru aðilar að samþykkt þessari.

(5) Sérhverja yfirlýsingu samkvæmt þessari grein skal gefa með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, sem skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum um móttöku yfirlýsingarinnar.

(6) Skrifstofan skal tilkynna öllum ríkisstjórnum, sem undirskrifað hafa og aðilar eru að samþykktinni, sérhverjar breytingar, er ganga í gildi samkvæmt þessari grein og einnig dag þann, er slíkar breytingar ganga í gildi.

municated by the Bureau to all Contracting Governments for consideration.

(2) Any amendment communicated to Contracting Governments for consideration under paragraph (1) of this Article shall be deemed to have been accepted by all Contracting Governments and shall come into force on the expiration of a period of six monhts after it has been so communicated, unless any one of the Contracting Governments shall have made a declaration not less than two months before the expiration of that period that it does not accept the amendment.

(3)—(a) A conference of Contracting Governments to consider amendments of the Convention proposed by any Contracting Government shall be convened by the Bureau upon the request of one-third of the Contracting Governments.

(b) Every amendment adopted by such a conference by a two-thirds majority vote of the Contracting Governments represented shall be communicated by the Bureau to all Contracting Governments for their acceptance.

(4) Any amendment communicated to Contracting Governments for their acceptance under paragraph (3) of this Article shall come into force for all Contracting Governments, except those which before it comes into force make a declaration that they do not accept the amendment, twelve months after the date on which the amendment is accepted by two-thirds of the Contracting Governments.

(5) Any declaration under this Article shall be made by a notification in writing to the Bureau which shall notify all Contracting Governments of the receipt of the declaration.

(6) The Bureau shall inform all signatory and Contracting Governments of any amendments which come into force under this Article, together with the date on which such amendments shall come into force.

17. gr.

(1) Samþykkt þessari má segja upp af hálfu sérhverrar aðildarríkisstjórnar, hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi, er samþykktin gengur í gildi fyrir viðkomandi ríkisstjórn.

(2) Uppsögn skal fara fram með skriflegri tilkynningu stílaðri til skrifstofunnar, sem skal tilkynna hverja uppsögn og einnig móttökudag öllum ríkisstjórnum, sem aðilar eru að samþykktinni.

(3) Uppsögn skal ganga í gildi tólf mánuðum eftir, að hún berst skrifstofunni, eða eftir slíkan tíma lengri, sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni.

18. gr.

(1) — (a) Sérhverri ríkisstjórn er frjálst, við undirskrift eða fullnaðarsamþykkt þessarar samþykktar, eða hvenær sem er síðar að lýsa yfir með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, að samþykktin skuli ná til þeirra landa, sem hún er ábyrg fyrir um milliríkjaviðskipti.

(b) Samþykktin skal frá og með þeim degi, er tekið var á móti tilkynningunni eða frá slíkum degi öðrum, sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni, ná til landa þeirra, sem þar getur.

(2) — (a) Sérhverri aðildarríkisstjórn að samþykktinni, er hefur gefið yfirlýsingu samkvæmt greinarlið (1) þessarar greinar, er frjálst að senda skrifstofunni skriflega tilkynningu, hvenær sem er að liðnu fimm ára tímabili frá þeim degi, er samþykktin hefur verið látin ná til einhvers lands, þar sem því er lýst yfir, að samþykktin skuli eigi lengur ná til einhvers þess lands, sem nefnt er í tilkynningunni.

(b) Samþykktin skal eigi lengur ná til hvers þess lands, er nefnt er í slíkri tilkynningu, er liðnir eru tólf mánuðir, eða slíkur tími lengri, sem tiltekinn kann að vera þar, frá þeim degi, er skrifstofunni barst tilkynningin.

(3) Skrifstofan skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum að samþykktinni, ef samþykktin hefur verið látin ná til ein-

Article XVII

(1) The present Convention may be denounced by any Contracting Government at any time after the expiration of a period of five years from the date on which the Convention comes into force for that Government.

(2) Denunciation shall be effected by a notification in writing addressed to the Bureau, which shall notify all the Contracting Governments of any denunciation received and of the date of its receipt.

(3) A denunciation shall take effect twelve months, or such longer period as may be specified in the notification, after its receipt by the Bureau.

Article XVIII

(1) — (a) Any Government may, at the time of signature or acceptance of the present Convention, or at any time thereafter, declare by notification in writing given to the Bureau that the Convention shall extend to any of the territories for whose international relations it is responsible.

(b) The Convention shall, from the date of the receipt of the notification, or from such other date as may be specified in the notification, extend to the territories named therein.

(2)—(a) Any Contracting Government which has made a declaration under paragraph (1) of this Article may, at any time after the expiration of a period of five years from the date on which the Convention has been so extended to any territory, give notification in writing to the Bureau, declaring that the Convention shall cease to extend to any such territory named in the notification.

(b) The Convention shall cease to extend to any territory mentioned in such notification twelve months, or such longer period as may be specified therein, after the date of receipt of the notification by the Bureau.

(3) The Bureau shall inform all Contracting Governments of the extension of the Convention to any territories under

hverra landa samkvæmt (1) greinarlið þessarar greinar, og um afturköllun slíkrar ráðstöfunar samkvæmt greinarlið (2) þessarar greinar og hún skal í hverju tilfelli tilgreina, frá hvaða degi samþykktin hafi verið látin ná til fleiri landa eða slík tilskipun hættir að hafa gildi.

paragraph (1) of this Article, and of the termination of any such extension under paragraph (2) of this Article, stating in each case the date from which the Convention has been, or will cease to be, so extended.

19. gr.

(1) Brjótist út stríð eða annar ófriður, sem aðildarríkisstjórn telur snerta sig sem þátttakanda eða hlutlausan aðila, getur hún frestað framkvæmd þessarar samþykktar að öllu eða nokkru leyti fyrir allt umráðasvæði sitt eða hluta af því. Ríkisstjórn, sem þannig hefur frestað framkvæmd á samþykktinni, skal þegar tilkynna það skrifstofunni.

(2) Ríkisstjórn, sem frestað hefur framkvæmd samþykktarinnar, má hvenær sem er aflétta frestuninni og aldrei skal slík frestun standa lengur en réttlætanlegt er samkv. 1. greinarlið þessarar greinar. Skal skrifstofunni tilkynnt þegar í stað, er slíkri frestun er aflétt.

(3) Skrifstofan skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum um allar frestanir á framkvæmd samþykktarinnar, sem um ræðir í þessari grein, svo og þegar framkvæmd er tekin upp að nýju.

Article XIX

(1) In case of war or other hostilities, a Contracting Government which considers that it is affected, whether as a belligerant or as a neutral, may suspend the operation of the whole or any part of the present Convention in respect of all or any of its territories. The suspending Government shall immediately give notice of any such suspension to the Bureau.

(2) The suspending Government may at any time terminate such suspension and shall in any event terminate it as soon as it ceases to be justified under paragraph (1) of this Article. Notice of such termination shall be given immediately to the Bureau by the Government concerned.

(3) The Bureau shall notify all Contracting Governments of any suspension or termination of suspension under this Article.

20. gr.

Um leið og samþykkt þessi gengur í gildi, skal skrifstofan láta skrásetja hana hjá aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Article XX

As soon as the present Convention comes into force it shall be registered by the Bureau with the Secretary-General of the United Nations.

21. gr.

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretland og Norður-Írland skal annast alla starfsemi skrifstofunnar, nema og þar til sett verður á fót alþjóðasiglingamálastofnun, sem tekur við störfum þeim, sem henni voru falin samkvæmt samþykkt undirskrifaðri í Genf 6. marz 1948, og upp frá því skal áðurnefnd stofnun annast störf skrifstofunnar.

Article XXI

The duties of the Bureau shall be carried out by the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland unless and until the Inter-Governmental Maritime Consultative Organisation comes into being and takes over the duties assigned to it under the Convention signed at Geneva on the 6th day of March, 1948, and thereafter the duties of the Bureau shall be carried out by the said Organisation.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir með fullu umboði undirskrifað samþykkt þessa.

Gjört í London 12. maí 1954 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafn gildir, í einu eintaki, sem skal fá í vörzlur skrifstofunni, og skal skrifstofan senda staðfest afrit af því til allra ríkisstjórna, er undirskrifað hafa og aðilar eru að samþykkt þessari.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries have signed the present Convention.

Done in London this twelfth day of May, 1954, in English and French, both texts being equally authoritative, in a single copy, which shall be deposited with the Bureau and of which the Bureau shall transmit certified copies to all signatory and Contracting Governments.

5. júní. Nr. 5.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamþykkt (Parísarsamþykkt) um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Samkvæmt heimild í lögum samþykktum á Alþingi 15. desember 1961 hefur aðildarskjal Íslands að Parísarsamþykktinni, um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, verið afhent svissnesku sambandsstjórninni. Gekk samningurinn í gildi, að því er Ísland varðar, hinn 5. maí 1962.

Samningurinn birtist sem fylgiskjal með ofangreindum lögum (Stj.tíð. A 102/1961).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. júní 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

5. júní. Nr. 6.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samningi um breytingar á Norðurlandasamningi frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

Samkvæmt heimild í lögum, samþykktum á Alþingi hinn 31. marz 1962, hefur staðfestingarskjal Íslands að samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um breytingar á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, verið afhent danska utanríkisráðuneytinu. Samningurinn gengur í gildi hinn 1. júlí 1962.

Samningurinn birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, en Norðurlandasamningurinn frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, var birtur í Stjórnartíðindum A 72 1956, og prentaður sem fylgiskjal með lögum nr. 53/1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. júní 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem gerðu með sér samning um félagslegt öryggi 15. september 1955, eru ásáttar um að 4. gr. í nefndum samningi skuli breytt eins og segir hér á eftir:

4. grein.

Ríkisborgarar hvers samningsríkis eiga rétt á ellilífeyri ásamt viðbótargreiðslum í öðru samningsríki með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum og borgarar þess ríkis, enda hafi sá, er hlut á að máli, dvalið í síðar nefnda ríkinu samfleytt a. m. k. 5 síðustu árin, áður en umsókn um ellilífeyri er lögð fram.

Ef hlutaðeigandi maður fær greiðslur þær, sem um ræðir í 2. og 3. grein, í dvalarlandinu, flyzt hann án tillits til dvalartíma yfir á ellilífeyri eftir sömu reglum og ríkisborgarar dvalarlandsins.

Nú nýtur ríkisborgari einhvers samningsríkjanna ellilífeyris ásamt viðbótargreiðslum samkvæmt lögum þess ríkis, og skal hann þá halda þeim rétti, er hann flytur til annars samningsríkis, þar til hann uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru um lífeyrisaldur og dvalartíma til þess að öðlast rétt til lífeyris frá dvalarlandinu. Flytji hlutaðeigandi maður til heimalands síns, glatar hann þó réttinum til lífeyris í síðasta lagi, þegar hann nær ellilífeyrisaldri, sem gildir í heimalandi hans.

Samning þenna skal fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum, svo fljótt sem unnt er, komið til varðveizlu í danska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst að liðnum tveim almanaksmánuðum frá þeim degi, er fullgildingarskjöl allra landanna hafa verið afhent til varðveizlu. Hann er óskiptur

OVERENSKOMST

mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om ændring af konventionen mellem samme stater af 15. september 1955 om social tryghed.

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige, som den 15. september 1955 har indgået en konvention om social tryghed, er blevet enige om, at artikel 4 i den nævnte konvention skal affattes som angivet nedenfor:

Artikel 4

Statsborgere fra et af de kontraherende lande er i et andet af landene på samme betingelser og efter samme regler som landets egne statsborgere berettiget til folkepension med tillægsydelser, såfremt pågældende har opholdt sig i sidstnævnte land uafbrudt i mindst 5 år, umiddelbart før begæring om folkepension fremsættes.

Oppebærer pågældende fra opholdslandet de i artiklerne 2 og 3 nævnte ydelser, overgår han uden hensyn til opholdstid til folkepension efter samme regler som opholdslandets egne statsborgere.

Oppebærer en statsborger fra et af de kontraherende lande folkepension efter lovgivningen i et sådant land, bevarer han retten hertil ved flytning til et andet af landene, indtil han opfylder de vilkår, som gælder vedrørende pensionsalder og opholdstid for at opnå ret til pension i opholdslandet. Flytter pågældende til sit hjemland, mister han dog retten senest, når han opnår den i hjemlandet gældende pensionsalder.

Denne overenskomst skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne skal snarest muligt deponeres i det danske udenrigsministerium.

Overenskomsten træder i kraft den første dag i den måned, som indtræder to fulde kalendermåneder efter den dag, da samtlige landes ratifikationsinstrumenter er blevet deponeret. Den udgør

hluti samningsins frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, og er því ekki hægt að segja honum upp sér í lagi.

Samningurinn skal varðveittur í skjalasafni danska utanríkisráðuneytisins, og skal það láta ríkisstjórnum allra hinna landanna í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

Gert í Pallastunturi í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 13. september 1961.

en integrerende del af konventionen af 15. sepember 1955 om social tryghed og kan derfor ikke opsiges særskilt.

Overenskomsten skal deponeres i det danske udenrigsministeriums arkiv, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende landes regeringer.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtigede undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i Pallastunturi i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, således at der på svensk er udfærdiget to tekster, en for Finland og en for Sverige, den 13. september 1961.

14. ágúst. Nr. 7.

AUGLÝSING

um gildistöku samstarfssamnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Samkvæmt heimild í þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi hinn 11. apríl 1962, hefur staðfestingarskjal Íslands að samstarfssamningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Helsingfors hinn 23. marz 1962, verið afhent finnsku ríkisstjórninni hinn 29. júní 1962.

Samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gekk í gildi milli aðildarríkjanna hinn 1. júlí 1962.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. ágúst 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SAMSTARFSSAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem efla vilja enn betur hin nánu menningartengsl Norðurlandaþjóðanna og samstöðu þeirra í skoðunum á réttar- og þjóðfélagsmálum og auka enn samstarfið milli Norðurlanda;

sem keppa vilja að sameiginlegum reglum á Norðurlöndum í svo mörgum greinum sem unnt er;

sem koma vilja fram hagkvæmri verkaskiptingu milli landanna á öllum sviðum, þar sem skilyrði eru til þess;

sem halda vilja áfram samstarfi þessara landa, sem þeim er mikilvægt, í Norðurlandaráði og öðrum samstarfsstofnunum;
hafa orðið sammála um eftirfarandi ákvæði.

Inngangsákvæði.

1. gr.

Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn betur samstarfið milli landanna í réttar-, menningar-, félags- og efnahagsmálum, svo og um samgöngur.

Réttarsamstarf.

2. gr.

Samningsaðilar skulu halda áfram að vinna að því, að ríkisborgarar Norðurlanda, sem dveljast á Norðurlöndum utan heimalands síns, njóti svo sem framast er unnt sömu réttarstöðu og ríkisborgarar dvalarlandsins.

3. gr.

Samningsaðilar skulu leitast við að auðvelda ríkisborgurum Norðurlanda að hljóta ríkisfang í einhverju hinna landanna.

4. gr.

Samningsaðilar skulu halda áfram löggjafarsamstarfi í því skyni að ná sem mestu samræmi á sviði einkamálaréttar.

5. gr.

Samningsaðilum ber að leitast við að samræma reglur um afbrot og lögfylgjur þeirra.
Hafi afbrot verið framið í einhverju Norðurlandanna, ber að keppa að því, að rannsókn, málshöfðun og dómur geti einnig farið fram, svo sem framast er unnt, í einhverju hinna.

6. gr.

Samningsaðilar skulu leitast við að ná samræmi sín á milli um aðra löggjöf en nú hefur verið nefnd á þeim sviðum, þar sem hagkvæmt þykir.

7. gr.

Sérhverjum samningsaðila ber að vinna að því, að settar verði reglur um, að úrskurðir dómstóls eða annars yfirvalds í einhverju Norðurlandanna geti einnig hlotið fullnustu á umráðasvæði hans.

Samstarf í menningarmálum.

8. gr.

Í sérhverju Norðurlandanna skal fræðsla og menntun í skólunum, eftir því sem við á, taka til kennslu í tungumálum og um menningu og almennt þjóðfélagsástand hinna Norðurlandaþjóðanna.

9. gr.

Sérhverjum samningsaðila ber að halda við og auka möguleika fyrir námsmenn, sem heima eiga í öðru Norðurlanda, til að stunda nám og þreyta próf við fræðslustofnanir hans. Skal þá, svo sem framast er unnt, leyft að taka gilt próf í hluta námsgreinar í einu landanna við lokapróf í einhverju hinna.
Nemandi ætti að geta fengið styrk frá landi sínu án tillits til þess, í hvaða landi námið er stundað.

10. gr.

Samningsaðilum ber að samræma þá fræðslu, sem veitt er af opinberri hálfu og miðar að því að veita heimild til að stunda ákveðna atvinnu.

2. Framhaldsflutningur um landssvæði sérhvers samningsaðila skal vera frjáls um þær leiðir, sem hentugastar eru fyrir flutninga landa á milli, fyrir vöru í framhaldsflutningi til eða frá landssvæðum annarra samningsaðila. Engin aðgreining skal gerð vegna skrásetningarlands skips, upprunalands, brottfararstaðar, staðar þess, þar sem komið var inn eða farið út úr landi, lokaákvörðunarstaðar eða vegna neins þess, sem snertir eignarrétt yfir vörum, skipum eða öðrum flutningatækjum.

3. Sérhver samningsaðili getur krafizt þess, að vörur í framhaldsflutningi um landssvæði hans séu settar inn í viðurkennda tollstöð. Ekki skal að nauðsynjalausu tefja eða hefta slíkan flutning, sem kemur frá eða fer til landssvæðis annarra samningsaðila, nema því aðeins, að um sé að ræða það, að gildandi tollalöggjöf eða reglugerðum hafi ekki verið hlýtt, og skal flutningurinn undanþeginn tollum og öllum framhaldsflutningssköttum og öðrum álögum vegna framhaldsflutnings nema flutningsgjöldum og gjöldum, sem svara til kostnaðar hins opinbera eða vegna þjónustu, sem veitt er.

4. Öll gjöld, sem á eru lögð, og allar reglugerðir, sem settar eru af samningsaðilum, um framhaldsflutning til eða frá landssvæði annarra samningsaðila skulu vera sanngjörn og taka tillit til flutningsaðstæðna.

5. Sérhver samningsaðili skal veita framhaldsflutningi til eða frá landssvæði

Article V

Freedom of Transit.

1. Goods (including baggage), and also vessels and other means of transport, shall be deemed to be in transit across the territory of a contracting party when the passage across such territory, with or without trans-shipment, warehousing, breaking bulk, or change in the mode of transport, is only a portion of a complete journey beginning and terminating beyond the frontier of the contracting party across whose territory the traffic passes. Traffic of this nature is termed in this Article „traffic in transit".

2. There shall be freedom of transit through the territory of each contracting party, via the routes most convenient for international transit, for traffic in transit to or from the territory of other contracting parties. No distinction shall be made which is based on the flag of vessels, the place of origin, departure, entry, exit or destination, or on any circumstances relating to the ownership of goods, of vessels or of other means of transport.

3. Any contracting party may require that traffic in transit through its territory be entered at the proper custom house, but, except in cases of failure to comply with applicable customs laws and regulations, such traffic coming from or going to the territory of other contracting parties shall not be subject to any unnecessary delays or restrictions and shall be exempt from customs duties and from all transit duties or other charges imposed in respect of transit, except charges for transportation or those commensurate with administrative expenses entailed by transit or with the cost of services rendered.

4. All charges and regulations imposed by contracting parties on traffic in transit to or from the territories of other contracting parties shall be reasonable, having regard to the conditions of the traffic.

5. With respect to all charges, regulations and formalities in connection

annarra samningsaðila kjör, sem ekki eru lakari en þau, sem veitt eru framhaldsflutningi til eða frá öðrum löndum, að því er varðar öll gjöld, reglugerðir eða fyrirmæli í sambandi við framhaldsflutning.

6. Sérhver samningsaðili skal veita vörum, sem hafa verið í framhaldsflutningi yfir landssvæði annars samningsaðila, kjör, sem ekki eru lakari en þau, sem þessar vörur hefðu fengið, hefðu þær verið fluttar frá upprunastað til ákvörðunarstaðar, án þess að fara yfir landssvæði annars samningsaðila. Samningsaðilum er engu síður frjálst að viðhalda þeim reglugerðum um beinar vörusendingar, sem í gildi voru á þeim degi, er samningur þessi var gerður og sem taka til vara, þar sem slík bein sending er forsenda þess, að veittir séu sérréttindatollar, eða er atriði í útreikningsaðferð tolls, sem samningsaðili hefur ákveðið.

7. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til notkunar flugvéla í framhaldsferð, en taka til framhaldsflutnings vöru (þar með talinn farangur) loftleiðis.

with transit, each contracting party shall accord to traffic in transit to or from the territory of any other contracting party treatment no less favourable than the treatment accorded to traffic in transit to or from any third country.

6. Each contracting party shall accord to products which have been in transit through the territory of any other contracting party treatment no less favourable than that which would have been accorded to such products had they been transported from their place of origin to their destination without going through the territory of such other contracting party. Any contracting party shall, however, be free to maintain its requirements of direct consignment existing on the date of this Agreement, in respect of any goods in regard to which such direct consignment is a requisite condition of eligibility for entry of the goods at preferential rates of duty or has relation to the contracting party's prescribed method of valuation for duty purposes.

7. The provisions of this Article shall not apply to the operation of aircraft in transit, but shall apply to air transit of goods (including baggage).

6. gr.
Undirboðs- og jöfnunartollar.

1. Samningsaðilar viðurkenna, að undirboð vöru beri að fordæma, ef það orsakar tjón eða stofnar í hættu rótgrónum atvinnurekstri hjá samningsaðila eða torveldar að mun stofnun innlends atvinnureksturs. Með undirboði er átt við það, að vara eins lands sé boðin fram í öðru landi við lægra en venjulegu verði. Vegna ákvæða þessarar greinar er talið, að vara sé boðin fram í innflutningslandi á verði, sem er lægra en venjulegt verð, þegar verð vörunnar fluttrar út frá einu landi til annars

a) er lægra en sambærilegt verð í almennum viðskiptum á tilsvarandi vöru, sem ætluð er til notkunar í útflutningslandinu, eða

Article VI
Anti-dumping and Countervailing Duties.

1. The contracting parties recognize that dumping, by which products of one country are introduced into the commerce of another country at less than the normal value of the products, is to be condemned if it causes or threatens material injury to an established industry in the territory of a contracting party or materially retards the establishment of a domestic industry. For the purposes of this Article, a product is to be considered as being introduced into the commerce of an importing country at less than its normal value, if the price of the product exported from one country to another

a) is less than the comparable price, in the ordinary course of trade, for the like product when destined for consumption in the exporting country, or,

b) ef slíkt verð á innlenda markaðinum er ekki fyrir hendi, þá lægra en annaðhvort

i) hæsta sambærilegt útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers lands í almennum viðskiptum eða

ii) framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Í slíkum tilvikum skal taka tillit til mismunandi söluskilmála og skilyrða, mismunandi skatta og annars aðstöðumunar, sem áhrif hefur á sambærileik verðs.

2. Til að upphefja eða hindra undirboð getur samningsaðili lagt á hverja þá vöru, sem boðin er fram með undirboðskjörum, undirboðstoll, sem ekki er hærri en svarar undirboðinu á viðkomandi vöru. Vegna ákvæða þessarar greinar skal umfang undirboðsins ákvarðast sem verðmismunurinn samkvæmt ákvæðum 1. málsgr.

3. Enginn jöfnunartollur skal lagður á framleiðslu landssvæðis samningsaðila, þegar hún er flutt inn til landssvæðis annars samningsaðila, er nemi hærri upphæð en áætlaðar greiðslur eða uppbætur, sem staðfest hefur verið að greitt hafi verið beint eða óbeint við framleiðslu, vinnslu eða útflutning slíkrar vöru í upprunalandinu eða við útflutning. Hér með teljast sérstakir styrkir vegna flutnings ákveðinnar vöru. Með „jöfnunartolli" er átt við sérstakan toll, sem lagður er á í þeim tilgangi að upphefja hverja þá greiðslu eða uppbætur, sem veittar eru, beint eða óbeint, við framleiðslu, vinnslu eða útflutning hvaða vöru sem er.

4. Á engar vörur framleiddar á landssvæði samningsaðila og fluttar inn til landssvæðis annars samningsaðila, skal leggja undirboðs- eða jöfnunartolla, vegna þess að varan hafi verið undanþegin álögum eða sköttum, sem lagðir eru á tilsvarandi vöru, þegar hún er ætluð til notkunar í uppruna- eða útflutningslandinu, eða vegna þess að slíkar álögur eða skattar hafa verið endurgreiddir.

5. Á engar vörur framleiddar á landssvæði samningsaðila, sem fluttar eru inn

b) in the absence of such domestic price, is less than either

i) the highest comparable price for the like product for export to any third country in the ordinary course of trade, or

ii) the cost of production of the product in the country of origin plus a reasonable addition for selling cost and profit.

Due allowance shall be made in each case for differences in conditions and terms of sale, for differences in taxation, and for other differences affecting price comparability.

2. In order to offset or prevent dumping, a contracting party may levy on any dumped product an anti-dumping duty not greater in amount than the margin of dumping in respect of such product. For the purposes of this Article, the margin of dumping is the price difference determined in accordance with the provisions of paragraph 1.

3. No countervailing duty shall be levied on any product of the territory of any contracting party imported into the territory of another contracting party in excess of an amount equal to the estimated bounty or subsidy determined to have been granted, directly or indirectly, on the manufacture, production or export of such product in the country of origin or exportation, including any special subsidy to the transportation of a particular product. The term „countervailing duty" shall be understood to mean a special duty levied for the purpose of offsetting any bounty or subsidy bestowed, directly or indirectly, upon the manufacture, production or export of any merchandise.

4. No product of the territory of any contracting party imported into the territory of any other contracting party shall be subject to anti-dumping or countervailing duty by reason of the exemption of such product from duties or taxes borne by the like product when destined for consumption in the country of origin or exportation, or by reason of the refund of such duties or taxes.

5. No product of the territory of any contracting party imported into the terri-

til landssvæðis annars samningsaðila, skal leggja bæði undirboðs- og jöfnunartolla til að vega á móti einu og því sama ástandi, sem skapast við undirboð eða vegna útflutningsbóta.

6. a) Enginn samningsaðili skal leggja undirboðs- eða jöfnunartoll á innflutning vöru frá öðrum samningsaðila, nema komizt sé að raun um, að áhrif undirboðsins eða bótanna séu slík, að þau orsaki tjón á eða stofni verulega í hættu rótgrónum atvinnurekstri eða torveldi að mun stofnun innlends atvinnureksturs.

b) Samningsaðilarnir geta gert undanþágur frá ákvæðum a-liðs þessarar málsgr., til þess að gera samningsaðila kleift að leggja undirboðs- eða jöfnunartoll á innflutta vöru í þeim tilgangi að upphefja undirboð eða uppbætur, sem orsaka tjón á eða stofna í verulega hættu atvinnurekstri á landssvæði annars samningsaðila, sem flytur út viðkomandi vöru til landssvæðis þess samningsaðila, sem er innflutningslandið. Samningsaðilarnir skulu gera undanþágu frá a-lið þessarar málsgr., þannig að leyft sé að leggja á jöfnunartoll, þegar þeir komast að raun um, að uppbætur orsaka tjón á eða stofna í verulega hættu atvinnurekstri hjá öðrum samningsaðila, sem flytur út viðkomandi vöru til þess samningsaðila, sem er innflutningslandið.

c) Í sérstökum tilvikum, þar sem frestun gæti orsakað tjón, sem torvelt yrði að bæta, má samningsaðili leggja á jöfnunartoll í þeim tilgangi, sem getur í b-lið þessarar málsgr., án fyrirfram samþykkis Samningsaðila. Þetta er þó háð því skilyrði, að Samningsaðilum séu tafarlaust tilkynntar slíkar aðgerðir og jöfnunartollurinn sé þegar afnuminn, ef Samningsaðilar veita ekki samþykki sitt.

7. Ekki skal litið svo á, að aðgerðir til jöfnunarverðlags á innlenda markaðinum eða jöfnunar brúttótekna framleiðenda hráefnis, en aðgerðir þessar

tory of any other contracting party shall be subject to both antidumping and countervailing duties to compensate for the same situation of dumping or export subsidization.

6. a) No contracting party shall levy any anti-dumping or countervailing duty on the importation of any product of the territory of another contracting party unless it determines that the effect of the dumping or subsidization, as the case may be, is such as to cause or threaten material injury to an established domestic industry, or is such as to retard materially the establishment of a domestic industry.

b) The CONTRACTING PARTIES may waive the requirement of sub-paragraph a) of this paragraph so as to permit a contracting party to levy an anti-dumping or countervailing duty on the importation of any product for the purpose of offsetting dumping or subsidization which causes or threatens material injury to an industry in the territory of another contracting party exporting the product concerned to the territory of the importing contracting party. The CONTRACTING PARTIES shall waive the requirements of sub-paragraph a) of this paragraph, so as to permit the levying of a countervailing duty, in cases in which they find that a subsidy is causing or threatening material injury to an industry in the territory of another contracting party exporting the product concerned to the territory of the importing contracting party.

c) In exceptional circumstances, however, where delay might cause damage which would be difficult to repair, a contracting party may levy a countervailing duty for the purpose referred to in sub-paragraph b) of this paragraph without the prior approval of the CONTRACTING PARTIES; Provided that such action shall be reported immediately to the CONTRACTING PARTIES and that the countervailing duty shall be withdrawn promptly if the CONTRACTING PARTIES disapprove.

7. A system for the stabilization of the domestic price or of the return to domestic producers of a primary commodity, independently of the movements of ex-

eru óháðar breytingum útflutningsverðs og leiða stundum til þess að vara er seld til útflutnings við lægra verði en sambærileg vara til kaupenda á innlenda markaðinum, hafi í för með sér verulega hættu samkvæmt skilningi 6. málsgr., ef komizt er að þeirri niðurstöðu, eftir að samráð hefur verið haft við þá samningsaðila, sem helzt hafa hagsmuna að gæta, að:

a) aðgerðirnar hafi leitt til þess, að vara var seld til útflutnings á hærra verði en sambærilegt verð er á vörunni til kaupenda á innlenda markaðinum og

b) aðgerðunum var þannig hagað, að útflutningur var ekki aukinn óhóflega eða hagsmunir annarra samningsaðila ekki á annan hátt alvarlega skaðaðir, vegna raunverulegra takmarkana á framleiðslu eða af öðrum sökum.

port prices, which results at times in the sale of the commodity for export at a price lower than the comparable price charged for the like commodity to buyers in the domestic market, shall be presumed not to result in material injury within the meaning of paragraph 6 if it is determined by consultation among the contracting parties substantially interested in the commodity concerned that:

a) the system has also resulted in the sale of the commodity for export at a price higher than the comparable price charged for the like commodity to buyers in the domestic market, and

b) the system is so operated, either because of the effective regulation of production, or otherwise, as not to stimulate exports unduly or otherwise seriously prejudice the interests of the contracting parties.

7. gr.
Tollverð vara.

1. Samningsaðilar viðurkenna gildi þeirra almennu reglna um tollverð, sem settar eru fram í eftirfarandi málsgreinum þessarar greinar, og gangast undir að leggja þau ákvæði til grundvallar fyrir allar vörur, sem við innflutning eða útflutning eru háðar tollum eða öðrum álögum eða hömlum, sem grundvallast á, eða á einhvern hátt ákvarðast af verðmæti. Þegar annar samningsaðili æskir þess, skulu þeir enn fremur rannsaka framkvæmd hverra þeirra laga eða reglugerða, sem snerta tollverð vara, með tilliti til þessara reglna. Samningsaðilar geta óskað eftir skýrslum frá samningsaðilum um aðgerðir, sem þeir hafa tekið vegna ákvæða þessarar greinar.

2. a) Tollverð innfluttra vara skal grundvallast á raunverulegu verði þeirrar innfluttu vöru, sem tollurinn er lagður á, eða á verði svipaðrar vöru, og skal ekki grundvallast á verði samsvarandi innlendrar framleiðslu eða á tilbúnu verði.

b) „Raunverulegt verð“ skal vera það verð, sem gildir við venjulegar viðskipta-

Article VII
Valuation for Customs Purposes.

1. The contracting parties recognize the validity of the general principles of valuation set forth in the following paragraphs of this Article, and they undertake to give effect to such principles, in respect of all products subject to duties or other charges or restrictions on importation and exportation based upon or regulated in any manner by value. Moreover, they shall, upon a request by another contracting party review the operation of any of their laws or regulations relating to value for customs purposes in the light of these principles. The CONTRACTING PARTIES may request from contracting parties reports on steps taken by them in pursuance of the provisions of this Article.

2. a) The value for customs purposes of imported merchandise should be based on the actual value of the imported merchandise on which duty is assessed, or of like merchandise, and should not be based on the value of merchandise of national origin or on arbitrary or fictious values.

b) „Actual value“ should be the price at which, at a time and place determined

aðstæður, þegar hin sama eða samsvarandi vara er seld eða boðin til sölu í fullri samkeppni á tíma og stað, sem ákveðinn er samkvæmt lögum innflutningslandsins. Að svo miklu leyti, sem verð slíkrar eða samsvarandi vöru er háð magni því, sem selt er, skal verð það, sem til grundvallar er lagt, reiknast á sama hátt annaðhvort með tilliti til i) sambærilegs magns, eða ii) magns, sem ekki er óhagstæðara innflytjendum en meirihluti þess viðskiptamagns í viðkomandi vöru, sem seld er frá útflutningslandinu og til innflutningslandsins.

c) Þegar raunverulegt verðmæti verður ekki fundið með tilliti til b-liðs þessarar málsgreinar, skal tollverð vara fundið sem það ígildi, er næst gengur slíku verðmæti.

3. Tollverð innfluttrar vöru skal ekki ná til neins innlends skatts, sem lagður er á í uppruna- eða útflutningslandinu og hin innflutta vara hefur verið undanþegin eða mun verða undanþegin með endurgreiðslu.

4. a) Þegar nauðsynlegt er fyrir samningsaðila vegna 2. málsgr. þessarar greinar að umreikna í eigin gjaldmiðil verð, sem gefið er í gjaldmiðli annars lands, skal, nema öðruvísi sé ákveðið í þessari málsgrein, það gengi notað fyrir hverja mynt, sem er skráð gengi samkvæmt Stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eða það gengi, sem er viðurkennt af sjóðnum, eða það skráða gengi, sem er sett í samræmi við sérstakt gjaldeyrissamkomulag samkvæmt 15. gr. þessa samkomulags.

b) Þegar um ekkert slíkt skráð gengi eða viðurkennt gengi er að ræða, skal gengi til umreiknings samsvara því gildi, sem er á gjaldmiðlinum í viðskiptum.

c) Í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn skulu Samningsaðilar setja reglur um umreikning samningsaðila á erlendri mynt, sem hefur mörg gengi, í samræmi við Stofnskrá Alþjóðagjaldeyris-

by the legislation of the country of importation, such or like merchandise is sold or offered for sale in the ordinary course of trade under fully competitive conditions. To the extent to which the price of such or like merchandise is governed by the quantity in a particular transaction, the price to be considered should uniformly be related to either i) comparable quantities, or ii) quantities not less favourable to importers than those in which the greater volume of the merchandise is sold in the trade between the countries of exportation and importation.

c) When the actual value is not ascertainable in accordance with sub-paragraph b) of this paragraph, the value for customs purposes should be based on the nearest ascertainable equivalent of such value.

3. The value for customs purposes of any imported product should not include the amount of any internal tax, applicable within the country of origin or export, from which the imported product has been exempted or has been or will be relieved by means of refund.

4. a) Except as otherwise provided for in this paragraph, where it is necessary for the purposes of paragraph 2 of this Article for a contracting party to convert into its own currency a price expressed in the currency of another country, the conversion rate of exchange to be used shall be based, for each currency involved, on the par value as established pursuant to the Articles of Agreement of the International Monetary Fund or on the rate of exchange recognized by the Fund, or on the par value established in accordance with a special exchange agreement entered into pursuant to Article XV of this Agreement.

b) Where no such established par value and no such recognized rate of exchange exist, the conversion rate shall reflect effectively the current value of such currency in commercial transactions.

c) The CONTRACTING PARTIES in agreement with the International Monetary Fund, shall formulate rules governing the conversion by contracting parties of any foreign currency in respect of

sjóðsins. Að því er snertir framkvæmd 2. málsgr. þessarar greinar, getur sérhver samningsaðili beitt slíkum reglum við slíkar erlendar myntir í staðinn fyrir að nota skráð gengi. Þar til slíkar reglur eru settar af Samningsaðilum, geta þeir notað umreikningsreglur vegna slíkra erlendra mynta með tilliti til ákvæða 2. málsgr. þessarar greinar, sem eru samdar með það fyrir augum að sýna raunverulegt gildi slíkra erlendra mynta í viðskiptum.

d) Ekkert ákvæða þessarar málsgreinar skal túlkað á þann hátt, að samningsaðilum sé skylt að breyta þeim umreikningsreglum, sem notaðar eru við tollafgreiðslu, þegar þessi samningur var gerður, ef slík breyting hefði í för með sér aukningu á tolli, sem greiða þarf.

5. Grundvallarreglur þær og aðferðir, sem beitt er við ákvörðun verðmætis vara, sem á eru lagðir tollar eða aðrar álögur eða hömlur hvers konar með tilliti til verðmætis, skulu vera fastar og skulu vera nægilega vel auglýstar til þess, að þeir, sem viðskipti stunda, geti áætlað tollverðmæti með nokkurri vissu.

which multiple rates of exchange are maintained consistently with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund. Any contracting party may apply such rules in respect of such foreign currencies for the purposes of paragraph 2 of this Article as an alternative to the use of par values. Until such rules are adopted by the CONTRACTING PARTIES, any contracting party may employ, in respect of any such foreign currency, rules of conversion for the purposes of paragraph 2 of this Article which are designed to reflect effectively the value of such foreign currency in commercial transactions.

d) Nothing in this paragraph shall be construed to require any contracting party to alter the method of converting currencies for customs purposes which is applicable in its territory on the date of this Agreement, if such alteration would have the effect of increasing generally the amounts of duty payable.

5. The bases and methods for determining the value of products subjects to duties or other charges or restrictions based upon or regulated in any manner by value should be stable and should be given sufficient publicity to enable traders to estimate, with a reasonable degree of certainty, the value for customs purposes.

8. gr.
Gjöld og fyrirmæli í sambandi við innflutning og útflutning.

1. a) Öll gjöld og álögur, hvers kyns sem eru (önnur en innflutnings- og útflutningstollar og aðrar álögur en þær, sem koma undir 3. grein) sem samningsaðilar leggja á innflutning eða útflutning eða í sambandi við slíkt, skulu takmarkast við upphæð samsvarandi um það bil tilkostnaði við veitta þjónustu. Skulu slík gjöld og álögur hvorki hafa inni að halda óbeina vernd fyrir innlenda framleiðslu né skattlagningu á innflutning eða útflutning til fjáröflunar.

b) Samningsaðilar viðurkenna nauðsyn þess að takmarka fjölda og margbreytileik þeirra gjalda og álaga, sem til er vísað í a-lið.

Article VIII
Fees and Formalities connected with Importation and Exportation.

1. a) All fees and charges of whatever character (other than import and export duties and other than taxes within the purview of Article III) imposed by contracting parties on or in connection with importation or exportation shall be limited in amount to the approximate cost of services rendered and shall not represent an indirect protection to domestic product or a taxation of imports or exports for fiscal purposes.

b) The contracting parties recognize the need for reducing the number and diversity of fees and charges referred to in sub-paragraph a).

c) Samningsaðilar viðurkenna einnig nauðsyn þess að takmarka svo sem unnt er áhrif og fjölbreytileik fyrirmæla í sambandi við innflutning og útflutning og að dregið sé úr kröfum um skjöl, sem leggja beri fram við innflutning og útflutning, og þau gerð einfaldari.

2. Þegar annar samningsaðili eða Samningsaðilar æskja þess, skal samningsaðili taka til athugunar framkvæmd laga sinna og reglugerða með tilliti til ákvæða þessarar greinar.

3. Enginn samningsaðili skal leggja þungar refsingar við minni háttar brotum á tollreglugerðum eða fyrirmælum um tollafgreiðslu. Sér í lagi skal refsing vegna brottfalls eða mistaka við útfyllingu tollskjala, sem auðvelt er að lagfæra eða augljóslega var gerð án þess, að svik væru höfð í huga eða um gróflega vanrækslu væri að ræða, ekki vera meiri en svo, að hún veiti einungis aðvörun.

4. Ákvæði þessarar greinar ná til gjalda, álaga, fyrirmæla og reglugerða, sem lögð eru á eða framkvæmd af stjórnarvöldum í sambandi við innflutning eða útflutning, og eru þar meðtalin:

a) Gerningar ræðismanna, svo sem vörureikningar og skilríki staðfest af ræðismanni;
b) viðskiptahöft;
c) leyfisveiting;
d) gjaldeyriseftirlit;
e) talnaleg upplýsingasöfnun;
f) framlögð skilríki, útfylling eða staðfesting skilríkja;
g) athugun og eftirlit;
h) sóttkví, heilbrigðiseftirlit og sótthreinsun.

9. gr.
Upprunamerkingar.

1. Með tilliti til ákvarðana um upprunamerkingar skal hver samningsaðili veita framleiðslu frá landssvæði annarra samningsaðila kjör, sem ekki eru lakari en veitt eru tilsvarandi framleiðslu frá öðrum löndum.

2. Þegar samþykkt eru og framkvæmd lög og reglugerðir um upprunamerkingar, viðurkenna samningsaðilarnir, að dregið skuli svo sem auðið er úr erfiðleikum og óhagræði, sem slíkar ráðstaf-

c) The contracting parties also recognize the need for minimizing the incidence and complexity of import and export formalities and for decreasing and simplifying import and export documentation requirements.

2. A contracting party shall, upon request by another contracting party or by the CONTRACTING PARTIES, review the operation of its laws and regulations in the light of the provisions of this Article.

3. No contracting party shall impose substantial penalties for minor breaches of customs regulations or procedural requirements. In particular, no penalty in respect of any omission or mistake in customs documentation which is easily rectifiable and obviously made without fraudulent intent or gross negligence shall be greater than necessary to serve merely as a warning.

4. The provisions of this Article shall extent to fees, charges, formalities and requirements imposed by governmental authorities in connection with importation and exportation, including those relating to:

a) consular transaction, such as consular invoices and certificates;
b) quantitative restrictions;
c) licensing;
d) exchange control;
e) statistical services;
f) documents, documentation and certification;
g) analysis and inspection; and
h) quarantine, sanitation and fumigation.

Article IX
Marks of Origin.

1. Each contracting party shall accord to the products of the territories of other contracting parties treatment with regard to marking requirements no less favourable than the treatment accorded to like products of any third country.

2. The contracting parties recognize that, in adopting and enforcing laws and regulations relating to marks of origin, the difficulties and inconveniences which such measures may cause to the commerce

anir kunna að baka viðskiptum og iðnaði í útflutningslöndunum. Þó skal tekið fullt tillit til nauðsynjar þess, að neytendur séu verndaðir gegn sviksamlegum eða villandi merkingum.

3. Þegar það er framkvæmanlegt af skipulagslegum ástæðum, skulu samningsaðilar leyfa að upprunamerkingar, sem krafizt er, séu settar á við innflutning.

4. Lög og reglugerðir samningsaðila um merkingar innfluttra vara skulu vera slíkar, að hægt sé að fara eftir þeim, án þess að vörur séu alvarlega skemmdar, verðmæti þeirra rýrni verulega eða að kostnaðarverð þeirra aukist umfram það, sem sanngjarnt er.

5. Það skal vera almenn regla, að ekki sé lagður á neinn sérstakur tollur eða sekt af neinum samningsaðila vegna þess, að einhver hafi ekki farið eftir ákvæðum um merkingar, áður en vara var flutt inn, nema því aðeins að breytingar á merkingu hafi dregizt umfram það, sem sanngjarnt er, eða að villandi merkingar hafi verið settar, eða að merkingum, sem krafizt er, hafi af ráðnum hug verið sleppt.

6. Samningsaðilar skulu hafa samstarf um að koma í veg fyrir notkun vöruheita, sem villi um sannan uppruna vöru og að skaði sé gerður auðþekktum héraðs- eða landfræðilegum vöruheitum frá landssvæði samningsaðila, sem verndar þau með löggjöf sinni. Sérhver samningsaðili skal gefa fullan og velviljaðan gaum að þeim óskum og beiðnum, sem kunna að vera gerðar af öðrum samningsaðilum, varðandi framkvæmd kvaðarinnar í setningunni hér á undan um vöruheiti, enda hafi þeim verið tilkynnt hún af samningsaðilanum.

and industry of exporting countries should be reduced to a minimum, due regard being had to the necessity of protecting consumers against fraudulent or misleading indications.

3. Whenever it is administratively practicable to do so, contracting parties should permit required marks of origin to be affixed at the time of importation.

4. The laws and regulations of contracting parties relating to the marking of imported products shall be such as to permit compliance without seriously damaging the products, or materially reducing their value, or unreasonably increasing their cost.

5. As a general rule, no special duty or penalty should be imposed by any contracting party for failure to comply with marking requirements prior to importation unless corrective marking is unreasonably delayed or deceptive marks have been affixed or the required marking has been intentionally omitted.

6. The contracting parties shall cooperate with each other with a view to preventing the use of trade names in such manner as to misrepresent the true origin of a product, to the detriment of such distinctive regional or geographical names of products of the territory of a contracting party as are protected by its legislation. Each contracting party shall accord full and sympathetic consideration to such requests or representations as may be made any other contracting party regarding the application of the undertaking set forth in the preceding sentence to names of products which have been communicated to it by the other contracting party.

10. gr.
Birting viðskiptareglugerða og framkvæmd þeirra.

1. Lög, reglugerðir, dóms- og stjórnvaldsúrskurðir, er almennt gildi hafa og snerta tollflokkun eða ákvörðun tollverðmætis vöru, eða tolla, skatta og aðrar álögur eða skilyrði, höft eða bann við inn-

Article X
Publication and Administration of Trade Regulations.

1. Laws, regulations, judicial decisions and administrative rulings of general application, made effective by any contracting party, pertaining to the classification or the valuation of products for

flutningi eða útflutningi eða yfirfærslu á greiðslu í því sambandi eða er varðar sölu, dreifingu, flutning, vátryggingu, geymslu, skoðun, sýningu, vinnslu, blöndun eða aðra notkun, sem framkvæmd er af samningsaðila, skal þegar birt á þann hátt, að ríkisstjórnum og þeim, sem viðskipti stunda, sé gert kleift að kynnast þeim. Einnig skal birta samninga, sem snerta alþjóðlega viðskiptastefnu og eru í gildi milli ríkisstjórnar samningsaðila eða opinbers aðila þar og ríkisstjórnar annars samningsaðila eða opinbers aðila þar. Ákvæði þessarar málsgreinar leggja engum samningsaðila þær skyldur á herðar að kunngjöra upplýsingar, sem leynt eiga að fara, ef slíkt myndi hindra framkvæmd laga eða á annan hátt vera gagnstætt almennum hagsmunum eða myndi skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja í einkaeign eða opinberri eign.

2. Almennar aðgerðir, sem samningsaðili grípur til og fela í sér hækkun tolls eða annarra innflutningsgjalda samkvæmt viðurkenndri og fastmótaðri venju, eða almennar aðgerðir, sem fela í sér nýja eða þyngri fyrirmæli, höft eða bann við innflutningi eða yfirfærslu greiðslna í því sambandi, skal ekki framkvæma fyrr en viðkomandi aðgerðir hafa opinberlega verið kunngjörðar.

3. a) Sérhver samningsaðili skal framkvæma öll lög, reglugerðir, dómsniðurstöður og ákvarðanir, sem getið er í 1. málsgr. þessarar greinar, á jafnan, hlutlausan og sanngjarnan hátt.

b) Sérhver samningsaðili skal viðhalda eða koma á, svo fljótt sem auðið er, dómstólum, gerðardómum eða yfirvaldsdómstólum eða skipulagi málsmeðferðar með það meðal annars fyrir augum, að hægt sé að framkvæma skjóta endurskoðun og leiðréttingu á aðgerðum yfirvalds á sviði tollamála. Slíkir dómstólar eða skipulag málsmeðferðar skal vera óháð þeim stofnunum, sem falin er framkvæmd mála, og ákvarðanir þeirra skulu vera framkvæmdar af þessum stofnunum og ráða starfsemi þeirra nema því aðeins að áfrýjað sé af innflytjendum til hærra

customs purposes, or to rates of duty, taxes or other charges, or to requirements, restrictions or prohibitions, on imports or exports or on the transfer of payments therefore, or affecting their sale, distribution, transportation, insurance, warehousing, inspection, exhibition, processing, mixing or other use, shall be published promptly in such a manner as to enable governments and traders to become acquainted with them. Agreements affecting international trade policy which are in force between the government or a governmental agency of any contracting party and the government or governmental agency of any other contracting party shall also be published. The provisions of this paragraph shall not require any contracting party to disclose confidential information which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interest of particular enterprises, public or private.

2. No measure of general application taken by any contracting party effecting an advance in a rate of duty or other charge on imports under an established and uniform practice, or imposing a new or more burdensome requirement restriction or prohibition on imports, or on the transfer of payments therefore, shall be enforced before such measure has been officially published.

3. a) Each contracting party shall administer in a uniform, impartial and reasonable manner all its laws, regulations, decisions and rulings of the kind described in paragraph I of this Article.

b) Each contracting party shall maintain, or institute as soon as practicable, judicial, arbitral or administrative tribunals or procedures for the purpose, inter alia, of the prompt review and correction of administrative action relating to customs matters. Such tribunals or procedures shall be independent of the agencies entrusted with administrative enforcement and their decisions shall be implemented by, and shall govern the practice of, such agencies unless an appeal is lodged with a court or tribunal of superior jurisdiction within the time

dómstigs innan tilskilins áfrýjunarfrests. Þó skal æðri stjórn slíkrar stofnunar heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til frekari rannsókna mála, ef gild ástæða er til að ætla, að ákvörðun sé í ósamræmi við viðurkenndar grundvallarreglur laga eða staðreyndir.

c) Ákvæði b-liðs þessarar málsgreinar gera ekki að skyldu afnám eða breytingu á skipulagi málsmeðferðar á landssvæði samningsaðila, þegar þessi samningur var gerður, sem í raun tryggði hlutlausa rannsókn á aðgerðum yfirvalds, enda þótt slíkt skipulag málsmeðferðar væri ekki fyllilega og formlega óháð stofnunum, sem með framkvæmd mála fara. Skal sérhver samningsaðili, sem hefur slíkt skipulag málsmeðferðar, samkvæmt ósk láta Samningsaðilum í té allar upplýsingar því viðvíkjandi, svo að þeir geti ákveðið, hvort slíkt skipulag málsmeðferðar sé í samræmi við ákvæði þessa liðs málsgreinarinnar.

11. gr.

Almennt afnám viðskiptahafta.

1. Enginn samningsaðili skal viðhalda eða setja önnur bönn eða höft en tolla, skatta eða aðrar álögur, hvort heldur sem er með kvótum, inn- eða útflutningsleyfum eða með öðrum aðgerðum, á innflutning neinnar vöru frá landssvæði annars samningsaðila eða útflutning eða sölu til útflutnings neinnar vöru til landssvæðis annars samningsaðila.

2. Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar taka ekki til eftirfarandi:

a) Útflutningsbanna eða hafta, sem sett eru til bráðabirgða, til að koma í veg fyrir eða vinna gegn alvarlegum skorti matvæla eða annarra vara, sem nauðsynlegar eru þeim samningsaðila, sem er útflytjandi.

b) Inn- og útflutningsbanna eða -hafta, sem nauðsynleg eru til framkvæmda á reglum eða fyrirmælum viðvíkjandi flokkun, gæðaeftirliti eða sölu vara í alþjóðaviðskiptum.

prescribed for appeals to be lodged by importers; Provided that the central administration of such agency may take steps to obtain a review of the matter in another proceeding if there is good cause to believe that the decision is inconsistent with established principles of law or the actual facts.

c) The provisions of sub-paragraph b) of this paragraph shall not require the elimination or substitution of procedures in force in the territory of a contracting party on the date of this Agreement which in fact provide for an objective and impartial review of administrative action even though such procedures are not fully or formally independent of the agencies entrusted with administrative enforcement. Any contracting party employing such procedures shall, upon request, furnish the CONTRACTING PARTIES with full information thereon in order that they may determine whether such procedures conform to the requirements of this sub-paragraph.

Article XI

General Elimination of Quantitative Restrictions.

1. No prohibitions or restrictions other than duties, taxes or other charges, whether made effective through quotas, import or export licenses or other measures, shall be instituted or maintained by any contracting party on the importation of any product of the territory of any other contracting party or on the exportation or sale for export of any product destined for the territory of any other contracting party.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not extend to the following:

a) Export prohibitions or restrictions temporarily applied to prevent or releave critical shortages of foodstuffs or other products essential to the exporting contracting party;

b) Import and export prohibitions or restrictions necessary to the application of standards or regulations for the classification, grading or marketing of commodities in international trade;

c) Innflutningshafta á landbúnaðar- eða sjávarafurðum, hvernig sem innfluttar eru, enda séu þau nauðsynleg til framkvæmdar opinberum aðgerðum, sem hafa það markmið:

i) að takmarka magn tilsvarandi innlendrar framleiðslu, sem leyft er að selja eða framleiða, eða ef ekki er um að ræða verulega innlenda framleiðslu á tilsvarandi vöru, þá á innlendri framleiðslu, sem hin innflutta vara getur beint komið í staðinn fyrir, eða

ii) að losna við tímabundna offramleiðslu á tilsvarandi innlendri framleiðslu, eða ef engin veruleg innlend framleiðsla er á tilsvarandi vöru, þá á innlendri framleiðslu, sem hin innflutta vara getur beint komið í staðinn fyrir, með því að offramleiðslan er fengin til ráðstöfunar ákveðnum hópum innlendra neytenda ókeypis eða við verði, sem er lægra en gildandi markaðsverð, eða

iii) að takmarka magn, sem leyft er að framleiða af vöru úr dýraríkinu, enda sé varan í framleiðslu að öllu eða mestu leyti háð hinni innfluttu vöru og innlend framleiðsla af þeirri vöru tiltölulega lítil.

Samningsaðili, sem leggur höft á innflutning einhverrar vöru samkvæmt ákvæðum c-liðs þessarar greinar, skal opinberlega kunngjöra heildarmagn eða verðmæti vörunnar, sem leyft er að flytja inn á ákveðnu tímabili í framtíðinni og breytingar, sem verða á slíku magni eða verðmæti. Höft, sem beitt er samkvæmt lið i) hér að ofan, skulu enn fremur ekki vera þannig, að þau dragi úr heildarinnflutningnum í hlutfalli við heildarframleiðsluna innanlands, í samanburði við það hlutfall, sem með sanngirni mátti búast við milli beggja, hefðu engin höft verið. Þegar hlutfall þetta er ákveðið, skal samningsaðili taka viðeigandi tillit til hlutfallsins, svo sem það var á liðnu tilsvarandi tímabili, og hverra þeirra séraðstæðna, sem kunna að hafa haft áhrif eða hafa áhrif á viðskipti með viðkomandi vöru.

c) Import restrictions on any agricultural or fisheries product, imported in any form, necessary to the enforcement of governmental measures which operate:

i) to restrict the quantities of the like domestic product permitted to be marketed or produced, or, if there is no substantial domestic production of the like product, of a domestic product for which the imported product can be directly substituted; or

ii) to remove a temporary surplus of the like domestic product, or, if there is no substantial domestic production of the like product, of a domestic product for which the imported product can be directly substituted, by making the surplus available to certain groups of domestic consumers free of charge or at prices below the current market level; or

iii) to restrict the quantities permitted to be produced of any animal product the production of which is directly dependent, wholly or mainly, on the imported commodity, if the domestic production of that commodity is relatively negligible.

Any contracting party applying restrictions on the importation of any product pursuant to sub-paragraph c) of this paragraph shall give public notice of the total quantity or value of the product permitted to be imported during a specified future period and of any change in such quantity or value. Moreover, any restrictions applied under i) above shall not be such as will reduce the total of imports relative to the total of domestic production, as compared with the proportion which might reasonably be expected to rule between the two in the absence of restrictions. In determining this proportion, the contracting party shall pay due regard to the proportion prevailing during a previous representative period and to any special factors which may have affected or may be affecting the trade in the product concerned.

12. gr.

Höft til verndar greiðslujöfnuðinum.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 11. greinar getur samningsaðili sett takmarkanir við magni eða verðmæti vöru, sem leyft er að flytja inn, í þeim tilgangi að tryggja fjárhagsaðstöðuna út á við og greiðslujöfnuð sinn, samkvæmt ákvæðum eftirfarandi málsgreinar í þessari grein.

2. a) Innflutningshöft, sem sett eru, viðhaldið eða aukin af samningsaðila samkvæmt þessari grein, skulu ekki vera umfram það, sem nauðsynlegt er:

i) til að koma í veg fyrir yfirvofandi hættu á alvarlegu tapi gjaldeyrisforða, eða til þess að stöðva gjaldeyristap.

ii) til að ná viðunanlegri aukningu gjaldeyrisforða samningsaðila, ef sá forði er mjög lítill.

Í báðum tilvikum skal taka viðeigandi tillit til hverra þeirra séraðstæðna, sem áhrif hafa á gjaldeyrisforða samningsaðila eða nauðsyn hans á gjaldeyrisforða, þar með talin — þegar sérstök erlend lán og aðrir fjármunir eru fáanleg — nauðsyn þess að sjá um rétta notkun slíkra lána og fjármuna.

b) Samningsaðilar, sem beita höftum samkvæmt a-lið þessarar málsgreinar skulu jafnt og þétt létta þeim af eftir því, sem tilgreindar aðstæður batna, og aðeins viðhalda höftunum að svo miklu leyti, sem aðstæðurnar í a-lið réttlæta beitingu þeirra. Þeir skulu afnema höftin, þegar aðstæðurnar þykja ekki lengur réttlæta það, að þau væru sett eða viðhaldið samkvæmt a-liðnum.

3. a) Við framkvæmd stefnu sinnar í þjóðmálum gangast samningsaðilar undir það að taka sanngjarnt tillit til nauðsynjar þess að viðhalda eða koma á jafnvægi í greiðslujöfnuði sínum á heilbrigðum og traustum grundvelli, og það, að æskilegt sé að forðast óhagkvæma notkun framleiðsluþátta. Þeir viðurkenna, að til að þessum markmiðum verði náð, sé æskilegt að grípa, svo sem unnt er, til aðgerða, sem auka frekar en minnka alþjóðaviðskipti.

b) Samningsaðilar, sem beita höftum

Article XII

Restrictions to Safeguard the Balance of Payments.

1. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 of Article XI, any contracting party, in order to safeguard its external financial position and its balance of payments, may restrict the quantity or value of merchandise permitted to be imported, subject to the provisions of the following paragraphs of this Article.

2. a) Import restrictions instituted, maintained or intensified by a contracting party under this Article shall not exceed those necessary:

i) to forestall the imminent threat of, or to stop, a serious decline in its monetary reserves, or

ii) in the case of a contracting party with very low monetary reserves, to achieve a reasonable rate of increase in its reserves.

Due regard shall be paid in either case to any special factors which may be affecting the reserves of such contracting party or its need for reserves, including, where special external credits or other resources are available to it, the need to provide for the appropriate use of such credits or resources.

b) Contracting parties applying restrictions under sub-paragraph a) of this paragraph shall progressively relax them as such conditions improve, maintaining them only to the extent that the conditions specified in that sub-paragraph still justify their application. They shall eliminate the restrictions when conditions would no longer justify their institution or maintenance under that sub-paragraph.

3. a) Contracting parties undertake, in carrying out their domestic policies, to pay due regard to the need for maintaining or restoring equilibrium in their balance of payments on a sound and lasting basis and to the desirability of avoiding an uneconomic employment of productive resources. They recognize that in order to achieve these ends, it is desirable so far as possible to adapt measures which expand rather than contract international trade.

b) Contracting parties applying re-

samkvæmt þessari grein, geta ákveðið, að höftum við innflutning ýmissa vara eða vöruflokka sé beitt á þann hátt, að forgangsréttur til innflutnings sé veittur þeim vörum, sem nauðsynlegri eru.

c) Samningsaðilar, sem beita höftum samkvæmt þessari grein, skuldbinda sig til:

i) að forðast ónauðsynlegan skaða viðskiptalegra eða efnahagslegra hagsmuna annarra samningsaðila;

ii) að beita ekki höftum þannig, að takmarkaður sé á ósanngjarnan hátt innflutningur einhverrar ákveðinnar vörutegundar, þannig að ókleift sé að flytja hana inn í því lágmarks viðskiptamagni, sem þarf til að viðhalda ótrufluðum viðskiptaháttum; og

iii) að beita ekki höftum, sem myndu koma í veg fyrir innflutning vörusýnishorna eða koma í veg fyrir, að haldin séu ákvæði um einkaleyfi, vörumerki, útgáfurétt eða annað því um líkt.

d) Samningsaðilar viðurkenna, að samningsaðili geti orðið fyrir mikilli innflutningseftirspurn, vegna þeirrar stefnu í þjóðmálum að koma á og viðhalda fullri og hagkvæmri atvinnu eða að auka notkun auðlinda, og að í því felist slík hætta fyrir gjaldeyrisforðann, sem vísað er til í málsgr. 2 a) í þessari grein. Í samræmi við þetta skal samningsaðili, sem annars hefur fylgt ákvæðum þessarar greinar, ekki skyldur til að afnema eða breyta höftum, vegna þess að breyting stefnu í þessum efnum myndi gera óþörf þau höft, sem beitt er samkvæmt þessari grein.

4. a) Samningsaðili, sem setur ný viðskiptahöft eða eykur þau höft, sem fyrir eru, með því að herða verulega á aðgerðum, sem gripið hefur verið til, samkvæmt þessari grein, skal strax eftir að slík höft hafa verið sett eða aukin (eða, áður en það er gert, þegar hægt er að koma við samráði fyrir fram) eiga viðræður við Samningsaðila um eðli greiðsluvandamála sinna og þau önnur úrræði til umbóta, sem tiltæk eru, og um hugsanleg áhrif haftanna á efnahag annarra samningsaðila.

strictions under this Article may determine the incidence of the restrictions on imports of different products or classes of products in such a way as to give priority to the importation of those products which are more essential.

c) Contracting parties applying restrictions under this Article undertake:

i) to avoid unnecessary damage to the commercial or economic interests of any other contracting party;

ii) not to apply restrictions so as to prevent unreasonably the importation of any description of goods in minimum commercial quantities the exclusion of which would impair regular channels of trade; and

iii) not to apply restrictions which would prevent the importation of commercial samples or prevent compliance with patent, trade mark, copyright, or similar procedures.

d) The contracting parties recognize that, as a result of domestic policies directed towards the achievement and maintenance of full and productive employment or towards the development of economic resources, a contracting party may experience a high level of demand for imports involving a threat to its monetary reserves of the sort referred to in paragraph 2 a) of this Article. Accordingly, a contracting party otherwise complying with the provisions of this Article shall not be required to withdraw or modify restrictions on the ground that a change in those policies would render unnecessary restrictions which it is applying under this Article.

4. a) Any contracting party applying new restrictions or raising the general level of its existing restrictions by a substantial intensification of the measures applied under this Article shall immediately after instituting or intensifying such restrictions (or, in circumstances in which prior consultation is practicable, before doing so) consult with the CONTRACTING PARTIES as to the nature of its balance of payments difficulties, alternative corrective measures which may be available, and the possible effect of the restrictions on the economies of other contracting parties.

b) Á þeim degi, sem þeir ákveða, skulu Samningsaðilar gera athugun á öllum höftum, sem enn er beitt á þeim degi, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Frá og með einu ári frá þeim degi skulu samningsaðilar, sem innflutningshöftum beita samkvæmt þessari grein, hefja árlegar viðræður við Samningsaðila, á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í a-lið þessarar málsgreinar.

c. i) Ef viðræður samningsaðila samkvæmt a-lið eða b-lið hér að ofan leiða til þess, að Samningsaðilar komast að þeirri niðurstöðu, að höftin séu ekki í samræmi við ákvæði þessarar greinar eða við ákvæði 13. greinar (með tilliti til ákvæða 14. greinar), skulu þeir skýra frá hvers eðlis ósamræmið sé, og geta þeir gert tillögu um, á hvern hátt viðeigandi breytingar verði gerðar á höftunum.

ii) Ef Samningsaðilar ákveða samkvæmt niðurstöðu viðræðna, að höftum sé beitt á þann hátt, að þau brjóti alvarlega í bága við ákvæði þessarar greinar eða ákvæði 13. greinar (með tilliti til ákvæða 14. greinar) og að það valdi eða skapi hættu á viðskiptalegu tjóni fyrir samningsaðila, skulu þeir gefa samningsaðila þeim, sem höftum beitir, það til kynna og gefa viðeigandi ráð um á hvern hátt ákvæðunum skuli hlýtt innan ákveðins tíma. Ef sá samningsaðili hlýðir ekki ráðleggingunum innan ákveðins tíma, geta Samningsaðilar leyst hvern þann samningsaðila, sem hefur orðið fyrir óhagstæðum viðskiptalegum áhrifum vegna haftanna, frá þeim kvöðum, sem á honum hvíla samkvæmt þessum samningi, gagnvart þeim samningsaðila, sem höftunum beitir, eftir því sem þeir álíta að henti hverju sinni.

d) Að boði Samningsaðila skal samningsaðili, sem höftum beitir samkvæmt þessari grein, hefja viðræður við þá að ósk samningsaðila, sem sýnt getur fram á, að höftin séu í ósamræmi við ákvæði þessarar greinar eða ákvæði 13. greinar (með tilliti til ákvæða 14. greinar) og að viðskipti hafi af þeim sökum orðið fyrir óhagstæðum áhrifum. Ekkert

b) On a date to be determined by them, the CONTRACTING PARTIES shall review all restrictions still applied under this Article on that date. Beginning one year after that date, contracting parties applying import restrictions under this Article shall enter into consultations of the type provided for in sub-paragraph a) of this paragraph with the CONTRACTING PARTIES annually.

c) i) If, in the course of consultations with a contracting party under sub-paragraph a) or b) above, the CONTRACTING PARTIES find that the restrictions are not consistent with the provisions of this Article or with those of Article XIII (subject to the provisions of Article XIV), they shall indicate the nature of the inconsistency and may advise that the restrictions be suitably modified.

ii) If, however, as a result of the consultations, the CONTRACTING PARTIES determine that the restrictions are being applied in a manner involving an inconsistency of a serious nature with the provisions of this Article or with those of Article XIII (subject to the provisions of Article XIV) and that damage to the trade of any contracting party is caused or threatened thereby, they shall so inform the contracting party applying the restrictions and shall make appropriate recommendations for securing conformity with such provisions within a specified period of time. If such contracting party does not comply with these recommendations within the specified period, the CONTRACTING PARTIES may release any contracting party the trade of which is adversely affected by the restrictions from such obligations under this Agreement towards the contracting party applying the restrictions as they determine to be appropriate in the circumstances.

d) The CONTRACTING PARTIES shall invite any contracting party which is applying restrictions under this Article to enter into consultations with them at the request of any contracting party which can establish a prima facie case that the restrictions are inconsistent with the provisions of this Article or with those of Article XIII (subject to the pro-

slíkt boð skal gert nema því aðeins að Samningsaðilar hafi fullkannað, að beinar viðræður hlutaðeigandi samningsaðila hafi ekki borið árangur. Ef ekkert samkomulag næst eftir viðræður við Samningsaðila og þeir ákveða, að höftunum sé beitt í ósamræmi við slík ákvæði og að viðskiptalegt tjón fyrir þann samningsaðila, sem málið hóf, hlýzt af eða hætta er á því, skulu þeir mæla með því, að höftin séu felld niður eða þeim breytt. Ef höftin eru ekki felld niður eða þeim breytt innan þess tíma, sem Samningsaðilar kunna að ákveða, geta þeir leyst samningsaðila þann, sem málið hóf, frá slíkum kvöðum, samkvæmt samningi þessum, gagnvart samningsaðila þeim, sem höftunum beitir, eftir því, sem þeir álíta að henti hverju sinni.

e) Þegar til aðgerðar er gripið samkvæmt þessari málsgrein, skulu Samningsaðilar taka viðeigandi tillit til hverra þeirra ytri séraðstæðna, sem óhagstæð áhrif hafa á útflutningsverzlun samningsaðila, sem höftunum beitir.

f) Ákvarðanir samkvæmt þessari málsgrein skal taka skjótt og, ef mögulegt er, innan 60 daga frá því að viðræður hófust.

5. Sé um að ræða stöðuga og víðtæka notkun hafta samkvæmt þessari grein, sem gefur til kynna almennt misvægi, sem takmarki alþjóðaviðskipti, skulu Samningsaðilar hafa frumkvæði að viðræðum til að athuga til hverra annarra aðgerða megi grípa til að fjarlægja orsakir misvægisins, annaðhvort af þeim samningsaðilum, sem eiga í greiðsluerfiðleikum, eða af þeim, sem hafa óvenjulega hagstæðan greiðslujöfnuð, eða af alþjóðlegri stofnun, sem við á. Eftir boði Samningsaðila skulu samningsaðilar taka þátt í slíkum viðræðum.

visions of Article XIV) and that its trade is adversely affected thereby. However, no such invitation shall be issued unless the CONTRACTING PARTIES have ascertained that direct discussions between the contracting parties concerned have not been successful. If, as a result of the consultations with the CONTRACTING PARTIES, no agreement is reached and they determine that the restrictions are being applied inconsistently with such provisions, and that damage to the trade of the contracting party initiating the prodecure is caused or threatened thereby, they shall recommend the withdrawal or modification of the restrictions. If the restrictions are not withdrawn or modified within such time as the CONTRACTING PARTIES may prescribe, they may release the contracting party initiating the procedure from such obligations under this Agreement towards the contracting party applying the restrictions as they determine to be appropriate in the circumstances.

e) In proceeding under this paragraph, the CONTRACTING PARTIES shall have due regard to any special external factors adversely affecting the export trade of the contracting party applying restrictions.

f) Determinations under this paragraph shall be rendered expeditiously and, if possible, within sixty days of the consultations.

5. If there is a persistent and widespread application of import restrictions under this Article, indicating the existence of a general disequilibrium which is restricting international trade, the CONTRACTING PARTIES shall initiate discussions to consider whether other measures might be taken, either by those contracting parties the balances of payments of which are under pressure or by those the balances of payments of which are tending to be exceptionally favourable, or by any appropriate intergovernmental organization, to remove the underlying causes of the disequilibrium. On the invitation of the CONTRACTING PARTIES, contracting parties shall participate in such discussions.

13. gr.

Mismununarlaus framkvæmd viðskiptahafta.

1. Samningsaðili skal ekki beita banni eða höftum gegn innflutningi neinnar vöru frá landssvæði annars samningsaðila eða gegn útflutningi neinnar vöru til landssvæðis annars samningsaðila, nema innflutningur samsvarandi vöru frá öllum öðrum löndum eða útflutningur samsvarandi vöru til allra annarra landa sé bannaður eða háður höftum á samsvarandi hátt.

2. Þegar innflutningshöftum er beitt, hver sem varan er, skulu samningsaðilar stefna að þeirri skiptingu viðskipta með slíka vöru, sem nálgist svo sem framast er unnt þá hlutdeild, sem hinir ýmsu samningsaðilar hefðu átt að fá, hefðu engin slík höft verið, og skulu þeir í því augnamiði hlýða eftirfarandi ákvæðum:

a) Þegar það er gerlegt, skulu ákveðnir kvótar fyrir heildarupphæð þess innflutnings, sem leyfður er (hvort sem þeim er skipt niður á útflutningslönd eða ekki) og upphæð þeirra kunngjörð samkvæmt málsgr. 3. b) í þessari grein;

b) Þegar ekki reynist gerlegt að hafa kvóta, má framkvæma höftin með innflutningsleyfum eða heimildum án kvóta.

c) Samningsaðilar skulu ekki — nema til framkvæmda á kvótum, sem úthlutað er í samræmi við d-lið þessarar málsgreinar — krefjast þess, að innflutningsleyfi eða innflutningsheimildir verði bundnar við innflutning vöru frá ákveðnu landi eða af ákveðnum uppruna.

d) Þegar kvóta er skipt milli sölulanda, getur samningsaðili sá, sem höftum beitir, leitað samþykkis um skiptingu hluta kvótans milli allra þeirra samningsaðila, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta í sölu viðkomandi vöru. Þegar þessari aðferð verður ekki viðkomið með hægu móti, skal viðkomandi samningsaðili úthluta þeim samningsaðilum, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta í sölu vörunnar, kvótum, sem grundvallast á því hlutfalli, sem slíkir samningsaðilar seldu af heildarmagni eða verðmæti innflutnings á liðnu hæfilegu tímabili, þannig að viðun-

Article XIII

Non-discriminatory Administration of Quantitative Restrictions.

1. No prohibition or restriction shall be applied by any contracting party on the importation of any product of the territory of any other contracting party or on the exportation of any product destined for the territory of any other contracting party, unless the importation of the like product of all third countries or the exportation of the like product to all third countries is similarly prohibited or restricted.

2. In applying import restrictions to any product, contracting parties shall aim at a distribution of trade in such product approaching as closely as possible the shares which the various contracting parties might be expected to obtain in the absence of such restrictions, and to this end shall observe the following provisions:

a) Wherever practicable, quotas representing the total amount of permitted imports (whether allocated among supplying countries or not) shall be fixed, and notice given of their amount in accordance with paragraph 3 b) of this Article;

b) In cases in which quotas are not practicable, the restrictions may be applied by means of import licences or permits without a quota;

c) Contracting parties shall not, except for purposes of operating quotas allocated in accordance with sub-paragraph d) of this paragraph, require that import licences or permits be utilized for the importation of the product concerned from a particular country or source;

d) In cases in which a quota is allocated among supplying countries, the contracting party applying the restrictions may seek agreement with respect to the allocation of shares in the quota with all other contracting parties having a substantial interest in supplying the product concerned. In cases in which this method is not reasonably practicable, the contracting party concerned shall allot to contracting parties having a substantial interest in supplying the product shares based upon the proportions, supplied by such contracting parties during a pre-

andi tillit sé tekið til allra þeirra séraðstæðna, sem kunna að hafa eða hafa haft áhrif á viðskipti með vöruna. Engin skilyrði eða reglur skulu settar, sem hindra myndu samningsaðila frá því að nýta til fulls hluta þann af slíku heildarmagni eða verðmæti, sem honum hefur verið úthlutað, ef innflutningurinn fer fram innan þess ákveðna tímabils, sem kvótinn nær til.

3. a) Þegar innflutningsleyfi eru gefin út í sambandi við innflutningshöft, skal samningsaðili, sem höftum beitir, að beiðni samningsaðila, sem hagsmuna hefur að gæta vegna viðskipta með viðkomandi vörur, gefa allar upplýsingar, sem þörf er á, viðvíkjandi framkvæmd haftanna, innflutningsleyfum, sem gefin hafa verið út um ákveðið tímabil og skiptingu slíkra leyfa milli útflutningslanda. Engin kvöð skal þó á hvíla um að veita upplýsingar um nöfn fyrirtækja, sem flytja inn eða út.

b) Þegar samfara innflutningshöftum er ákvörðun um kvóta, skal samningsaðili, sem höftum beitir, kunngjöra opinberlega heildarmagn eða verðmæti þeirrar vöru eða vara, sem leyft verður að flytja inn um ákveðið ókomið tímabil, og um allar breytingar á slíku magni eða verðmæti. Þær vörusendingar af viðkomandi vöru, sem voru í flutningum, þegar opinberlega var um þær kunngjört, skal ekki útiloka. Þó skulu slíkar vörur, að svo miklu leyti sem kleift er, teknar með í magn það, sem leyft er að flytja inn á viðkomandi tímabili og einnig, þegar nauðsyn krefur, með í magni því, sem leyft er að flytja inn á næsta tímabili eða tímabilum. Ef samningsaðili venju samkvæmt undanþiggur frá slíkum höftum vörur, sem innfluttar hafa verið til neyzlu, eða teknar út úr vöruhúsi til neyzlu, 30 dögum eftir að opinberlega var um þær kunngjört, skulu einnig slíkar venjur skoðast í fullu samræmi við þennan lið málsgreinarinnar.

vious representative period, of the total quantity or value of imports of the product, due account being taken of any special factors which may have affected or may be affecting the trade in the product. No conditions or formalities shall be imposed which would prevent any contracting party from utilizing fully the share of any such total quantity or value which has been allotted to it, subject to importation being made within any prescribed period to which the quota may relate.

3. a) In cases in which import licences are issued in connection with import restrictions, the contracting party applying the restrictions shall provide, upon the request of any contracting party having an interest in the trade in the product concerned, all relevant information concerning the administration of the restrictions, the import licences granted over a recent period and the distribution of such licences among supplying countries; Provided that there shall be no obligation to supply information as to the names of importing or supplying enterprises.

b) In the case of import restrictions involving the fixing of quotas, the contracting party applying the restrictions shall give public notice of the total quantity or value of the product or products which will be permitted to be imported during a specified future period and of any change in such quantity or value. Any supplies of the product in question which were en route at the time at which public notice was given shall not be excluded from entry; Provided that they may be counted so far as practicable, against the quantity permitted to be imported in the period in question, and also where necessary, against the quantities permitted to be imported in the next following period or periods; and Provided further that if any contracting party customarily exempts from such restrictions products entered for consumption or withdrawn from warehouse for consumption during a period of thirty days after the day of such public notice, such practice shall be considered full compliance with this sub-paragraph.

c) Sé kvótum skipt milli útflutningslanda, skal samningsaðili, sem höftum beitir, þá þegar kunngjöra öðrum samningsaðilum, sem hagsmuna hafa að gæta við sölu viðkomandi vöru, um þá hlutdeild í kvóta, að magni eða verðmæti, sem er úthlutað hinum ýmsu útflutningslöndum, og kunngjöra það opinberlega.

4. Val eðlilegs tímabils fyrir hvaða vöru sem er, og mat á séraðstæðum, sem áhrif hafa á viðskipti með vöruna, skal, að því er varðar beitingu hafta í samræmi við málsgr. 2. d) í þessari grein og málsgr. 2. c) í 11. grein, framkvæmt af samningsaðila þeim, sem höftunum beitir. Samningsaðili skal þó, að beiðni annars samningsaðila, sem verulegra hagsmuna hefur að gæta við sölu vörunnar, eða að beiðni Samningsaðila, eiga þá þegar viðræður við hinn samningsaðilann eða Samningsaðila um nauðsyn breytingar á því hlutfalli, sem ákveðið hefur verið eða á viðmiðunartímabili, sem valið hefur verið, eða á endurmati séraðstæðna, sem ríkjandi eru, eða á afnámi skilyrða, reglugerða eða annarra ákvæða, sem sett hafa verið á einhliða grundvelli og snerta úthlutun á hæfilegum kvóta eða ótakmarkaða notkun hans.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu taka til hvaða tollkvóta, sem samningsaðili setur eða viðheldur, og ákvæði þessarar greinar skulu, að svo miklu leyti, sem við á, einnig ná til útflutningshafta.

14. gr.

Undantekningar frá reglunni um mismununarleysi.

1. Samningsaðili, sem beitir höftum samkvæmt 12. grein eða samkvæmt B-kafla 18. greinar, getur, við framkvæmd slíkra hafta, vikið frá ákvæðum 13. greinar á þann hátt, að jafngildi höftum á greiðslum og yfirfærslum vegna vöru og þjónustu í alþjóðlegum viðskiptum, sem samningsaðila er á þeim tíma heimilt að beita samkvæmt 8. eða 14. grein stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eða sam-

c) In the case of quotas allocated among supplying countries, the contracting party applying the restrictions shall promptly inform all other contracting parties having an interest in supplying the product concerned of the shares in the quota currently allocated, by quantity or value, to the various supplying countries and shall give public notice thereof.

4. With regard to restrictions applied in accordance with paragraph 2 d) of this Article or under paragraph 2 c) of Article XI, the selection of a representative period for any product and the appraisal of any special factors affecting the trade in the product shall be made initially by be contracting party applying the restriction; Provided that such contracting party shall, upon the request of any other contracting party having a substantial interest in supplying that product or upon the request of the CONTRACTING PARTIES, consult promptly with the other contracting party or the CONTRACTING PARTIES regarding the need for an adjustment of the proportion determined or of the base period selected, or for the reappraisal of the special factors involved, or for the elimination of conditions, formalities or any other provisions established unilaterally relating to the allocation of an adequate quota or its unrestricted utilization.

5. The provisions of this Article shall apply to any tariff quota instituted or maintained by any contracting party, and in so far as applicable, the principles of this Article shall also extend to export restrictions.

Article XIV

Exceptions to the Rule of Non-discrimination.

1. A contracting party which applies restrictions under Article XII or under Section B of Article XVIII may, in the application of such restrictions, deviate from the provisions of Article XIII in a manner having equivalent effect to restrictions on payments and transfers for current international transactions which that contracting party may at that time apply under Article VIII or XIV of the

kvæmt sambærilegum ákvæðum sérstaks greiðslusamnings, sem gerður hefur verið samkvæmt 6. málsgr. 15. greinar.

2. Samningsaðili, sem beitir innflutningshöftum samkvæmt 12. grein eða B-kafla 18. greinar, getur um stundarsakir, með samþykki Samningsaðila, vikið frá ákvæðum 13. greinar að því er varðar lítinn hluta utanríkisverzlunar sinnar, þegar hagræði það, sem af hlýzt fyrir samningsaðilann eða samningsaðilana, sem um ræðir, er verulega umfram það viðskiptalega tjón, sem af því kann að leiða fyrir aðra samningsaðila.

3. Ákvæði 13. greinar skulu ekki útiloka hóp landssvæða, sem hafa sameiginlegan kvóta í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frá því að beita höftum gegn innflutningi frá öðrum löndum, en ekki sín í milli, í samræmi við ákvæði 12. greinar eða B-kafla 18. greinar, en þó háð því skilyrði, að slík höft séu á allan annan hátt í samræmi við ákvæði 13. greinar.

4. Ákvæði greinar 11 til og með 15 og B-kafli 18. greinar þessa samnings skulu ekki útiloka samningsaðila, sem beitir innflutningshöftum samkvæmt 12. grein eða B-kafla 18. greinar, frá því að grípa til aðgerða til að beina útflutningi sínum á þann hátt, að auknar verði gjaldeyristekjur, sem hann getur notað, án þess að vikið sé frá ákvæðum 13. greinar.

5. Ákvæði greinar 11 til og með 15, svo og B-kafli 18. greinar þessa samnings skulu ekki hindra samningsaðila í að beita viðskiptahöftum:

a) sem að áhrifum jafngilda gjaldeyrishöftum, sem leyfð eru samkvæmt kafla 3 b) í 7. grein stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eða

b) sem gert er ráð fyrir í ívilnunarsamningum, sem getið er í viðauka A í þessum samningi, á meðan beðið er niðurstöðu samningaviðræðna þeirra, er þar er getið.

Articles of Agreement of the International Monetary Fund, or under analogous provisions of a special exchange agreement entered into pursuant to paragraph 6 of Article XV.

2. A contracting party which is applying import restrictions under Article XII or under Section B of Article XVIII may, with the consent of the CONTRACTING PARTIES, temporarily deviate from the provisions of Article XIII in respect of a small part of its external trade where the benefits to the contracting party or contracting parties concerned substantially outweigh any injury which may result to the trade of other contracting parties.

3. The provisions of Article XIII shall not preclude a group of territories having a common quota in the International Monetary Fund from applying against imports from other countries, but not among themselves, restrictions in accordance with the provisions of Article XII or of Section B of Article XVIII on condition that such restrictions are in all other respects consistent with the provisions of Article XIII.

4. A contracting party applying import restrictions under Article XII or under Section B of the Article XVIII shall not be precluded by Articles XI to XV or Section B of Article XVIII of this Agreement from applying measures to direct its exports in such a manner as to increase its earnings of currencies which it can use without deviation from the provisions of Article XIII.

5. A contracting party shall not be precluded by Articles XI to XV, inclusive, or by Section B of Article XVIII, of this Agreement from applying quantitative restrictions:

a) having equivalent effect to exchange restrictions authorized under Section 3 b) of Article VII of the Articles of Agreement of the International Monetary Fund, or

b) under the preferential arrangements provided for in Annex A of this Agreement, pending the outcome of the negotiations referred to therein.

15. gr.

Fyrirkomulag á gjaldeyrisviðskiptum.

1. Samningsaðilar skulu leita samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í því augnamiði, að Samningsaðilar og sjóðurinn geti samræmt stefnur sínar að því er varðar gjaldeyrismál innan lögsögu sjóðsins og að því er varðar vandamál varðandi viðskiptahöft og aðrar viðskiptalegar aðgerðir, sem eru innan lögsögu Samningsaðila.

2. Í hvert skipti, sem Samningsaðilum er falin athugun á vandamálum varðandi gjaldeyrisforða, greiðslujöfnuð og fyrirkomulag á gjaldeyrisviðskiptum, skulu þeir ræða ýtarlega við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í slíkum viðræðum skulu Samningsaðilar viðurkenna niðurstöður sjóðsins að því er varðar talnalegar upplýsingar og aðrar staðreyndir, sem lúta að erlendum gjaldeyri, gjaldeyrisforða og greiðslujöfnuði, og skulu viðurkenna ákvörðun sjóðsins um það, hvort aðgerðir samningsaðila í gjaldeyrismálum séu í samræmi við Stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða í samræmi við ákvæði sérstaks gjaldeyrissamnings milli þess samningsaðila og Samningsaðila. Þegar Samningsaðilar taka endanlega ákvörðun í málum, þar sem um er að ræða skilgreiningar þær, sem er að finna í málsgr. 2 a) í 12. grein eða 9. málsgr. 18. greinar, skulu þeir viðurkenna ákvörðun sjóðsins í því, hvað sé alvarleg rýrnun gjaldeyrisforða samningsaðila, hvað sé mjög lítill gjaldeyrisforði eða sanngjörn aukning gjaldeyrisforða, og einnig í fjármálalegum hliðum annarra mála, sem rædd eru í slíkum tilvikum.

3. Samningsaðilar skulu leita samþykkis Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, um hvern hátt hafa skuli á viðræðum samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar.

4. Samningsaðilar skulu ekki með gjaldeyrislegum aðgerðum hindra framgang þessa samnings eða hindra fram-

Article XV

Exchange Arrangements.

1. The CONTRACTING PARTIES shall seek co-operation with the International Monetary Fund to the end that the CONTRACTING PARTIES and the Fund may pursue a co-ordinated policy with regard to exchange questions within the jurisdiction of the Fund and questions of quantitative restrictions and other trade measures within the jurisdiction of the CONTRACTING PARTIES.

2. In all cases in which the CONTRACTING PARTIES are called upon to consider or deal with problems concerning monetary reserves, balances of payments or foreign exchange arrangements, they shall consult fully with the International Monetary Fund. In such consultations, the CONTRACTING PARTIES shall accept all findings of statistical and other facts presented by the Fund relating to foreign exchange, monetary reserves and balances of payments, and shall accept the determination of the Fund as to whether action by a contracting party in exchange matters is in accordance with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund, or with the terms of a special exchange agreement between that contracting party and the CONTRACTING PARTIES. The CONTRACTING PARTIES, in reaching their final decision in cases involving the criteria set forth in paragraph 2 a) of Article XII or in paragraph 9 of Article XVIII, shall accept the determination of the Fund as to what constitutes a serious decline in the contracting party's monetary reserves, a very low level of its monetary reserves or a reasonable rate of increase in its monetary reserves, and as to the financial aspects of other matters covered in consultation in such cases.

3. The CONTRACTING PARTIES shall seek agreement with the Fund regarding procedures for consultation under paragraph 2 of this Article.

4. Contracting parties shall not, by exchange action, frustrate the intent of the provisions of this Agreement, nor, by

gang Stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með viðskiptalegum aðgerðum.

5. Ef Samningsaðilar komast að þeirri niðurstöðu, að höftum sé beitt af samningsaðila á greiðslum og yfirfærslum vegna innflutnings á þann hátt, að í ósamræmi sé við undanþágur þessa samnings vegna viðskiptahafta, skulu þeir tilkynna Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

6. Sérhver samningsaðili, sem ekki er meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skal, innan tímatakmarka, sem ákveðin eru af Samningsaðilum eftir viðræður við sjóðinn, gerast aðili að sjóðnum eða að öðrum kosti gera sérstakan gjaldeyrissamning við Samningsaðila. Samningsaðili, sem hættir aðild að sjóðnum, skal þá þegar gera sérstakan gjaldeyrissamning við Samningsaðila. Sérhver sérstakur gjaldeyrissamningur, sem gerður er við samningsaðila samkvæmt þessari málsgrein, skal vera hluti skuldbindinga hans samkvæmt þessum samningi.

7. a) Sérstakur gjaldeyrissamningur, sem gerður er milli samningsaðila og Samningsaðila samkvæmt 6. málsgr. þessarar greinar, skal hafa að geyma ákvæði, sem Samningsaðilar álíta nauðsynleg, til þess að framkvæmd markmiða þessa samnings sé ekki torvelduð vegna aðgerða í gjaldeyrismálum af hálfu viðkomandi samningsaðila.

b) Ákvæði slíks samnings skulu ekki leggja samningsaðilanum á herðar þyngri skyldur í greiðslumálum en lagðar eru á herðar meðlima Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með stofnskrá hans.

8. Samningsaðili, sem ekki er meðlimur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, skal veita slíkar upplýsingar innan marka 5. kafla 7. greinar stofnskrár sjóðsins, sem Samningsaðilar kunna að krefjast til að fullnægja hlutverki sínu í samræmi við þennan samning.

9. Ekkert ákvæði samnings þessa skal koma í veg fyrir:

trade action, the intent of the provisions of the Articles of Agreement of the International Monetary Fund.

5. If the CONTRACTING PARTIES consider, at any time, that exchange restrictions on payments and transfers in connection with imports are being applied by a contracting party in a manner inconsistent with the exceptions provided for in this Agreement for quantitative restrictions, they shall report thereon to the Fund.

6. Any contracting party which is not a member of the Fund shall, within a time to be determined by the CONTRACTING PARTIES after consultation with the Fund, become a member of the Fund, or failing that, enter into a special exchange agreement with the CONTRACTING PARTIES. A contracting party which ceases to be a member of the Fund shall forthwith enter into a special exchange agreement with the CONTRACTING PARTIES. Any special exchange agreement entered into by a contracting party under this paragraph shall thereupon become part of its obligations under this Agreement.

7. a) A special exchange agreement between a contracting party and the CONTRACTING PARTIES under paragraph 6 of this Article shall provide to the satisfaction of the CONTRACTING PARTIES that the objectives of this Agreement will not be frustrated as a result of action in exchange matters by the contracting party in question.

b) The terms of any such agreement shall not impose obligations on the contracting party in exchange matters generally more restrictive than those imposed by the Articles of Agreement of the International Monetary Fund on members of the Fund.

8. A contracting party which is not a member of the Fund shall furnish such information within the general scope of section 5 of Article VIII of the Articles of Agreement of the International Monetary Fund as the CONTRACTING PARTIES may require in order to carry out their functions under this Agreement.

9. Nothing in this Agreement shall preclude:

a) að samningsaðili noti gjaldeyrishömlur eða höft í samræmi við ákvæði Stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða við ákvæði sérstaks gjaldeyrissamnings þess samningsaðila og Samningsaðila.

b) að samningsaðili noti hömlur eða höft á innflutningi eða útflutningi, sem aðeins hafi þau áhrif — utan þeirra áhrifa, sem leyfð eru samkvæmt greinum 11, 12, 13 og 14 — að gera virkar slíkar gjaldeyrishömlur eða -höft.

a) the use by a contracting party of exchange controls or exchange restrictions in accordance with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund or with that contracting party's special exchange agreement with the CONTRACTING PARTIES, or

b) the use by a contracting party of restrictions or controls on imports or exports, the sole effect of which, additional to the effects permitted under Articles XI, XII, XIII of XIV, is to make effective such exchange controls or exchange restrictions.

16. gr.

Styrkir.

Kafli A — Almennt um styrki.

1. Ef samningsaðili veitir eða viðheldur styrkjum, þar með talinn hvers kyns teknastuðningur eða verðlagsuppbót, sem beint eða óbeint eykur útflutning vöru frá, eða minnkar innflutning vöru til, landssvæðis hans, skal hann tilkynna Samningsaðilum skriflega um stærð og eðli styrksins, um áætluð áhrif styrksins á magn það, sem inn eða út er flutt af landssvæði hans, af viðkomandi vöru eða vörum og um þær aðstæður, sem gerðu styrkveitinguna nauðsynlega. Í hverju því tilviki, sem komizt er að raun um, að hagsmunir samningsaðila hafi orðið fyrir alvarlegu tjóni eða hætta sé á því, vegna slíkrar styrkveitingar, skal samningsaðili sem styrkinn veitir, samkvæmt ósk, ræða mögulega takmörkun styrkveitingarinnar við annan samningsaðila, einn eða fleiri, eða Samningsaðila.

Article XVI

Subsidies.

Section A — Subsidies in General.

1. If any contracting party grants or maintains any subsidy, including any form of income or price support, which operates directly or indirectly to increase exports of any product from, or to reduce imports of any product into, its territory, it shall notify the CONTRACTING PARTIES in writing of the extent and nature of the subsidization, of the estimated effect of the subsidization on the quantity of the affected product or products imported into or exported from its territory and of the circumstances making the subsidization necessary. In any case in which it is determined that serious prejudice to the interests of any other contracting party is caused or threatened by any such subsidization, the contracting party granting the subsidy shall, upon request, discuss with the other contracting party or parties concerned, or with the CONTRACTING PARTIES, the possibility of limiting the subsidization.

Kafli B — Viðbótarákvæði um útflutningsstyrki.

2. Samningsaðilar viðurkenna, að styrkveiting samningsaðila við útflutning hvaða vöru sem er geti haft skaðleg áhrif fyrir aðra samningsaðila, bæði þá sem flytja inn og út, og geti orsakað ótilhlýðilega truflun á venjulegum viðskiptahags-

Section B — Additional Provisions on Export Subsidies.

2. The contracting parties recognize that the granting by a contracting party of a subsidy on the export of any product may have harmful effects for other contracting parties, both importing and exporting, may cause undue disturbance to

munum og geti hindrað það, að markmiðum þessa samnings sé náð.

3. Af þessum sökum skulu samningsaðilar leitast við að komast hjá að styrkja útflutning hráefna. Ef samningsaðili veitir, engu að síður, beint eða óbeint, einhvers konar styrk, sem eykur útflutning hvaða hráefnis sem er frá landssvæði hans, skal slíkum styrk ekki beitt á þann hátt, að það leiði til þess, að viðkomandi samingsaðili fái meir en sanngjarnan hlut af milliríkjaverzlun með viðkomandi vöru, þegar tillit er tekið til hlutdeildar samningsaðila í viðskiptum með þá vöru um liðið hæfilegt tímabil, og allra séraðstæðna, sem kunna að hafa haft eða hafa áhrif á viðskipti með þá vöru.

4. Enn fremur skulu samningsaðilar, frá og með 1. janúar 1958 eða svo fljótt sem auðið er þar á eftir hætta veitingu allra tegunda styrkja, hvort sem veittir eru beint eða óbeint, við útflutning allra vara annarra en hráefna, ef styrkurinn leiðir til sölu vörunnar til útflutnings við verði, sem er lægra en sambærilegt verð fyrir hliðstæða vöru, sem selt er á til kaupenda á innlenda markaðinum. Þar til þann 31. desember 1957 skal enginn samningsaðili auka slíkar styrkveitingar með því að koma á nýjum eða framlengja þær, sem giltu, umfram það, sem var þann 1. janúar 1955.

5. Samningsaðilar skulu gera athugun á framkvæmd ákvæða þessarar greinar við og við með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, með það fyrir augum að athuga þýðingu þá, sem greinin hefur haft, að náð sé markmiðum þessa samnings og að komizt sé hjá styrkjum, sem alvarlegu tjóni valda fyrir viðskipti eða hagsmuni samningsaðila.

17. gr.

Viðskiptafyrirtæki ríkisins.

1. a) Sérhver samningsaðili, sem setur á fót eða viðheldur opinberu fyrirtæki, hvar sem staðsett er, eða veitir einhverju fyrirtæki, formlega eða á annan hátt, sérréttindi eða sérstök réttindi, skal sjá um, að slíkt fyrirtæki skuli, við kaup eða sölu,

their normal commercial interest, and may hinder the achievement of the objectives of this Agreement.

3. Accordingly, contracting parties should seek to avoid the use of subsidies on the export of primary products. If, however, a contracting party grants directly or indirectly any form of subsidy which operates to increase the export of any primary product from its territory, such subsidy shall not be applied in a manner which results in that contracting party having more than an equitable share of world export trade in that product, account being taken of the shares of the contracting parties in such trade in the product during a previous representative period, and any special factors which may have affected or may be affecting such trade in the product.

4. Further, as from 1 January 1958 or the earliest practicable date thereafter, contracting parties shall cease to grant either directly or indirectly any form of subsidy on the export of any product other than a primary product which subsidy results in the sale of such product for export at a price lower than the comparable price charged for the like product to buyers in the domestic market. Until 31 December 1957 no contracting party shall extend the scope of any such subsidization beyond that existing on 1 January 1955 by the introduction of new, or the extension of existing, subsidies.

5. The CONTRACTING PARTIES shall review the operation of the provisions of this Article from time to time with a view to examining its effectiveness, in the light of actual experience, in promoting the objectives of this Agreement and avoiding subsidization seriously prejudical to the trade or interests of contracting parties.

Article XVII

State Trading Enterprises.

1. a) Each contracting party undertakes that if it establishes or maintains a State enterprise, wherever located, or grants to any enterprise, formally or in effect, exclusive or special privileges, such enterprise shall, in its purchases or sales

sem snertir annaðhvort innflutning eða útflutning, haga gerðum sínum í samræmi við þau almennu ákvæði um mismununarleysi, sem er að finna í samningi þessum, að því er varðar aðgerðir hins opinbera varðandi innflutning eða útflutning einkaaðila.

b) Ákvæði a-liðs þessarar málsgreinar skulu svo skilin, að slíkum fyrirtækjum sé gerð sú skylda — þegar tilhlýðilegt tillit er tekið til annarra ákvæða samnings þessa — að gera slík kaup og sölur einvörðungu í samræmi við viðskiptaleg sjónarmið, þar með talið verð, gæði, fáanleiki, söluhæfni, flutningar og önnur kaup- eða söluskilyrði, og að gefa fyrirtækjum annarra samningsaðila næg tækifæri að keppa um slík kaup eða sölur, í samræmi við venjulegar viðskiptavenjur.

c) Enginn samningsaðili skal hindra fyrirtæki innan lögsögu sinnar í að haga aðgerðum sínum í samræmi við ákvæði a- og b-liðs þessarar málsgreinar, og á það við hvort sem um er að ræða fyrirtæki, sem a-liður þessarar málsgreinar nær til eða ekki.

2. Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar skulu ekki taka til innflutnings vara, sem ætlaðar eru til notkunar þá þegar eða síðar af hinu opinbera eða á annan hátt ekki ætlaðar til endursölu eða notkunar við framleiðslu vara, sem ætlaðar eru til sölu. Að því er varðar slíkan innflutning, skal hver samningsaðili veita viðskiptum annarra samningsaðila sanngjarna og réttláta meðferð.

3. Samningsaðilar viðurkenna, að fyrirtæki þau, sem lýst er í a-lið 1. málsgr. þessarar greinar, kunni að vera rekin þannig, að af hljótist alvarlegar viðskiptatálmanir. Af þeim sökum eru gagnkvæmar viðræður um sameiginlegt hagræði með það að markmiði að takmarka slíkar tálmanir þýðingarmiklar fyrir aukningu alþjóðaviðskipta.

4. a) Samningsaðilar skulu kunngjöra Samningsaðilum um þær vörur, sem fluttar eru inn eða út frá landssvæðum þeirra af fyrirtækjum þeirrar tegundar, sem lýst er í a-lið 1. málsgr. þessarar greinar.

involving either imports or exports, act in a manner consistent with the general principles of non-discriminatory treatment prescribed in this Agreement for governmental measures affecting imports or exports by private traders.

b) The provisions of sub-paragraph a) of this paragraph shall be understood to require that such enterprises shall, having due regard to the other provisions of this Agreement, make any such purchases or sales solely in accordance with commercial considerations, including price, quality, availability, marketability, transportation and other conditions of purchase or sale, and shall afford the enterprises of the other contracting parties adequate opportunity, in accordance with customary business practice, to compete for participation in such purchases or sales.

c) No contracting party shall prevent any enterprise (whether or not an enterprise described in sub-paragraph a) of this paragraph) under its jurisdiction from acting in accordance with the principles of sub-paragraphs a) and b) of this paragraph.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not apply to imports of products for immediate or ultimate consumption in governmental use and not otherwise for re-sale or use in the production of goods for sale with respect to such imports, each contracting party shall accord to the trade of the other contracting parties fair and equitable treatment.

3. The contracting parties recognize that enterprises of the kind described in paragraph 1 a) of this Article might be operated so as to create serious obstacles to trade; thus negotiations on a reciprocal and mutually advantageous basis designed to limit or reduce such obstacles are of importance to the expansion of international trade.

4. a) Contracting parties shall notify the CONTRACTING PARTIES of the products which are imported into or exported from their territories by enterprises of the kind described in paragraph 1 a) of this Article.

b) Samningsaðili, sem setur á stofn, viðheldur eða gefur leyfi til innflutningseinkasölu á vöru, sem er ekki tilkomin vegna ívilnana samkvæmt 2. gr., skal að beiðni annars samningsaðila, sem verulegra hagsmuna hefur að gæta í viðskiptum með viðkomandi vöru, tilkynna Samningsaðilum álagningu á vöruna við innflutning á nýliðnu hæfilegu tímabili eða, þegar það er ekki hægt, verð vörunnar við endursölu.

c) Að beiðni samningsaðila, sem hefur ástæðu til að ætla, að hagsmunir hans, samkvæmt þessum samningi, bíði tjón, vegna starfsemi fyrirtækis þeirrar tegundar, sem lýst er í a-lið 1. málsgr., geta Samningsaðilar æskt þess, að samningsaðili, sem setur á stofn, viðheldur eða heimilar slíkt fyrirtæki, gefi upplýsingar um starfsemi þess með tilliti til þess, að ákvæði samnings þessa séu uppfyllt.

d) Í ákvæðum þessarar málsgreinar felst ekki skylda fyrir neinn samningsaðila að láta í té upplýsingar trúnaðarlegs eðlis, sem torvelda myndu framkvæmd laga eða á annan hátt vera gagnstætt almenningsheill eða skaða lögmæta viðskiptahagsmuni einstakra fyrirtækja.

b) A contracting party establishing, maintaining or authorizing an import monopoly of a product, which is not the subject of a concession under Article II, shall, on the request of another contracting party having a substantial trade in the product concerned, inform the CONTRACTING PARTIES of the import markup on the product during a recent representative period, or, when it is not possible to do so, of the price charged on the resale of the product.

c) The CONTRACTING PARTIES may, at the request of a contracting party which has reason to believe that its interests under this Agreement are being adversely affected by the operations of an enterprise of the kind described in paragraph 1 a), request the contracting party establishing, maintaining or authorizing such enterprise to supply information about its operations related to the carrying out of the provisions of this Agreement.

d) The provisions of this paragraph shall not require any contracting party to disclose confidential information which would impede law enforcement or otherwise be contrary to the public interest or would prejudice the legitimate commercial interests to particular enterprise.

18. gr.

Stuðningur hins opinbera við efnahagslega framþróun.

1. Samningsaðilar viðurkenna, að markmiðum þessa samnings verði auðveldlega náð með stöðugri efnahagslegri framþróun þjóðarbúskapar þeirra, sérstaklega þeirra samningsaðila, þar sem þjóðarbúskapurinn leyfir aðeins lág lífskjör og er á frumstigum þróunar.

2. Samningsaðilar viðurkenna enn fremur, að það geti verið nauðsynlegt þessum samningsaðilum að grípa til verndar eða annarra aðgerða varðandi innflutning í því augnamiði að framkvæma áætlanir og aðrar aðgerðir til efnahagslegrar framþróunar, sem hafa það að markmiði að bæta lífskjörin almennt, og að slíkar aðgerðir séu réttlætanlegar að svo miklu leyti, sem þær stuðla

Article XVIII

Governmental Assistance to Economic Development.

1. The contracting parties recognize that the attainment of the objectives of this Agreement will be facilitated by the progressive development of their economies, particularly of those contracting parties the economies of which can only support low standards of living and are in the early stages of development.

2. The contracting parties recognize further that it may be necessary for those contracting parties, in order to implement programmes and policies of economic development designed to raise the general standard of living of their people, to take protective or other measures affecting imports, and that such measures are justified in so far as they facilitate the attainment of the objectives of this Agree-

að því, að markmiðum þessa samnings sé náð. Þess vegna eru þeir því samþykkir, að þessir samningsaðilar skuli njóta sérákvæða, svo að þeir geti a) haft nægjanlega sveigjanlega tolla til að mega veita tollvernd í því skyni að koma á fót sérstökum iðnaði og b) beitt viðskiptahöftum af greiðslujafnaðarástæðum, sem taka fullt tillit til áframhaldandi mikillar eftirspurnar eftir innflutningi vegna áætlana þeirra um efnahagslega framþróun.

b) The contracting parties recognize that in general the success of multilateral negotiations would depend on the participation of all contracting parties which conduct a substantial proportion of their external trade with one another.

3. Negotiations shall be conducted on a basis which affords adequate opportunity to take into account:

a) the needs of individual contracting parties and individual industries;

b) the needs of less-developed countries for a more flexible use of tariff protection to assist their economic development and the special needs of these countries to maintain tariffs for revenue purposes; and

c) all other relevant circumstances, including the fiscal, developmental, strategic and other needs of the contracting parties concerned.

29. gr.

Tengsl samnings þessa við Havanasáttmálann.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka, eins og framkvæmdavaldi þeirra er frekast unnt, tillit til hinna almennu ákvæða I.—VI. kafla, að báðum meðtöldum, og IX. kafla Havanasáttmálans, þar til þeir hafa samþykkt hann í samræmi við stjórnarskrárleg ákvæði sín.

2. Annar hluti samnings þessa skal falla úr gildi á þeim degi, er Havanasáttmálinn tekur gildi.

3. Hafi Havanasáttmálinn ekki tekið gildi fyrir 30. september 1949, skulu samningsaðilarnir halda með sér fund fyrir 31. desember 1949, til að ná sam-

Article XXIX

The Relation of this Agreement to the Havana Charter.

1. The contracting parties undertake to observe to the fullest extent of their executive authority the general principles of Chapters I to VI inclusive and of Chapter IX of the Havana Charter pending their acceptance of it in accordance with their constitutional procedures.

2. Part II of this Agreement shall be suspended on the day on which the Havana Charter enters into force.

3. If by September 30, 1949, the Havana Charter has not entered into force, the contracting parties shall meet before December 31, 1949, to agree whether this

komulagi um, hvort auka beri þennan samning, bæta hann eða viðhalda honum.

4. Falli Havanasáttmálinn einhvern tíma úr gildi, skulu Samningsaðilar halda með sér fund svo fljótt sem auðið er, eftir að það er orðið, til að ná samkomulagi um, hvort auka beri samning þennan, bæta hann eða viðhalda honum. Meðan af slíku samkomulagi hefur ekki orðið, skal annar hluti þessa samnings taka gildi aftur. Þetta er þó háð því skilyrði, að ákvæði annars hluta, að undanskilinni 23. gr., verði tekin upp, að breyttu því, sem breyta þarf, svo sem þau koma fyrir í Havanasáttmálanum, og enn fremur því, að enginn samningsaðili sé bundinn neinum skilyrðum, sem hann var ekki bundinn á þeim tíma, er Havana sáttmálinn féll úr gildi.

5. Hafi samningsaðili ekki samþykkt Havanasáttmálann á þeim degi, sem hann gengur í gildi, skulu Samningsaðilar ræðast við um, hvort og þá á hvern hátt samning þennan skuli bæta eða auka, að svo miklu leyti, sem hann snertir samband slíks samningsaðila og annarra samningsaðila. Meðan slíkt samkomulag hefur ekki náðst, skulu ákvæði annars hluta samnings þessa halda áfram gildi milli slíks samningsaðila og annarra samningsaðila, án tillits til ákvæða 2. málsgr. þessarar greinar.

6. Samningsaðilar, sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptamálastofnuninni, skulu ekki beita ákvæðum samnings þessa þannig að hindruð sé framkvæmd ákvæða Havanasáttmálans. Framkvæmd þess stefnuatriðis, sem málsgr. þessi grundvallast á, við samningsaðila, sem ekki er aðili að Alþjóðaviðskiptamálastofnuninni, skal vera samningsatriði samkvæmt 5. málsgr. þessarar greinar.

30. gr.
Breytingar.

1. Breytingar á ákvæðum fyrsta hluta samnings þessa eða á ákvæðum 29. gr. eða þessarar gr. skulu taka gildi, þegar þær hafa verið samþykktar af öllum samningsaðilum, nema þegar ákvæði um

Agreement shall be amended, supplemented or maintained.

4. If at any time the Havana Charter should cease to be in force, the CONTRACTING PARTIES shall meet as soon as practicable thereafter to agree whether this Agreement shall be supplemented, amended or maintained. Pending such agreement, Part II of this Agreement shall again enter into force; Provided that the provisions of Part II other than Article XXIII shall be replaced, mutatis mutandis, in the form in which they then appeared in the Havana Charter; and Provided further that no contracting party shall be bound by any provisions which did not bind it at the time when the Havana Charter ceased to be in force.

5. If any contracting party has not accepted the Havana Charter by the date upon which it enters into force, the CONTRACTING PARTIES shall confer to agree whether, and if so in what way, this Agreement in so far as it affects relations between such contracting party and other contracting parties, shall be supplemented or amended. Pending such agreement the provisions of part II of this Agreement shall, notwithstanding the provisions of paragraph 2 of this Article, continue to apply as between such contracting party and other contracting parties.

6. Contracting parties which are Members of the International Trade Organization shall not invoke the provisions of this Agreement so as to prevent the operation of any provision of the Havana Charter. The application of the principle underlying this paragraph to any contracting party which is not a Member of the International Trade Organization shall be the subject of an agreement pursuant to paragraph 5 of this Article.

Article XXX
Amendments.

1. Except where provision for modification is made elsewhere in this Agreement, amendments to the provisions of Part I of this Agreement or to the provisions of Article XXIX or of this Article

breytingar eru sett annars staðar í samningi þessum. Aðrar breytingar á samningi þessum skulu öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðilum, sem hafa samþykkt þær, þegar tveir þriðju samningsaðilanna hafa samþykkt þær og síðan gagnvart hverjum samningsaðila, sem samþykkir þær.

2. Sérhver samningsaðili, sem samþykkir breytingu við samning þennan, skal framvísa samþykktarskjali við framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, innan þess tíma, sem Samningsaðilar gefa til kynna. Samningsaðilar geta ákveðið, að hver sú breyting, sem til framkvæmda kemur samkvæmt þessari grein, sé þess eðlis, að hverjum þeim samningsaðila, sem ekki hefur samþykkt hana innan þess tíma, sem Samningsaðilar gefa til kynna, sé frjálst að segja upp aðild sinni að þessum samningi eða að vera áfram samningsaðili með samþykki Samningsaðila.

shall become effective upon acceptance by all the contracting parties, and other amendments to this Agreement shall become effective, in respect of those contracting parties which accept them, upon acceptance by two-thirds of the contracting parties and there after for each other contracting party upon acceptance by it.

2. Any contracting party accepting an amendment to this Agreement shall deposit an instrument of acceptance with the Secretary-General of the United Nations within such period as the CONTRACTING PARTIES may specify. The CONTRACTING PARTIES may decide that any amendment made effective under this Article is of such a nature that any contracting party which has not accepted it within a period specified by the CONTRACTING PARTIES shall be free to withdraw from this Agreement, or to remain a contracting party with the consent of the CONTRACTING PARTIES.

31. gr.

Uppsögn.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að þessu samkomulagi án tillits til ákvæða 12. málsgr. 18. gr. eða 23. gr. eða 2. málsgr. 30. gr. Einnig getur sérhver samningsaðili sér í lagi sagt upp aðild fyrir hönd sérstaks, aðgreinds tollsvæðis, sem hann ber alþjóðlega ábyrgð á og sem hafði á þeim tíma fulla sjálfstjórn í viðskiptamálum sínum út á við og öðrum málum, sem samningur þessi snertir. Uppsögnin skal taka gildi þegar liðnir eru 6 mánuðir frá þeim degi, er skrifleg tilkynning um uppsögn barst framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Article XXXI

Withdrawal.

Without prejudice to the provisions of paragraph 12 of Article XVIII, or of Article XXIII or of paragraph 2 of Article XXX, any contracting party may withdraw from this Agreement, or may separately withdraw on behalf of any of the separate customs territories for which it has international responsibility and which at the time possesses full autonomy in the conduct of its external commercial relations and of the other matters provided for in this Agreement. The withdrawal shall take effect upon the expiration of six months from the day on which written notice of withdrawal is received by the Secretary-General of the United Nations.

32. gr.

Samningsaðilar.

1. Með samningsaðilum að samningi þessum skal átt við þær ríkisstjórnir, sem beita ákvæðum samnings þessa, samkvæmt 26. eða 33. gr. eða í samræmi við bókun um bráðabirgðaframkvæmd.

Article XXXII

Contracting Parties.

1. The contracting parties to this Agreement shall be understood to mean those governments which are applying the provisions of this Agreement under Article XXVI and XXXIII or pursuant to the Protocol of Provisional Application.

2. Hvenær sem er, eftir að samningur þessi hefur tekið gildi, samkvæmt 6. málsgrein 26. gr., geta þeir samningsaðilar, sem samþykkt hafa samning þennan samkvæmt 4. málsgrein 26. greinar, ákveðið, að sérhver samningsaðili, sem ekki hefur samþykkt samninginn á þann hátt, hætti að vera samningsaðili.

33. gr.

Aðild.

Ríkisstjórn, sem ekki er aðili að samningi þessum, eða ríkisstjórn, sem kemur fram fyrir hönd aðgreinds tollsvæðis, sem hefur fulla sjálfstjórn í viðskiptamálum sínum út á við og í öðrum málum, sem samningur þessi snertir, getur gerzt aðili að samningi þessum, fyrir sína eigin hönd eða fyrir hönd landssvæðisins, með þeim skilmálum, sem um semst milli ríkisstjórnarinnar og Samningsaðila. Ákvarðanir Samningsaðila samkvæmt þessari málsgr. skulu teknar af meirihluta, er nemi tveim þriðju hlutum.

34. gr.

Viðaukar.

Viðaukarnir við samning þennan skulu hér með skoðast sem órjúfanlegur hluti samningsins.

35. gr.

Frávik frá beitingu samnings milli einstakra samningsaðila.

1. Samningur þessi eða 2. gr. samningsins skal ekki gilda milli samningsaðila og annars samningsaðila, ef:

a) samningsaðilarnir tveir hafa ekki átt samningaviðræður um tolla við hvorn annan og

b) annar hvor samningsaðilinn fellst ekki á þessa framkvæmd samningsins, þegar annar hvor verður samningsaðili.

2. Samningsaðilar geta tekið framkvæmd þessarar greinar til athugunar í einstökum tilvikum, að tilmælum hvaða samningsaðila sem er, og gert viðeigandi tillögur.

2. At any time after the entry into force of this Agreement pursuant to paragraph 6 of Article XXVI, those contracting parties which have accepted this Agreement pursuant to paragraph 4 of Article XXVI may decide that any contracting party which has not so accepted it shall cease to be a contracting party.

Article XXXIII

Accession.

A government not party to this Agreement, or a government acting on behalf of a separate customs territory possessing full autonomy in the conduct of its external commercial relations and of the other matters provided for in this Agreement, may accede to this Agreement, on its own behalf or on behalf of that territory, on terms to be agreed between such government and the CONTRACTING PARTIES. Decisions of the CONTRACTING PARTIES under this paragraph shall be taken by a two-thirds majority.

Article XXXIV

Annexes.

The annexes to this Agreement are hereby made an integral part of this Agreement.

Article XXXV

Non-application of the Agreement between particular Contracting Parties.

1. This Agreement, or alternatively Article II of this Agreement shall not apply as between any contracting party and any other contracting party if:

a) the two contracting parties have not entered into tariff negotiations with each other, and

b) either of the contracting parties, at the time either becomes a contracting party, does not consent to such application.

2. The CONTRACTING PARTIES may review the operation of this Article in particular cases at the request of any contracting party and make appropriate recommendations.

FJÓRÐI HLUTI

VIÐSKIPTI OG ÞRÓUN

36. gr.

Markmið og meginstefna.

1. Samningsaðilar

a) eru þess minnugir, að grundvallarmarkmið þessa samkomulags eru m. a. fólgin í því að auka velmegun og stöðuga efnahagsþróun meðal allra þeirra, sem aðild eiga að því, og líta þeir svo á, að slík þróun sé sérstaklega aðkallandi fyrir vanþróaða samningsaðila;

b) líta svo á, að tekjur af útflutningi vanþróaðra samningsaðila geti átt mjög mikilvægan þátt í efnahagsþróun þeirra og að umfang þessara gjaldeyristekna byggist á verði því, sem vanþróaðir samningsaðilar greiða fyrir nauðsynlegan innflutning, útflutningsmagni þeirra og verði því, sem fæst fyrir þann útflutning;

c) vekja athygli á því, að mikill munur er á velmegun í vanþróuðum löndum og öðrum löndum;

d) viðurkenna, að aðgerðir einstakra samningsaðila, svo og sameiginlegar aðgerðir af þeirra hálfu, eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að efla efnahagsþróun vanþróaðra samningsaðila, og koma á skjótri þróun til aukinnar velmegunar í þessum löndum;

e) viðurkenna, að alþjóðaverzlun, sem tæki til þess að ná efnahagslegum og félagslegum framförum, eigi að vera háð þeim reglum og venjum — og ráðstöfunum í samræmi við slíkar reglur og venjur — er samræmast þeim markmiðum, sem lýst er í ákvæðum þessarar greinar;

f) og með því að Samningsaðilar geta gert vanþróuðum samningsaðilum unnt að beita sérstökum ráðstöfunum til þess að efla viðskipti sín og efnahagsþróun,

þá hafa þeir orðið sammála um eftirfarandi:

2. Þörf er á því, að útflutningstekjur vanþróaðra samningsaðila aukist með skjótum og stöðugum hætti.

3. Þörf er á því, að gert verði jákvætt átak, er beinist að því að tryggja það, að

PART IV

TRADE AND DEVELOPMENT

Article XXXVI

Principles and Objectives.

1. The Contracting Parties,

a) recalling that the basic objectives of this Agreement include the raising of standards of living and the progressive development of the economies of all contracting parties, and considering that the attainment of these objectives is particularly urgent for less-developed contracting parties;

b) considering that export earnings of the less-developed contracting parties can play a vital part in their economic development and that the extent of this contribution depends on the prices paid by the less-developed contracting parties for essential imports, the volume of their exports, and the prices received for these exports;

c) noting that there is a wide gap between standards of living in less-developed countries and in other countries;

d) recognizing that individual and joint action is essential to further the development of the economies of less-developed contracting parties and to bring about a rapid advance in the standards of living in these countries;

e) recognizing that international trade as a means of achieving economic and social advancement should be governed by such rules and procedures — and measures in conformity with such rules and procedures — as are consistent with the objectives set forth in this Article;

f) noting that the CONTRACTING PARTIES may enable less-developed contracting parties to use special measures to promote their trade and development;

agree as follows:

2. There is need for a rapid and sustained expansion of the export earnings of the less-developed contracting parties.

3. There is need for positive efforts designed to ensure that less-developed

vanþróaðir samningsaðilar öðlist þann skerf í vexti alþjóðaviðskipta, sem talizt getur samsvara þörfum þeirra á sviði efnahagslegrar þróunar.

4. Þar sem margir vanþróaðir samningsaðilar þurfa enn um sinn að byggja á útflutningi takmarkaðs úrvals af undirstöðuafurðum, þá er þörf á því að veita slíkum vörum aðgang að mörkuðum heimsins með hagkvæmari og aðgengilegri skilmálum en verið hefur, að svo miklu leyti sem frekast er unnt, og hvar sem slíkt má teljast hagkvæmt, er þörf á því að grípa til ráðstafana, er beinast að því að skapa jafnvægi og bæta aðstæður á mörkuðum heimsins fyrir slíkar afurðir, þar með taldar sérstaklega ráðstafanir til þess að tryggja stöðugt, sanngjarnt og arðvænlegt verð fyrir þær, og auka á þann hátt mögulegan vöxt heimsverzlunar og eftirspurnar, ásamt öflugum og stöðugum vexti raunverulegra útflutningstekna þessara landa, þannig að þeim skapist á þann hátt auknir möguleikar til efnahagsþróunar.

5. Hröð efnahagsþróun vanþróaðra samningsaðila verður mun auðveldari með aukinni fjölbreytni í uppbyggingu efnahagskerfis þeirra og með því að komast hjá því að treysta um of á útflutning undirstöðuafurða. Af þessum sökum er mikil þörf á því, að þeir fái sem allra greiðastan aðgang að mörkuðum, við sem hagstæðastar aðstæður, með unnar fullframleiddar vörur, sem þegar hafa mikla þýðingu fyrir útflutningsverzlun vanþróaðra aðila, eða munu hafa mikla þýðingu fyrir hana síðar meir.

6. Sökum stöðugs skorts á útflutningstekjum og öðrum gjaldeyristekjum vanþróaðra samningsaðila, má finna mjög mikilvæg tengsl milli viðskipta annars vegar og fjárhagslegs stuðnings við efnahagsþróun þeirra hins vegar. Af þessum sökum er mjög mikil þörf á því, að náið og stöðugt samstarf ríki milli Samningsaðila og alþjóðlegra lánastofnana, þannig að þær geti lagt fram sinn skerf á sem áhrifaríkastan hátt til þess að létta þær byrðar, sem vanþróaðir samningsaðilar

contracting parties secure a share in the growth in international trade commensurate with the needs of their economic development.

4. Given the continued dependence of many less-developed contracting parties on the exportation of a limited range of primary products, there is need to provide in the largest possible measure more favourable and acceptable conditions of access to world markets for these products, and wherever appropriate to devise measures designed to stabilize and improve conditions of world markets in these products, including in particular measures designed to attain stable, equitable and remunerative prices, thus permitting an expansion of world trade and demand and a dynamic and steady growth of the real export earnings of these countries so as to provide them with expanding resources for their economic development.

5. The rapid expansion of the economies of the less-developed contracting parties will be facilitated by a diversification of the structure of their economies and the avoidance of an excessive dependence on the export of primary products. There is, therefore, need for increased access in the largest possible measure to markets under favorable conditions for processed and manufactured products currently or potentially of particular export interest to less-developed contracting parties.

6. Because of the chronic deficiency in the export proceeds and other foreign exchange earnings of less-developed contracting parties, there are important interrelationships between trade and financial assistance to development. There is, therefore, need for close and continuing collaboration between the CONTRACTING PARTIES and the international lending agencies so that they can contribute most effectively to alleviating the burdens these less-developed contracting parties assume

taka sér á herðar vegna efnahagsþróunar sinnar.

7. Þörf er á því, að samstarf eigi sér stað milli Samningsaðila, annarra stjórnarstofnana og svo samtaka og stofnana innan kerfis Sameinuðu þjóðanna, sem einkum beina starfsemi sinni að viðskiptum og efnahagsþróun vanþróaðra landa.

8. Þróaðir samningsaðilar búast ekki við gagnkvæmi vegna skuldbindinga, sem þeir taka sér á herðar í viðskiptasamningum til þess að draga úr eða afnema tolla og önnur höft í viðskiptum við vanþróaða samningsaðila.

9. Samningsaðilarnir skulu vinna að því af fullum hug og einurð, bæði hver í sínu lagi og sameiginlega, að gripið verði til ráðstafana, sem miða að því, að þessi meginstefnumið öðlist gildi.

in the interest of their economic development.

7. There is need for appropriate collaboration between the CONTRACTING PARTIES, other intergovernmental bodies and the organs and agencies of the United Nations system, whose activities relate to the trade and economic development of less-developed countries.

8. The developed contracting parties do not expect reciprocity for commitments made by them in trade negotiations to reduce or remove tariffs and other barriers to the trade of less-developed contracting parties.

9. The adoption of measures to give effect to these principles and objectives shall be a matter of conscious and purposeful effort on the part of the contracting parties both individually and jointly.

37. gr.

Skuldbindingar.

1. Þróaðir samningsaðilar skulu eftir því sem frekast er unnt — nema þegar knýjandi ástæður, þar með taldar lagalegar ástæður, koma í veg fyrir að slíkt sé mögulegt — sjá um að eftirfarandi ákvæði öðlist gildi:

a) láta aðgerðir, sem beinast í þá átt að draga úr eða afnema með öllu hömlur gegn vörum, er nú hafa eða síðar kunna að hafa sérstaka þýðingu fyrir vanþróaða samningsaðila, ganga fyrir að verulegu leyti, þar með taldir tollar og önnur höft, sem á ósanngjarnan hátt gera mun á slíkum vörum í óunnu og unnu formi;

b) forðast að koma á eða auka tolla eða önnur innflutningshöft á vörur, sem nú hafa sérstaka þýðingu fyrir útflutningsverzlun vanþróaðra samningsaðila, eða kunna síðar að hafa þýðingu fyrir útflutningsverzlun þeirra;

c) i) forðast að grípa til nýrra aðgerða í peningamálum, og

ii) ef ákveðnar eru breytingar á stefnu í peningamálum að láta þá þær ráðstafanir ganga fyrir, er beinast að því að draga úr eða afnema aðgerðir í peningamálum, sem myndu verulega hindra vöxt á neyzlu undirstöðuafurða, hvort heldur

Article XXXVII

Commitments.

1. The developed contracting parties shall to the fullest extent possible — that is, except when compelling reasons, which may include legal reasons, make it impossible — give effect to the following provisions:

a) accord high priority to the reduction and elimination of barriers to products currently or potentially of particular export interest to less-developed contracting parties, including customs duties and other restrictions which differentiate unreasonably between such products in their primary and in their processed forms;

b) refrain from introducing, or increasing the incidence of, customs duties or nontariff import barriers on products currently or potentially of particular export interest to less-developed contracting parties; and

c) i) refrain from imposing new fiscal measures, and

ii) in any adjustments of fiscal policy accord high priority to the reduction and elimination of fiscal measures, which would hamper, or which hamper, significantly the growth of consumption of primary products, in raw or processed

sem er í hráu eða unnu formi, sem að öllu eða mestu leyti eru framleiddar á landssvæðum vanþróaðra samningsaðila, og sem sérstaklega er beint gegn slíkum afurðum.

2. a) Hvenær sem litið er svo á, að ekki sé séð um að eitthvert af ákvæðum þeim, sem felast í stafliðum a), b) eða c) í 1. málsgrein, öðlist gildi, þá skal Samningsaðilum skýrt frá því, og skal sá samningsaðilinn, sem ekki sér um að viðeigandi ákvæði öðlist gildi, skýra frá því eða einhver annar samningsaðili, sem hlut á að máli.

b) i) Nú fer einhver samningsaðili þess á leit, sökum þess að hann telur sig hafa hagsmuni af því, án þess að það brjóti í bága við þær viðræður, er einhverjir tveir samningsaðilar kunna að eiga sín á milli, þá skulu Samningsaðilar ráðgast við þann þeirra, sem hlut á að máli, svo og við alla þá samningsaðila, er hagsmuna eiga að gæta, varðandi ákvæði það, sem hér um ræðir, í þeim tilgangi að finna lausn, er allir aðilar, sem hlut eiga að máli, geta gert sig ánægða með, í því skyni að ná tilgangi þeim, sem felst í ákvæðum 36. greinar. Í viðræðum þessum skal athuga ástæður þær, sem bornar voru fram fyrir því að ákvæðum þeim, sem felast í stafliðum a), b) eða c) í 1. málsgrein, hafi ekki verið gefið gildi.

ii) Þar sem hugsanlegt er, að einstökum samningsaðilum reynist í vissum tilvikum auðveldara að hrinda í framkvæmd ákvæðum þeim, sem felast í stafliðum a), b) eða c) í 1. málsgrein, með því að grípa til aðgerða í samvinnu við aðra samningsaðila, sem lengra eru á veg komnir efnahagslega, þá mætti beina slíkum viðræðum í þá átt, þegar slíkt þykir við eiga.

iii) Í tilvikum, þar sem slíkt þykir vel við eiga, mætti einnig beina slíkum viðræðum, sem Samningsaðilar hafa beitt sér fyrir í þá átt, að samkomulag verði um sameiginlegar aðgerðir, sem beinist að því að ná tilgangi þessa samkomulags eins og það kemur fram í ákvæðum 1. málsgr. 25. greinar.

3. Þróaðir samningsaðilar skulu:

a) í tilvikum, þar sem ríkisstjórnin beint eða óbeint ákveður endursöluverð á af-

form, wholly or mainly produced in the territories of less-developed contracting parties, and which are applied specifically to those products.

2. a) Whenever it is considered that effect is not being given to any of the provisions of sub-paragraph a), b) or c) of paragraph 1, the matter shall be reported to the CONTRACTING PARTIES either by the contracting party not so giving effect to the relevant provisions or by any other interested contracting party.

b) i) The CONTRACTING PARTIES shall, if requested so to do by any interested contracting party, and without prejudice to any bilateral consultations that may be undertaken, consult with the contracting party concerned and all interested contracting parties with respect to the matter with a view to reaching solutions satisfactory to all contracting parties concerned in order to further the objectives set forth in Article XXXVI. In the course of these consultations, the reasons given in cases where effect was not being given to the provisions of sub-paragraph a), b) or c) of paragraph 1 shall be examined.

ii) As the implementation of the provisions of sub-paragraph a), b) or c) of paragraph 1 by individual contracting parties may in some cases be more readily achieved where action is taken jointly with other developed contracting parties, such consultation might, where appropriate, be directed towards this end.

iii) The consultations by the CONTRACTING PARTIES might also, in appropriate cases, be directed towards agreement on joint action designed to further the objectives of this Agreement as envisaged in paragraph 1 of Article XXV.

3. The developed contracting parties shall:

a) make every effort, in cases where a government directly or indirectly deter-

urðum, sem að öllu eða mestu leyti eru framleiddar á landssvæðum vanþróaðra samningsaðila, leitast við að halda viðskiptajöfnuði í því horfi, sem sanngjarnt má teljast;

b) gefa virkan gaum að því að grípa til ráðstafana, sem beinast í þá átt að efla þróun innflutnings frá vanþróuðum samningsaðilum og taka þátt í viðeigandi alþjóðlegum aðgerðum, er að þessu miða;

c) gefa gaum að viðskiptahagsmunum vanþróaðra samningsaðila, þegar þeir íhuga aðrar ráðstafanir, sem heimilt er að grípa til samkvæmt ákvæðum þessa samnings, til lausnar sérstökum vandamálum, og kanna alla möguleika á jákvæðum ráðum áður en gripið er til slíkra aðgerða, þegar þær myndu hafa áhrif á brýna hagsmuni þessara samningsaðila.

4. Vanþróaðir samningsaðilar samþykkja að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að hrinda í framkvæmd ákvæðum þeim, sem fólgin eru í IV. hluta þessa samkomulags, til hagbóta fyrir viðskipti annarra vanþróaðra samningsaðila, að svo miklu leyti sem slíkar aðgerðir samræmast þróun hjá þessum aðilum, hverjum um sig, nú og framvegis, svo og þörfum þeirra á sviði fjármála og viðskipta, jafnframt því sem tillit verði tekið til undangenginnar viðskiptaþróunar og viðskiptahagsmuna allra vanþróaðra samningsaðila.

5. Við framkvæmd skuldbindinga þeirra, sem felast í ákvæðum 1. til 4. málsgreinar, skal sérhver samningsaðili veita hverjum þeim öðrum samningsaðila eða samningsaðilum, sem af því hafa hagsmuni, fullkomið og tafarlaust tækifæri til viðræðna samkvæmt þeim venjulegu reglum, sem í þessu samkomulagi felast, varðandi hvert það málefni eða vanda, sem upp kann að koma.

38. gr.
Sameiginlegar aðgerðir.

1. Samningsaðilarnir skulu grípa til sameiginlegra aðgerða, innan ramma

mines the resale price of products wholly or mainly produced in the territories of less-developed contracting parties, to maintain trade margins at equitable levels;

b) give active consideration to the adoption of other measures designed to provide greater scope for the development of imports from less-developed contracting parties and collaborate in appropriate international action to this end;

c) have special regard to the trade interest of less-developed contracting parties when considering the application of other measures permitted under this Agreement to meet particular problems and explore all possibilities of constructive remedies before applying such measures where they would affect essential interests of those contracting parties.

4. Less-developed contracting parties agree to take appropriate action in implementation of the provisions of Part IV for the benefit of the trade of other less-developed contracting parties, in so far as such action is consistent with their individual present and future development, financial and trade needs taking into account past trade developments as well as the trade interests of less-developed contracting parties as a whole.

5. In the implementation of the commitments set forth in paragraph 1 to 4 each contracting party shall afford to any other interested contracting party or contracting parties full and prompt opportunity for consultations under the normal procedures of this Agreement with respect to any matter or difficulty which may arise.

Article XXXVIII
Joint Action.

1. The contracting parties shall collaborate jointly, within the framework of

þessa samkomulags og á annan hátt, eftir því sem við á, til þess að vinna að þeim stefnumiðun, sem fólgin eru í ákvæðum 36. greinar þessa samkomulags.

2. Einkum og sér í lagi skulu Samningsaðilar:

a) eftir því sem við á, grípa til aðgerða, þar með taldar aðgerðir, sem gripið er til á alþjóðavettvangi, til þess að skapa auðveldari og hagkvæmari aðgang að heimsmörkuðum fyrir undirstöðuafurðir, sem sérstaklega varða hagsmuni vanþróaðra samningsaðila, og finna leiðir til þess að efla jafnvægi og bæta aðstæður á heimsmörkuðum fyrir þessar afurðir, þar með taldar ráðstafanir, sem beinast að því að fá jafnt, sanngjarnt og arðvænlegt verð fyrir slíkar útflutningsafurðir;

b) leita eftir viðeigandi samstöðu um stefnuna í þróun viðskipta- og efnahagsmála við Sameinuðu þjóðirnar, stofnanir þeirra og samtök, þar með taldar hverjar þær stofnanir, sem kann að verða komið á fót á grundvelli tillagna frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipta- og efnahagsþróun;

c) starfa saman að athugun og skilgreiningu á stefnu og áætlun vanþróaðra samningsaðila, á sviði þróunarmála, um leið og athugað er sambandið milli viðskipta og efnahagsaðstoðar, í því skyni að finna leiðir til ákveðinna aðgerða, er miði að því að efla þróun útflutningsverzlunar og auðvelda aðgang að útflutningsmörkuðum fyrir vörur þær, sem framleiddar eru af þeim framleiðsluiðnaði, sem þannig er komið á fót, og í þessum sama tilgangi leita eftir samstarfi við ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir, og alveg sérstaklega við samtök og stofnanir, sem starfa að því að veita fjárhagslegan stuðning til þróunarmála, með það fyrir augum að framkvæma kerfisbundnar athuganir á sambandinu milli viðskipta og efnahagsaðstoðar meðal einstakra vanþróaðra samningsaðila í því skyni að öðlast betri hugmynd um útflutningsmöguleika, markaðshorfur og hverjar þær aðgerðir aðrar, sem þörf kann að vera á;

d) hafa stöðugar gætur á þróun heimsverzlunar með sérstöku tilliti til vaxtarhraða viðskipta vanþróaðra samningsaðila og gera tillögur til samningsaðila eftir

this Agreement and elsewhere, as appropriate, to further the objectives set forth in Article XXXVI.

2. In particular, the CONTRACTING PARTIES shall:

a) where appropriate, take action, including action through international arrangements, to provide improved and acceptable conditions of access to world markets for primary products of particular interest to less-developed contracting parties and to devise measures designed to stabilize and improve conditions of world markets in these products including measures designed to attain stable, equitable and remunerative prices for exports of such products;

b) seek appropriate collaboration in matters of trade and development policy with the United Nations and its organs and agencies, including any institutions that may be created on the basis of recommendations by the United Nations Conference on Trade and Development;

c) collaborate in analyzing the development plans and policies of individual less-developed contracting parties and in examining trade and aid relationships with a view to devising concrete measures to promote the development of export potential and to facilitate access to export markets for the products of the industries thus developed and, in this connexion, seek appropriate collaboration with governments and international organizations, and in particular with organizations having competence in relation to financial assistance for economic development, in systematic studies of trade and aid relationships in individual less-developed contracting parties aimed at obtaining a clear analysis of export potential, market prospects and any further action that may be required;

d) keep under continuous review the development of world trade with special reference to the rate of growth of the trade of less-developed contracting parties

því sem telja má viðeigandi, miðað við aðstæður;

e) starfa saman að því að finna tiltækar leiðir til að auka viðskipti í þágu efnahagsþróunar fyrir tilstilli alþjóðlegrar samræmingar og lagfæringar á ríkjandi stefnu og reglugerðum viðkomandi lands með aðstoð tæknilegra og viðskiptalegra staðla á sviði framleiðslu, flutninga og verzlunar og sömuleiðis með aðstoð auglýsinga og upplýsingastarfsemi í þágu útflutningsverzlunar, m. a. með því að koma á fót aðstöðu til aukinnar miðlunar á upplýsingum á sviði viðskipta og þróunar markaðsrannsókna; og

f) koma á fót þeim skipulagsbreytingum á stofnunum þeim, sem fyrir eru, er teljast mega nauðsynlegar til þess að þjóna tilgangi þeim, sem kveðið er á um í 36. grein, og veita gildi þeim ákvæðum, sem felast í þessum hluta samkomulagsins.

and make such recommendations to contracting parties as may, in the circumstances, be deemed appropriate;

e) collaborate in seeking feasible methods to expand trade for the purpose of economic development, through international harmonization and adjustment of national policies and regulations, through technical and commercial standards affecting production, transportation and marketing, and through export promotion by the establishment of facilities for the increased flow of trade information and the development of market research; and

f) establish such institutional arrangements as may be necessary to further the objectives set forth in Article XXXVI and to give effect to the provisions of this Part.

VIÐAUKI A

Listi yfir landssvæði þau, sem vísað er til í 1. gr., málsgr. 2 a).

Hið sameinaða konungsríki Stóra Bretlands og Norður-Írlands.
Landssvæði, sem lúta hinu sameinaða konungsríki Stóra Bretlands og Norður-Írlands.
Kanada.
Samveldið Ástralía.
Landssvæði, sem lúta Samveldinu Ástralíu.
Nýja Sjáland.
Landssvæði, sem lúta Nýja Sjálandi.
Ríkjasambandið Suður Afríka, þar með talin Suðvestur Afríka.
Írland.
Indland (frá og með 10. apríl 1947).
Nýfundnaland.
Suður-Ródesía.
Burma.
Ceylon.

Á sumum þeirra landssvæða, sem að ofan er getið, gilda tveir eða fleiri sérréttindatollar fyrir tilteknar vörur. Sérhvert slíkt landssvæði getur — með samningi við aðra samningsaðila, sem eru aðalseljendur slíkra vara með beztu-kjaratolli — látið einn sérréttindatoll koma í

ANNEX A

List of Territories referred to in Paragraph 2 a) of Article I

United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland
Dependent territories of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland
Canada
Commonwealth of Australia
Dependent territories of the Commonwealth of Australia
New Zealand
Dependent territories of New Zealand
Union of South Africa including South West Africa
Ireland
India (as on April 10, 1947)
Newfoundland
Southern Rhodesia
Burma
Ceylon

Certain of the territories listed above have two or more preferential rates in force for certain products. Any such territory may, by agreement with the other contracting parties which are principal suppliers of such products at the most-favoured-nation rate, substitute

stað fleiri slíkra sérréttindatolla, sem í heild sé ekki óhagstæðari seljendum með beztu-kjaratolli en sérréttindi þau, sem í gildi voru áður en breytingin var gerð.

Álagning jafngildra sérréttindatolla, sem komi í stað innlends sérréttindaskatts, er í gildi var hinn 10. apríl 1947, og einungis gildir milli tveggja eða fleiri þeirra landssvæða, sem getið er í þessum viðauka, eða sem komi í stað þeirra magnreglugerða á sérréttindagrundvelli, sem lýst er í eftirfarandi málsgrein, skal ekki skoðast sem hækkun sérréttindatolls.

Það fyrirkomulag sérréttinda, sem getið er í 14. gr., 5. málsgr. b), er hið sama og í gildi var í Bretlandi þann 10. apríl 1947 samkvæmt samningi við ríkisstjórnir Kanada, Ástralíu og Nýja Sjálands fyrir kælt eða fryst nautakjöt og kálfakjöt, fryst kindakjöt og lambakjöt, kælt eða fryst svínakjöt og reykt svínaflesk. Án þess að taka afstöðu til neinna þeirra aðgerða, sem til er gripið samkv. ákvæðum þeim, sem felast í 20. gr. I h), er til þess ætlazt að þetta fyrirkomulag verði afnumið, eða í stað þess komi tollaívilnanir og að samningaviðræður með þetta fyrir augum fari fram svo skjótt sem hagkvæmt má teljast milli þeirra landa, sem þar eiga einkum hlut að máli eða eiga sérstakra hagsmuna að gæta hér að lútandi.

Skattur sá á leigu kvikmynda, sem í gildi var í Nýja Sjálandi þann 10. apríl 1947, skal, að því er tekur til tilgangs þessa samnings, teljast vera innflutningstollur samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Kvóti sá fyrir kvikmyndaleigu, sem í gildi var í Nýja Sjálandi þann 10. apríl 1947 skal, að því er tekur til tilgangs þessa samnings, teljast vera kvóti samkvæmt ákvæðum 4. greinar.

Samveldisríkin Indland og Pakistan hafa ekki verið talin sérstaklega í fyrr nefndum lista, þar eð þau höfðu ekki verið stofnuð sem slík á degi þeim, sem hér er miðað við, þ. e. hinn 10. apríl 1947.

for such preferential rates single preferential rate which shall not on the whole be less favourable to suppliers at the most-favoured-nation rate than the preferences in force prior to such substitution.

The imposition of an equivalent margin of tariff preference to replace a margin of preference in an internal tax existing on April 10, 1947, exclusively between two or more of the territories listed in this Annex or to replace the preferential quantitative arrangements described in the following paragraph, shall not be deemed to constitute an increase in a margin of tariff preference.

The preferential arrangements referred to in paragraph 5 b) of Article XIV are those existing in the United Kingdom on April 10, 1947, under contractual agreements with the Governments of Canada, Australia and New Zealand, in respect of chilled and frozen beef and veal, frozen mutton and lamb, chilled and frozen pork, and bacon. It is the intention, without prejudice to any action taken under part I h) of Article XX, that these arrangements shall be eliminated or replaced by tariff preferences, and that negotiations to this end shall take place as soon as practicable among the countries substantially concerned or involved.

The film hire tax in force in New Zealand on April 10, 1947, shall, for the purposes of this Agreement, be treated as a customs duty under Article I. The renters' film quota in force in New Zealand on April 10, 1947, shall, for the purposes of this Agreement, be treated as a screen quota under Article IV.

The Dominions of India and Pakistan have not been mentioned separately in the above list since they had not come into existence as such on the base date of April 10, 1947.

VIÐAUKI B

Listi yfir landssvæði innan franska ríkjasambandsins, sem vísað er til í 1. gr. 2 b).

Frakkland.
Franska Mið-Afríka (svæðið Kongó[1] og önnur landssvæði).
Franska Vestur-Afríka.
Kamerún undir frönskum yfirráðum[1]).
Franska Somaliströndin og þær lendur, sem henni fylgja.
Frönsk landssvæði á Indlandi[1]).
Frönsk landssvæði í Kyrrahafi (Oceania).
Frönsk landssvæði innan samveldisins Nýju Hebrideseyjar[1]).
Guadeloupe og þær lendur, sem henni fylgja.
Franska Guiana.
Indó-Kína.
Madagascar og þær lendur, sem henni fylgja.
Marokkó (franska svæðið)[1]).
Martinique.
Nýja Kaledónía og þær lendur, sem henni fylgja.
Réunion.
Saint-Pierre og Miquelon.
Tógó undir frönskum yfirráðum[1]).
Túnis.

ANNEX B

List of Territories of the French Union referred to in Paragraph 2 b) of Article I

France
French Equatorial Africa (Treaty Basin of the Congo[1] and other territories)
French West Africa
Cameroons under French Mandate[1])
French Somali Coast and Dependencies
French Establishments in India[1])
French Establishments in Oceania
French Establishments in the Condominium of the New Hebrides[1])
Guadeloupe and Dependencies
French Guiana
Indo-China
Madagascar and Dependencies
Marocco (French zone)[1])
Martinique
New Caledonia and Dependencies
Réunion
Saint-Pierre and Miquelon
Togo under French Mandate[1])
Tunisia

VIÐAUKI C

Listi yfir landssvæði innan tollabandalags Belgíu, Luxemburg og Hollands, sem vísað er til í 1. gr. 2 b).

Efnahagsbandalag Belgíu og Luxemburg.
Belgíska Kongó.
Ruanda Urundi.
Holland.
Nýja Guinea.
Surinam.
Hollenzku Antilleseyjar.
Lýðveldið Indónesía.
Fyrir innflutning til þeirra landssvæða, sem mynda tollabandalagið.

ANNEX C

List of Territories of the Customs Union of Belgium, Luxemburg and the Netherlands referred to in Paragraph 2 b) of Article I

The Economic Union of Belgium and Luxemburg
Belgian Congo
Ruanda Urundi
Netherlands
New Guinea
Surinam
Netherlands Antilles
Republic of Indonesia
For imports into the metropolitan territories constituting the Customs Union.

1) Fyrir innflutning til Frakklands og landssvæða innan franska ríkjasambandsins.

1) For imports into Metropolitan France and Territories of the French Union.

VIÐAUKI D

Skrá yfir landssvæði, sem vísað er til í 1. gr. 2 b) að því er varðar Bandaríki Ameríku.

Bandaríki Ameríku (tollasvæðið).

Landssvæði, sem lúta Bandaríkjum Ameríku.

Lýðveldið Filippseyjar.

Jafngild álagning sérréttindatolla, sem komi í stað innlends sérréttindaskatts, er í gildi var hinn 10. apríl 1947, og einungis gildir milli tveggja eða fleiri þeirra landssvæða, sem getið er í þessum viðauka, skal ekki skoðast sem hækkun sérréttindatolls.

ANNEX D

List of Territories referred to in Paragraph 2 b) of Article I as respects the United States of America

United States of America (customs territory)

Dependent territories of the United States of America

Republic of the Philippines

The imposition of an equivalent margin of tariff preference to replace a margin of preference in an internal tax existing on April 10, 1947, exclusively between two or more of the territories listed in this Annex shall not be deemed to constitute an increase in a margin of tariff preference.

VIÐAUKI E

Listi yfir landssvæði, sem samkomulag um sérréttindi milli Chile og nágrannalanda þess taka til og vísað er til í 1. gr. 2 d).

Sérréttindi, sem í gildi eru einungis milli Chile, annars vegar, og

1. Argentínu,
2. Bolivíu,
3. Perú

hins vegar.

ANNEX E

List of Territories covered by Preferential Arrangements between Chile and Neighbouring Countries referred to in Paragraph 2 d) of Article I

Preferences in force exclusively between Chile on the one hand, and

1. Argentina
2. Bolivia
3. Peru

on the other hand.

VIÐAUKI F

Listi yfir landssvæði, sem samkomulag um sérréttindi milli Líbanons og Sýrlands og nágrannalanda þeirra tekur til og vísað er til í 1. gr. 2 d).

Sérréttindi, sem í gildi eru einungis milli tollabandalags Libanons og Sýrlands annars vegar og

1. Palestínu,
2. Transjórdaníu

hins vegar.

ANNEX F

List of Territories covered by Preferential Arrangements between Lebanon and Syria and Neighbouring Countries referred to in Paragraph 2 d) of Article I

Preferences in force exclusively between the Lebanon-Syrian Customs Union, on the one hand, and

1. Palestine
2. Transjordan

on the other hand.

VIÐAUKI G

Dagsetningar, sem afmarka hámarksréttindi þau, sem vísað er til í 1. gr. 3. málsgr.

Ástralía	15. október 1946
Kanada	1. júlí 1939
Frakkland	1. janúar 1939

ANNEX G

Dates establishing Maximum Margins of Preference referred to in Paragraph 3 of Article I

Canada	October 15, 1946
Australia	July 1, 1939
France	January 1, 1939

Tollabandalag Líbanons og Sýrlands ..	30. nóvember 1938
Ríkjasambandið Suður-Afríka	1. júlí 1938
Suður-Ródesía	1. maí 1941

Lebanon-Syrian Customs Union	November 30, 1938
Union of South Africa	July 1, 1938
Southern Rhodesia ..	May 1, 1941

VIÐAUKI H

Prósenttölur hlutdeildar í útflutningsviðskiptum, sem nota skal til þess að skilgreina ákvörðun þá, sem vísað er til í 26. gr.
(Grundvallaðar á meðaltali áranna 1949—1953).

Ef núverandi samkomulag hefur öðlazt samþykki þeirra samningsaðila, er hafa á hendi utanríkisviðskipti, sem samkvæmt dálki I nemur þeim hundraðshluta slíkra viðskipta, sem kveðið er á um í 6. málsgr. 26. greinar, áður en ríkisstjórn Japans hefur gerzt aðili að hinu almenna samkomulagi, þá skal dálkur I gilda að því er tekur til ákvæða þeirrar málsgreinar. Ef núverandi samkomulag hefur hins vegar ekki öðlazt slíkt samþykki áður en ríkisstjórn Japans hefur gerzt samningsaðili, þá skal dálkur II gilda að því er tekur til ákvæða þeirrar málsgreinar.

	Dálkur I (Samningsaðilar hinn 1. marz 1955)	Dálkur II (Samningsaðilar hinn 1. marz 1955 og Japan)
Ástralía	3.1	3.0
Austurríki	0.9	0.8
Belgía-Lúxemb. .	4.3	4.2
Brasilía	2.5	2.4
Burma	0.3	0.3
Kanada	6.7	6.5
Ceylon	0.5	0.5
Chile	0.6	0.6
Kúba	1.1	1.1
Tékkóslóvakía .	1.4	1.4
Danmörk	1.4	1.4
Dóminik. lýðveld.	0.1	0.1
Finnland	1.0	1.0
Frakkland	8.7	8.5
Samb.l.v. Þýzkal.	5.3	5.2
Grikkland	0.4	0.4
Haiti	0.1	0.1
Indland	2.4	2.4
Indónesía	1.3	1.3

ANNEX H

Percentage Shares of Total External Trade to be Used for the Purpose of Making the Determination referred to in Article XXVI
(based on the average of 1949—1953)

If, prior to the accession of the Government of Japan to the General Agreement, the present Agreement has been accepted by contracting parties the external trade of which under column I accounts for the percentage of such trade specified in paragraph 6 of Article XXVI, column I shall be applicable for the purposes of that paragraph. If the present Agreement has not been so accepted prior to the accession of the Government of Japan, column II shall be applicable for the purposes of that paragraph.

	Column I (Contracting parties on 1 March 1955)	Column II (Contracting parties on 1 March and Japan)
Australia	3.1	3.0
Austria	0.9	0.8
Belgium-Luxemb.	4.3	4.2
Brazil	2.5	2.4
Burma	0.3	0.3
Canada	6.7	6.5
Ceylon	0.5	0.5
Chile	0.6	0.6
Cuba	1.1	1.1
Czechoslovakia .	1.4	1.4
Denmark	1.4	1.4
Dominican Republic	0.1	0.1
Finland	1.0	1.0
France	8.7	8.5
Germany, Federal Republic of	5.3	5.2
Greece	0.4	0.4
Haiti	0.1	0.1
India	2.4	2.4
Indonesia	1.3	1.3

	Dálkur I (Samningsaðilar hinn 1. marz 1955)	Dálkur II (Samningsaðilar hinn 1. marz 1955 og Japan)
Ítalía	2.9	2.8
Konungsveldið Holland	4.7	4.6
Nýja Sjáland ...	1.0	1.0
Nicaragua	0.1	0.1
Noregur	1.1	1.1
Pakistan	0.9	0.8
Perú	0.4	0.4
Ródesía og Nýasaland	0.6	0.6
Svíþjóð	2.5	2.4
Tyrkland	0.6	0.6
Ríkjasambandið Suður Afríka ..	1.8	1.8
Stóra Bretland ..	20.3	19.8
Bandar. Ameríku	20.6	20.1
Uruguay	0.4	0.4
Japan	—	2.3
	100.0	100.0

Ath. Þessar prósenttölur hafa verið reiknaðar þannig, að tekið sé tillit til viðskipta allra þeirra landssvæða, sem almenna samkomulagið um tolla og viðskipti tekur til.

	Column I (Contracting parties on 1 March 1955)	Column II (Contracting parties on 1 March and Japan)
Italy	2.9	2.8
Netherlands, Kingdom of the .	4.7	4.6
New Zealand ..	1.0	1.0
Nicaragua	0.1	0.1
Norway	1.1	1.1
Pakistan	0.9	0.8
Peru	0.4	0.4
Rhodesia and Nyasaland	0.6	0.6
Sweden	2.5	2.4
Turkey	0.6	0.6
Union of South Africa	1.8	1.8
United Kingdom	20.3	19.8
United States of America	20.6	20.1
Uruguay	0.4	0.4
Japan	—	2.3
	100.0	100.0

Note: These percentages have been computed taking into account the trade of all territories in respect of which the General Agreement on Tariffs and Trade is applied.

VIÐAUKI I

Athugasemdir og viðbótarákvæði.

Um 1. gr.

1. málsgr.

Skuldbindingar þær, sem felast í 1. málsgr. 1. gr. með vísun til 2. og 4. málsgr. 3. gr., svo og skuldbindingar þær, sem felast í málsgr. 2 b) í 2. gr. með vísun til 6. gr., skulu teljast hluti af öðrum hluta að því er tekur til bókunarinnar um gildistöku til bráðabirgða.

Tilvísanir þær, sem felast í næstu málsgrein hér að framan og 1. málsgr. 1. gr., sem vitna í 2. og 4. málsgr. 3. gr., skulu eigi teljast gildar fyrr en breyting hefur verið gerð á 3. gr. við gildistöku breytingar þeirrar, sem felst í bókun frá 14. september 1948 og tekur til breytinga á öðrum hluta og 26. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

ANNEX I

Notes and Supplementary Provisions

Ad Article I

Paragraph 1

The obligations incorporated in paragraph I of Article I by reference to paragraphs 2 and 4 of Article III and those incorporated in paragraph 2 b) of Article II by reference to Article VI shall be considered as falling within Part II for the purposes of the Protocol of Provisional Application.

The cross-references, in the paragraph immediately above and in parapraph 1 of Article I, to paragraphs 2 and 4 of Article III shall only apply after Article III has been modified by the entry into force of the amendment provided for in the Protocol Modifying Part II and Article XXVI of the General Agreement on Tariffs and Trade, dated September 14, 1948.

4. málsgr.

Hugtakið „takmörk sérréttinda" tekur til hins algjöra mismunar milli beztu-kjaratolla og sérréttindatolla fyrir sams konar vörur, en ekki til hins hlutfallslega sambands milli þessara tveggja tolltegunda. Sem dæmi má nefna:

1. Ef beztu-kjaratollur af verðmæti nemur 36 af hundraði, en sérréttindatollur 24 af hundraði **verðmætis**, þá nema mörk sérréttinda 12 af hundraði **verðmætis** en ekki einum þriðja hluta af beztu-kjaratollinum;

2. Ef beztu-kjaratollurinn nemur 36 af hundraði **verðmætis** og sérréttindatollurinn er skráður sem tveir þriðju hlutar beztu-kjaratolls, þá nema mörk sérréttinda 12 af hundraði **verðmætis**;

3. Ef beztu-kjaratollurinn nemur 2 frönkum af hverju kílógrammi, en sérréttindatollurinn 1.50 frönkum af hverju kílógrammi, þá nema mörk sérréttinda 0.50 frönkum af hverju kílógrammi.

Eftirfarandi beiting tollaákvæða, samkvæmt viðteknum og samstæðum framkvæmdamáta, myndi ekki teljast brjóta í bága við almenna bindingu sérréttindamarka:

i) Beiting tollflokkunar eða tolla að nýju, við innflutning vöru, þar sem slíkt á að réttu við, í tilvikum þar sem beiting slíkrar flokkunar eða slíkra tolla við innflutning slíkrar vöru var hætt um stundar sakir, eða var óvirk þann 10. apríl 1947; og

ii) Flokkun tiltekinnar vörutegundar í annan tollflokk en þann, sem átti við um slíkan innflutning hinn 10. apríl 1947, í þeim tilvikum, þar sem tollalögin gera augljóslega ráð fyrir því, að slíkri vörutegund megi skipa í fleiri en einn tollflokk.

Paragraph 4

The term „margin of preference" means the absolute difference between the most-favoured-nation rate of duty and the preferential rate of duty for the like product, and not the proportionate relation between those rates. As examples:

1) If the most-favoured-nation rate were 36 per cent **ad valorem** and the preferential rate were 24 per cent **ad valorem**, the margin of preference would be 12 per cent **ad valorem**, and not one-third of the most-favoured-nation rate;
2) If the most-favoured-nation rate were 36 per cent **ad valorem** and the preferential rate were expressed as two-thirds of the most-favoured-nation rate, the margin of preference would be 12 per cent **ad valorem**;
3) If the most-favoured-nation rate were 2 francs per kilogramme and the preferential rate were 1.50 francs per kilogramme, the margin of preference would be 0.50 francs per kilogramme.

The following kind of customs action, taken in accordance with established uniform procedures, would not be contrary to a general binding of margins of preference:

i) The re-application to an imported product of a tariff classification or rate of duty, properly applicable to **such product, in cases in which the** application of such classification or rate to such product was temporarily suspended or inoperative on April 10, 1947; and
ii) The classification of a particular product under a tariff item other than that under which importations of that product were classified on April 10, 1947, in cases in which the tariff law clearly contemplates that such product may be classified under more than one tariff item.

Um 2. gr.

2. málsgr. a).

Tilvísun sú, sem felst í 2. gr. málsgr. 2 a), sem vitnar í 2. málsgr. 3. gr., skal eigi taka gildi fyrr en breyting hefur verið gerð á 3. gr. við gildistöku breyt-

Ad Article II

Paragraph 2 a)

The cross-reference, in paragraph 2 a) of Article II, to paragraph 2 of Article III shall only apply after Article III has been modified by the entry into force of

ingar þeirrar, sem felst í bókun frá 14. september 1948 og tekur til breytinga á öðrum hluta og 26. gr. hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

2. málsgr. b).
Sjá athugasemd við 1. málsgr. 1. gr.

4. málsgr.
Ákvæðum þessarar málsgreinar skal beitt með tilliti til ákvæða 31. gr. Havanasamningsins, nema þeir aðilar, sem upprunalega sömdu um þessa tilslökun, hafi sérstaklega samið um annað.

Um 3. gr.

Sérhver innanlandsskattur eða önnur innanlandsgjöld, eða sérhver lög, reglugerðir eða kvaðir af því tagi, sem vísað er til í 1. málsgr., sem tekur til innfluttrar vöru eða sams konar vöru framleiddrar innanlands, og sem eru innheimt eða lögð á hina innfluttu vöru, þegar hún er flutt inn, og á þeim stað, þar sem hún er flutt inn, skulu eigi að síður teljast vera innanlandsskattur eða önnur innanlandsgjöld, eða lög, reglugerðir eða kvaðir af því tagi, sem vísað er til í 1. málsgr., og eru þau þar af leiðandi háð ákvæðum 3. gr.

1. málsgr.
Beiting ákvæða 1. málsgr. að því er tekur til innanlandsskatta, sem lagðir eru á af bæjar- eða sveitarstjórnum og yfirvöldum, sem starfa á landssvæði einhvers samningsaðila, skal háð ákvæðum þeim, sem felast í síðustu málsgrein 24. gr. Hugtakið „sanngjarnar ráðstafanir" í síðast nefndri málsgr. myndu t. d. ekki krefjast þess að felld yrðu úr gildi landslög, sem heimila bæjar- og sveitarstjórnum að leggja á innanlandsskatta, sem ekki brjóta í bága við anda ákvæða 3. gr., enda þótt þeir tæknilega séð teljist í ósamræmi við bókstaf þeirra, ef slík ógilding skapaði viðkomandi bæjar- eða sveitarfélögum, eða yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, alvarlega fjárhagsörðugleika. Hvað viðvíkur álagningu skatta af hálfu bæjar- eða sveitar-

the amendment provided for in the Protocol Modifying Part II and Article XXVI of the General Agreement on Tariffs and Trade, dated September 14, 1948.

Paragraph 2 b)
See the note relating to paragraph 1 of Article I.

Paragraph 4
Except where otherwise specifically agreed between the contracting parties which initially negotiated the concession, the provisions of this paragraph will be applied in the light of the provisions of Article 31 of the Havana Charter.

Ad Article III

Any internal tax or other internal charge, or any law, regulation or requirement of the kind referred to in paragraph 1 which applies to an imported product and to the like domestic product and is collected or enforced in the case of the imported product at the time or point of importation, is nevertheless to be regarded as an internal tax or other internal charge, or a law, regulation or requirement of the kind referred to in paragraph 1, and is accordingly subject to the provisions of Article III.

Paragraph 1
The application of paragraph 1 to internal taxes imposed by local governments and authorities within the territory of a contracting party is subject to the provisions of the final paragraph of Article XXIV. The term „reasonable measures" in the last-mentioned paragraph would not require, for example, the repeal of existing national legislation authorizing local governments to impose internal taxes which, although technically inconsistent with the letter of Article III, are not in fact inconsistent with its spirit, if such repeal would result in a serious financial hardship for the local governments or authorities concerned. With regard to taxation by local governments or authorities which is inconsistent with both the letter and spirit of Article III,

félaga, eða annarra yfirvalda, sem brýtur í bága við bæði bókstaf og anda ákvæða 3. gr., þá myndi hugtakið „sanngjarnar ráðstafanir" gera samningsaðila kleift að afnema slíka skattlagningu smám saman á aðlögunartímabili, ef skyndilegar ráðstafanir í því efni myndu hafa alvarlega erfiðleika í för með sér á sviði fjármála og stjórnsýslu.

2. málsgr.

Skattur, sem er í samræmi við ákvæði þau, er felast í fyrstu setningu 2. málsgr., teldist brjóta í bága við ákvæði annarrar setningar sömu málsgreinar einungis í því tilviki að um væri að ræða samkeppni, annars vegar milli hinnar skattlögðu vöru og hins vegar vöru, sem væri í beinni samkeppni við hana eða komið gæti í hennar stað og ekki væri skattlögð á svipaðan hátt.

5. málsgr.

Reglugerðir, sem eru í samræmi við ákvæði þau, er felast í fyrstu setningu 5. málsgr., skulu ekki teljast brjóta í bága við ákvæði annarrar setningar sömu málsgreinar, hvenær sem þannig hagar til að allar þær vörur, sem háðar eru ákvæðum slíkra reglugerða, eru framleiddar innanlands í verulegu magni. Eigi er unnt að réttlæta það, að reglugerð samrýmist ákvæðum annarrar setningar fyrr nefndrar málsgreinar, á þeim forsendum, að hlutfall eða magn það, sem ætlað er hverri þeirri vörutegund, er reglugerðin á við um, feli í sér réttmætt samband milli innfluttra vara og innlendra vara.

Um 5. gr.

5. málsgr.

Hvað við kemur flutningsgjöldum tekur sú grundvallarregla, sem felst í ákvæðum 5. málsgr., til svipaðra vara sem fluttar eru eftir sömu leið við svipaðar aðstæður.

Um 6. gr.

1. málsgr.

1. Falin undirboð af hálfu skyldra fyrirtækja (þ. e. sala af hálfu innflytjanda við verði, sem er lægra en það verð, er útflytjandi sá, sem innflytjandinn er í sambandi við, hefur gefið upp á vörureikningi sínum, og sömuleiðis lægra en

the term „reasonable measures" would permit a contracting party to eliminate the inconsistent taxation gradually over a transition period, if abrupt action would create serious administrative and financial difficulties.

Paragraph 2

A tax conforming to the requirements of the first sentence of paragraph 2 would be considered to be inconsistent with the provisions of the second sentence only in cases where competition was involved between, on the one hand, the taxed product and, on the other hand, a directly competitive or substitutable product which was not similarly taxed.

Paragraph 5

Regulation consistent with the provisions of the first sentence of paragraph 5 shall not be considered to be contrary to the provisions of the second sentence in any case in which all of the products subject to the regulations are produced domestically in substantial quantities. A regulation cannot be justified as being consistent with the provisions of the second sentence on the ground that the proportion or amount allocated to each of the product which are the subject of the regulation constitutes an equitable relationship between imported and domestic products.

Ad Article V

Paragraph 5

With regard to transportation charges, the principle laid down in paragraph 5 refers to like products being transported on the same route under like conditions.

Ad Article VI

Paragraph 1

1. Hidden dumping by associated houses (that is, the sale by an importer at a price below that corresponding to the price invoiced by an exporter with whom the importer is associated, and also below the price in the exporting

verðið í útflutningslandinu) telst vera ein tegund undirboðs og má í því sambandi reikna umfang undirboðsins út á grundvelli þess verðs, sem varan er seld á af hálfu innflytjandans.

2. Viðurkennt er að þegar um er að ræða innflutning frá landi, sem hefur algera eða hér um bil algera einokun á viðskiptum sínum og þar sem allt vöruverð innanlands er ákveðið af ríkinu, þá geta verið sérstakir erfiðleikar á því að ákveða samanburðarverð vegna ákvæða 1. málsgr., og kann þá svo að fara að nauðsynlegt sé fyrir samningsaðila, sem flytur inn, að taka tillit til þess að beinn og einskorðaður samanburður við innanlandsverðlag í slíku landi getur stundum verið óraunhæfur.

2. og 3. málsgr.

Athugasemd 1. — Á sama hátt og í mörgum öðrum tilvikum á sviði tollamála þá getur samningsaðili krafizt þess, að sanngjarnt veð (trygging eða innborgun í reiðu fé) sé sett fyrir greiðslu á tolli, sem beint er gegn undirboði eða uppbótagreiðslum, unz endanleg ákvörðun er tekin varðandi staðreyndir, þegar grunur leikur á að um undirboð eða uppbótargreiðslur sé að ræða.

Athugasemd 2. — Í sumum tilvikum getur margfalt gengi falið í sér uppbætur við útflutning, sem samkvæmt 3. málsgr. má mæta með sérstökum tolli. Þá getur margfalt gengi einnig falið í sér vissa tegund undirboðs með því að fella gjaldmiðil ákveðins lands að nokkru í verði, og má mæta slíku með aðgerðum samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. Með „marggengisaðgerðum" er átt við aðgerðir ríkisstjórna, eða aðgerðir sem ríkisstjórnir heimila.

6. málsgr. b).

Uppgjöf réttinda eða kröfu samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs 6. málsgr. skal einungis veita gegn umsókn af hálfu þess samningsaðila, sem hefur í hyggju að leggja á toll til að vega upp á móti undirboði eða uppbótagreiðslum, eftir því sem við á.

Um 7. gr.

1. málsgr.

Hugtakið „eða aðrar álögur" má ekki teljast fela í sér innanlandsskatta eða

country) constitutes a form of price dumping with respect to which the margin of dumping may be calculated on the basis of the price at which the goods are resold by the importer.

2. It is recognized that, in the case of imports from a country which has a complete or substantially complete monopoly of its trade and where all domestic prices are fixed by the State, special difficulties may exist in determining price comparability for the purposes of paragraph 1, and in such cases importing contracting parties may find it necessary to take into account the possibility that a strict comparison with domestic prices in such a country may not always be appropriate.

Paragraphs 2 and 3

Note 1. — As in many other cases in customs administration, a contracting party may require reasonable security (bond or cash deposit) for the payment of anti-dumping or countervailing duty pending final determination of the facts in any case of suspected dumping or subsidization.

Note 2. — Multiple currency practices can in certain circumstances constitute a subsidy to exports which may be met by countervailing duties under paragraph 3 or can constitute a form of dumping by means of a partial depreciation of a country's currency which may be met by action under paragraph 2. By „multiple currency practices" is meant practices by governments or sanctioned by governments.

Paragraph 6 b)

Waivers under the provisions of this sub-paragraph shall be granted only on application by the contracting party proposing to levy an anti-dumping or countervailing duty, as the case may be.

Ad Article VII

Paragraph 1

The expression „or other charges" is not to be regarded as including internal

samsvarandi gjöld, sem lögð eru á innfluttar vörur eða í sambandi við þær.

2. málsgr.

1. Það telst vera í samræmi við ákvæði 7. gr. að líta svo á, að „raunverulegt verð" taki til verðs á vörureikningi auk sérhverra gjalda, sem ekki eru innifalin, fyrir lögmætum kostnaði, er réttilega má teljast hluti „raunverulegs verðs", auk sérhvers óeðlilegs afsláttar eða annarrar lækkunar á venjulegu samkeppnisverði.

2. Það telst vera í samræmi við ákvæði 7. gr., málsgr. 2 b), að samningsaðili túlki setninguna „við venjulegar viðskiptaaðstæður ... í fullri samkeppni" þannig, að ákvæðið útiloki hver þau viðskipti, þar sem kaupandi og seljandi eru ekki óháðir hvor öðrum og verð vörunnar er ekki eina atriðið, sem máli skiptir.

3. Mælikvarðinn „í fullri samkeppni" heimilar samningsaðila að útiloka verðlag, sem felur í sér sérstakan afslátt, sem einungis er veittur einkaumboðsmanni.

4. Orðalag stafliðanna a) og b) heimilar samningsaðila að ákvarða verðlag vara til tolls á samræmdan hátt annað hvort 1) á grundvelli verðlags ákveðins útflytjanda á hinni innfluttu vöru, eða 2) á grundvelli almenns verðlags á samskonar varningi.

taxes or equivalent charges imposed on or in connexion with imported products.

Paragraph 2

1. It would be in conformity with Article VII to presume that „actual value" may be represented by the invoice price, plus any non-included charges for legitimate costs which are proper elements of „actual value" and plus any abnormal discount or other reduction from the ordinary competitive price.

2. It would be in conformity with Article VII, paragraph 2 b), for a contracting party to construe the phrase „in the ordinary course of trade ... under fully competitive conditions", as excluding any transaction wherein the buyer and seller are not independent of each other and price is not the sole consideration.

3. The standard of „fully competitive conditions" permits a contracting party to exclude from consideration prices involving special discounts limited to exclusive agents.

4. The wording of sub-paragraphs a) and b) permits a contracting party to determine the value for customs purposes uniformly either 1) on the basis of a particular exporter's prices of the imported merchandise, or 2) on the basis of the general price level of like merchandise.

Um 8. gr.

1. Enda þótt ákvæði 8. gr. taki ekki til notkunar margskonar gengis sérstaklega, þá felst í ákvæðum 1. og 4. málsgreinar fordæming á beitingu skatta eða gjalda á yfirfærslur í þeim tilgangi að geta haft í frammi notkun margfalds gengis. Ef samningsaðili samt sem áður beitir margs konar yfirfærslugjöldum sökum greiðslujafnvægis síns, og nýtur til þess samþykkis Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þá veita ákvæði 15. gr., málsgr. 9 a) aðstöðu hans fullkomna vernd.

2. Það teldist vera í samræmi við ákvæði 1. málsgr., að upprunavottorða sé einungis krafizt, þegar slíkt er með öllu óumflýjanlegt þegar um er að ræða inn-

Ad Article VIII

1. While Article VIII does not cover the use of multiple rates of exchange as such, paragraphs 1 and 4 condemn the use of exchange taxes or fees as a device for implementing multiple currency practices; if, however a contracting party is using multiple currency exchange fees for balance of payments reasons with the approval of the International Monetary Fund, the provisions of paragraph 9 a) of Article XV fully safeguard its position.

2. It would be consistent with paragraph 1 on the importation of products from the territory of a contracting party into the territory of another contracting

flutning vara frá landssvæði eins samningsaðila til landssvæðis annars samningsaðila.

party, the production of certificates of origin should only be required to the extent that is strictly indispensable.

Um 11., 12., 13., 14. og 18. gr.

Hvenær sem hugtökin „innflutningshöft" eða „útflutningshöft" koma fyrir í 11., 12., 13., 14. og 18. gr., skal litið svo á, að þar í séu faldar þær hömlur, sem stafa af verzlunarviðskiptum opinberra aðila.

Ad Articles XI, XII, XIII, XIV and XVIII

Throughout Articles XI, XII, XIII, XIV and XVIII the terms „import restrictions" or „export restrictions" include restrictions made effective through state-trading operations.

Um 11. gr.

2. málsgr. c).

Hugtakið „hvernig sem" í þessari málsgrein tekur til sömu vörutegunda, þegar þær eru enn á einhverju af fyrri framleiðslustigum sínum og hætt við skemmdum, sem keppa beint við hina fersku afurð og myndu gera hömlur á henni óvirkar ef óhindraður innflutningur á þeim væri leyfður.

Ad Article XI

Paragraph 2 c)

The term „in any form" in this paragraph covers the same products when in an early stage of processing and still perishable, which compete directly with the fresh product and if freely imported would tend to make the restriction on the fresh product ineffective.

2. málsgr., síðasti stafliður.

Hugtakið „séraðstæður" tekur til breytinga á hlutfallslegri framleiðslugetu innlendra og erlendra framleiðenda, eða einstakra erlendra framleiðenda, en ekki til breytinga, sem komið er á fyrir tilstilli aðgerða, sem eru óheimilar samkvæmt ákvæðum samningsins.

Paragraph 2, last sub-paragraph

The term „special factors" includes changes in relative productive efficiency as between domestic and foreign producers, or as between different foreign producers, but not changes artificially brought about by means not permitted under the Agreement.

Um 12. gr.

Samningsaðilar skulu sjá svo um, að fullkomin leynd hvíli yfir hverjum þeim viðræðum, sem kunna að eiga sér stað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Ad Article XII

The CONTRACTING PARTIES shall make provision for the utmost secrecy in the conduct of any consultation under the provisions of this Article.

3. málsgr. c) i).

Þeir samningsaðilar, sem beita viðskiptahöftum, skulu leitast við að valda ekki örðugleikum í sambandi við útflutning einstakrar vörutegundar, sem efnahagur einstaks samningaðila byggist að mestu leyti á.

Paragraph 3 c) i)

Contracting parties applying restriction shall endeavour to avoid causing serious prejudice to exports of a commodity on which the economy of a contracting party is largely dependent.

4. málsgr. b).

Aðilar eru ásáttir um, að dagsetningin skuli vera innan 90 daga eftir gildistöku þeirra breytinga á þessari grein,

Paragraph 4 b)

It is agreed that the date shall be within ninety days after the entry into force of the amendments of this Article effected

sem bókunin um breytingu á inngangi og öðrum og þriðja hluta þessa samnings felur í sér. Fari hins vegar svo, að Samningsaðilar komist að raun um, að aðstæður séu ekki heppilegar til þess að framfylgja ákvæðum þessarar málsgreinar á þeim tíma, sem ráð hefur verið fyrir gert, þá geta þeir ákveðið önnur tímamörk, þó að því tilskildu, að sú dagsetning eigi sér stað eigi síðar en 30 dögum eftir að skuldbindingar þær, sem felast í 2., 3. og 4. málsgr. 8. gr. Stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, verða bindandi fyrir þau ríki, sem aðild eiga að sjóðnum og sem sameiginlega hafa á sinni hendi utanríkisviðskipti, er nema að minnsta kosti 50 af hundraði allra utanríkisviðskipta samningsaðilanna.

by the Protocol Amending the Preamble and Parts II and III of this Agreement. However, should the CONTRACTING PARTIES find that conditions were not suitable for the application of the provisions of this sub-paragraph at the time envisaged, they may determine a later date; Provided that such day is not more than thirty days after such time as the obligations of Article VIII, Sections 2, 3 and 4 of the Articles of Agreement of the International Monetary Fund become applicable to contracting parties, members of the Fund, the combined foreign trade of which constitutes at least fifty per centum of the aggregate foreign trade of all contracting parties.

4. málsgr. e).

Aðilar eru sammála um, að ákvæði þau, sem fólgin eru í málsgr. 4 e), feli ekki í sér neinar nýjar ástæður til þess, að vörumagnshöftum verði komið á eða við haldið vegna greiðslujafnvægis. Ákvæðum þessum er einungis ætlað að tryggja það, að fullt tillit sé tekið til ytri aðstæðna, svo sem breytinga viðskiptaskilmála, vörumagnshafta, óhóflega hárra tolla og uppbóta, er geta haft áhrif á erfiðleika þá, sem samningsaðili sá, er hlut á að máli, getur átt við að etja vegna greiðslujafnaðar síns.

Paragraph 4 e)

It is agreed that paragraph 4 e) does not add any new criteria for the imposition or maintenance of quantitative restrictions for balance of payments reasons. It is solely intended to ensure that all external factors such as changes in the terms of trade, quantitative restrictions, excessive tariffs and subsidies, which may be contributing to the balance of payments difficulties of the contracting party applying restrictions will be fully taken into account.

Um 13. gr.

2. málsgr. d).

Ekki hefur verið minnzt á „tillit í verzlunarviðskiptum“ almennt í sambandi við úthlutun á viðskiptakvóta, þar sem álitið var, að beiting slíkra kvóta af hálfu stjórnvalda myndi ekki ávallt hafa raunhæft gildi, auk þess sem litið var svo á, að í þeim tilvikum, þar sem slíkt má teljast raunhæft, þá geti samningsaðili ávallt komið slíku tilliti við, þegar hann leitar eftir samningum, í samræmi við hina almennu reglu, sem felst í upphafi 2. málsgr.

Ad Article XIII

Paragraph 2 d)

No mention was made of „commercial considerations“ as a rule for the allocation of quotas because it was considered that its application by governmental authorities might not always be practicable. Moreover, in cases where it is practicable, a contracting party could apply these considerations in the process of seeking agreement, consistently with the general rule laid down in the opening sentence of paragraph 2.

4. málsgr.

Sjá athugasemd varðandi „séraðstæður“ í sambandi við síðasta staflið 2. málsgr. 11. gr.

Paragraph 4

See note relating to „special factors“ in connection with the last sub-paragraph of paragraph 2 of Article XI.

Um 14. gr.

1. málsgr.

Ákvæði þessarar málsgreinar skal eigi túlka á þann veg, að það komi í veg fyrir, að Samningsaðilar, þá er þeir ráðgast hvor við annan í samræmi við ákvæði 4. málsgr. 12. gr., og 12. málsgr. 18. gr., taki fullt tillit til eðlis, áhrifa og ástæðna þeirra, sem leiða til þess að höfð sé í frammi mismunun í sambandi við beitingu innflutningshafta.

2. málsgr.

Eitt af þeim tilvikum, sem gert er ráð fyrir að átt geti sér stað samkvæmt ákvæðum 2. málsgr., er að einhver samningsaðili hafi á sinni hendi greiðsluafgang, sem orðið hefur til af völdum almennra viðskipta og hann getur eigi fært sér í nyt án þess að grípa til mismunaaðgerða.

Um 15. gr.

4. málsgr.

Hugtakinu „hindra" er ætlað að merkja, til dæmis að taka, að brot gegn bókstaf einhverrar greinar þessa samnings af völdum aðgerða á sviði gjaldeyrismála skuli ekki teljast rof á ákvæðum þeirrar greinar, ef eigi hefur í raun verið vikið verulega frá tilgangi þeim, sem í ákvæðum greinarinnar felst. Þannig myndi ekki verða litið svo á að samningsaðili, er í samræmi við reglur um gjaldeyriseftirlit, sem beitt er samkvæmt Stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, krefst þess að tekið sé við greiðslu fyrir útflutning hans í eigin gjaldeyri hans eða í gjaldeyri eins eða fleiri ríkja, sem aðild eiga að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, myndi af þeim sökum teljast brjóta í bága við ákvæði 11. eða 13. gr. Annað dæmi væri í því fólgið, að samningsaðili tæki fram á innflutningsleyfi frá hvaða landi flytja megi inn vörur, ekki í þeim tilgangi að hafa í frammi frekari mismunun í sambandi við útgáfu innflutningsleyfa, heldur til þess eins að halda uppi leyfilegu gjaldeyriseftirliti.

Um 16. gr.

Undanþága á greiðslu tolls eða skatta á útflutta vöru, sem greiddir eru af sams-

Ad Article XIV

Paragraph 1

The provisions of this paragraph shall not be so construed as to preclude full consideration by the CONTRACTING PARTIES, in the consultations provided for in paragraph 4 of Article XII and in paragraph 12 of Article XVIII, of the nature, effects and reasons for discrimination in the field of import restrictions.

Paragraph 2

One of the situations contemplated in paragraph 2 is that of a contracting party holding balances acquired as a result of current transactions which it finds itself unable to use without a measure of discrimination.

Ad Article XV

Paragraph 4

The word „frustrate" is intended to indicate, for example, that infringements of the letter of any Article of this Agreement by exchange action shall not be regarded as a violation of that Article if, in practice, there is no appreciable departure from the intent of the Article. Thus, a contracting party which, as part of its exchange control operated in accordance with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund, requires payment to be received for its exports in its own currency or in the currency of one or more members of the International Monetary Fund will not thereby be deemed to contravene Article XI or Article XIII. Another example would be that of a contracting party which specifies on an import licence the country from which the goods may be imported, for the purpose not of introducing any additional element of discrimination in its import licensing system but of enforcing permissible exchange controls.

Ad Article XVI

The exemption of an exported product from duties or taxes borne by the like

konar vöru, þegar hún er ætluð til innanlandsneyzlu, eða eftirgjöf á slíkum tollum eða sköttum að upphæð, sem ekki er hærri en sú, sem fallið hefur til greiðslu, skal eigi teljast til uppbótagreiðslna.

B-hluti.

1. Engin ákvæði, sem felast í B-hluta, skulu útiloka, að samningsaðili geti notað margskonar gengi í samræmi við ákvæði Stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

2. „Hráefni" skal, að því er tekur til ákvæða B-hluta, teljast vera sérhver sú afurð, sem aflað er á sviði landbúnaðar, skógræktar eða fiskveiða, eða sérhvert jarðefni í sinni eðlilegu mynd, eða sem hefur hlotið þá meðferð, sem venjulega er talin nauðsynleg til þess að koma viðkomandi afurð á markað í verulegu magni fyrir atbeina alþjóðaviðskipta.

3. málsgr.

1. Nú vill svo til, að samningsaðili hefur ekki flutt viðkomandi afurð út á undangengnu því tímabili, sem um er að ræða, þá útilokar það ekki í sjálfu sér samningsaðilann frá því að beita rétti sínum til að öðlast hluta af viðskiptum þeim, er eiga sér stað með hlutaðeigandi afurð.

2. Nú vill svo til, að komið hefur verið á kerfi til þess að tryggja stöðugleika innanlandsverðs á undirstöðuafurð, eða tekjur innlendra framleiðenda undirstöðuafurðar, burtséð frá því hverjar sveiflur kunna að eiga sér stað á útflutningsverði þeirrar afurðar, sem á stundum getur haft þær afleiðingar í för með sér, að verðlag afurðarinnar til útflutnings er lægra en verð það, sem kaupendum er gert að greiða fyrir samskonar afurð á innanlandsmarkaði, þá skal eigi litið svo á, að slíkt geti talizt til útflutningsuppbóta í þeim skilningi, sem felst í ákvæðum 3. málsgr., ef Samningsaðilar komast að raun um:

a) að kerfi það, sem hér um ræðir, hafi einnig haft það í för með sér, eða sé þannig skipulagt, að það geti valdið því, að afurðin sé seld til útflutnings við hærra verði en kaupendum er gert að greiða fyrir samskonar afurð á innanlandsmarkaði; og

product when destined for domestic consumption, or the remission of such duties or taxes in amounts not in excess of those which have accrued, shall not be deemed to be a subsidy.

Section B

1. Nothing in Section B shall preclude the use by a contracting party of multiple rates of exchange in accordance with the Articles of Agreement of the International Monetary Fund.

2. For the purposes of Section B, a „primary product" is understood to be any product of farm, forest or fishery, or any mineral, in its natural form or which has undergone such processing as is customarily required to prepare it for marketing in substantial volume in international trade.

Paragraph 3

1. The fact that a contracting party has not exported the product in question during the previous representative period would not in itself preclude that contracting party from establishing its right to obtain a share of the trade in the product concerned.

2. A system for the stabilization of the domestic price or of the return of domestic producers of a primary product independently of the movements of export prices, which results at times in the sale of the product for export at a price lower than the comparable price charged for the like product to buyers in the domestic market, shall be considered not to involve a subsidy on exports within the meaning of paragraph 3 if the CONTRACTING PARTIES determine that:

a) the system has also resulted, or is so designed as to result, in the sale of the product for export at a price higher than the comparable price charged for the like product to buyers in the domestic market; and

b) að kerfi það, sem hér um ræðir, sé þannig rekið, eða því sé ætlað að vera þannig rekið, annaðhvort sökum áhrifaríkrar skipulagningar framleiðslunnar eða af öðrum sökum, að það örvi ekki útflutning um of eða skaði á annan hátt alvarlega hagsmuni annarra samningsaðila.

Þrátt fyrir slíka ákvörðun Samningsaðila skulu aðgerðir samkvæmt slíku kerfi vera háðar ákvæðum 3. málsgr., ef þær eru að hluta eða öllu leyti greiddar af fé ríkisins auk þess, sem þær eru greiddar úr sjóðum, sem myndaðir eru með innheimtu gjalda, sem lögð eru á framleiðendur hlutaðeigandi vara.

4. málsgr.

Svo er til ætlazt, samkvæmt ákvæðum 4. málsgr., að samningsaðilar leitist við að ná samkomulagi fyrir árslok 1957 um afnám allra uppbóta, sem þá eru enn við lýði, frá og með 1. janúar 1958; eða, ef slíkt nær ekki fram að ganga, að ná samkomulagi um að framlengja stöðvunina til þess dags, er þeir búast hið fyrsta við að ná slíku samkomulagi.

Um 17. gr.

1. málsgr.

Starfræksla viðskiptaráða, sem samningsaðilar koma á fót og hafa á hendi kaup og sölu, er háð ákvæðum þeim, sem felast í stafliðunum a) og b).

Starfsemi viðskiptaráða, sem samningsaðilar koma á fót en hafa ekki á hendi kaup og sölu heldur ákveða reglur þær, sem gilda eiga um viðskipti á vegum einkaaðila, er háð þeim ákvæðum samningsins, sem um slíkt fjalla.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir, að opinber stofnun geti farið fram á, að greitt sé mismunandi hátt verð fyrir tiltekna vöru á mismunandi mörkuðum, að því tilskildu að slíkur mismunur á verði eigi sér stað af viðskiptalegum ástæðum til þess að mæta aðstæðum framboðs og eftirspurnar á útflutningsmörkuðum.

1. málsgr. a).

Aðgerðir stjórnvalda, sem beinast að því að tryggja gæðastuðla og góðan

b) the system is so operated, or is designed so to operate, either because of the effective regulation of production or otherwise, as not to stimulate exports unduly or otherwise seriously to prejudice the interests of other contracting parties.

Notwithstanding such determination by the CONTRACTING PARTIES, operations under such a system shall be subject to the provisions of paragraph 3 where they are wholly or partly financed out of government funds in addition to the funds collected from producers in respect of the product concerned.

Paragraph 4

The intention of paragraph 4 is that the contracting parties should seek before the end of 1957 to reach agreement to abolish all remaining subsidies as from 1 January 1958; or, failing this, to reach agreement to extend the application of the standstill until the earliest date thereafter by which they can expect to reach such agreement.

Ad Article XVII

Paragraph 1

The operations of Marketing Boards, which are established by contracting parties and are engaged in purchasing or selling, are subject to the provisions of sub-paragraphs a) and b).

The activities of Marketing Boards which are established by contracting parties and which do not purchase or sell but lay down regulations covering private trade are governed by the relevant Articles of this Agreement.

The charging by a state enterprise of different prices for its sales of a product in different markets is not precluded by the provisions of this Article, provided that such different prices are charged for commercial reasons, to meet conditions of supply and demand in export markets.

Paragraph 1 a)

Governmental measures imposed to ensure standards of quality and efficiency

rekstur utanríkisverzlunar, eða sérréttindi, sem veitt eru til nýtingar á náttúruauðlindum landsins, en sem eigi veita ríkisstjórninni vald til þess að hafa á hendi yfirráð verzlunarreksturs viðkomandi fyrirtækis, teljast ekki til „sérréttinda eða sérstakra réttinda".

1. málsgr. b).

Land það, sem nýtur „bundins láns", er frjálst að því að telja það til „viðskiptalegra sjónarmiða", þegar það festir kaup á nauðsynjum í öðrum löndum.

2. málsgr.

Hugtakið „vörur" takmarkast við afurðir samkvæmt þeim skilningi, sem lagður er í þá orðmynd í almennum verzlunarviðskiptum, og því er ekki ætlað að taka til kaups eða sölu á þjónustu.

3. málsgr.

Samningaumleitunum þeim, sem samningsaðilar samþykkja að hafa með sér samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má beina að lækkun tolla eða annarra gjalda af innflutningi eða útflutningi, eða að því að koma á einhverju öðru fyrirkomulagi, sem þjónar gagnkvæmum hagsmunum aðila og samræmist ákvæðum þessa samnings. (Sjá 4. málsgr. 2. gr. og skýringar við þá málsgr.).

4. málsgr. b).

Hugtakið „álagning . . . við innflutning" í þessari málsgrein skal merkja þann mismun, sem er á verði því, sem innflutningseinkasalan krefst fyrir hina innfluttu vöru (að frátöldum innanlandssköttum innan þeirra marka, sem ákvæði 3. gr. segja til um, flutningskostnaði, dreifingarkostnaði svo og öðrum þeim kostnaði, er kaup, sala eða frekari meðferð vörunnar hefur í för með sér, ásamt sanngjörnum ágóðahluta) og kostnaðarverði vörunnar, þá er henni hefur verið skipað upp í innflutningshöfn.

Um 18. gr.

Samningsaðilar, svo og þeir samningsaðilar, sem hlut eiga að máli, skulu við hafa ýtrustu leynd varðandi mál þau, er upp kunna að koma í sambandi við ákvæði þessarar greinar.

in the operation of external trade, or privileges granted for the exploitation of national natural resources but which do not empower the government to exercise control over the trading activities of the enterprise in question, do not constitute „exclusive or special privileges".

Paragraph 1 b)

A country receiving a „tied loan" is free to take this loan into account as a „commercial consideration" when purchasing requirements abroad.

Paragraph 2

The term „goods" is limited to products as understood in commercial practice, and is not intended to include the purchase or sale of services.

Paragraph 3

Negotiations which contracting parties agree to conduct under this paragraph may be directed towards the reduction of duties and other charges on imports and exports or towards the conclusion of any other mutually satisfactory arrangement consistent with the provisions of this Agreement. (See paragraph 4 of Article II and the note to that paragraph.)

Paragraph 4 b)

The term „import mark-up" in this paragraph shall represent the margin by which the price charged by the import monopoly for the imported product (exclusive of internal taxes within the purview of Article III, transportation, distribution, and other expenses incident to the purchase, sale or further processing, and a reasonable margin of profit) exceeds the landed cost.

Ad Article XVIII

The CONTRACTING PARTIES and the contracting parties concerned shall preserve the utmost secrecy in respect of matters arising under this Article.

1. og 4. málsgr.

1. Þegar þeir íhuga hvort efnahagur einhvers samningsaðila „leyfir aðeins lág lífskjör", þá skulu Samningsaðilar taka tillit til eðlilegs efnahagsástands og skulu ekki byggja niðurstöður sínar á óvenjulegu efnahagsástandi, sem gæti stafað af sérstaklega hagstæðum skilyrðum fyrir útflutning á meginafurð eða meginafurðum viðkomandi samningsaðila um stundar sakir.

2. Setningin „á frumstigum þróunar" á ekki einungis við um þá samningsaðila, sem hafa nýlega hafið efnahagsþróun sína, heldur einnig þá samningsaðila, sem eru að iðnvæða efnahag sinn með það fyrir augum að þurfa ekki að vera um of háðir framleiðslu undirstöðuafurða.

2., 3., 7., 13. og 22. málsgr.

Tilvitnunin í stofnun sérstakra iðngreina á ekki einungis við um stofnun nýrra iðngreina, heldur einnig um stofnun nýrrar framleiðslugreinar innan einhverrar iðngreinar, sem þegar er fyrir hendi, svo og til verulegrar endurskipulagningar iðngreinar, sem þegar er starfandi og uppfyllir tiltölulega lítinn hluta þeirrar eftirspurnar, sem innanlands er eftir vöru þeirri, er hún framleiðir. Þá tekur hún einnig til endurbyggingar iðngreinar, sem hefur verið í eyði lögð eða orðið fyrir verulegum skaða af völdum hernaðaraðgerða eða náttúruhamfara.

7. málsgr. b).

Takmörkun eða ógilding, samkvæmt ákvæðum 7. málsgr. b), af hálfu annars samningsaðila en þess, sem leggur fram umsókn samkvæmt ákvæðum þeim, sem vísað er til í 7. málsgr. a), skal ákveðin innan sex mánaða frá þeim degi að telja, er sá samningsaðili, sem umsókn leggur fram, greip til slíkrar aðgerðar, og skal hún þá öðlast gildi á 30. degi frá þeim degi að telja, er Samningsaðilum var tilkynnt um slíka takmörkun eða ógildingu.

11. málsgr.

Eigi skal túlka aðra setninguna í 11. málsgr. á þann veg, að þess sé krafizt

Paragraphs 1 and 4

1. When they consider whether the economy of a contracting party „can only support low standards of living", the CONTRACTING PARTIES shall take into consideration the normal position of that economy and shall not base their determination on exceptional circumstances such as those which may result from the temporary existence of exceptionally favourable conditions for the staple export product or products of such contracting party.

2. The phrase „in the early stages of development" is not meant to apply only to contracting parties which have just started their economic development, but also to contracting parties the economies of which are undergoing a process of industrialization to correct an excessive dependence on primary production.

Paragraphs 2, 3, 7, 13 and 22

The reference to the establishment of particular industries shall apply not only to the establishment of a new industry, but also to the establishment of a new branch of production in an existing industry and to the substantial transformation of an existing industry, and to the substantial expansion of an existing industry supplying a relatively small proportion of the domestic demand. It shall also cover the reconstruction of an industry destroyed or substantially damaged as a result of hostilities or natural disasters.

Paragraph 7 b)

A modification or withdrawal, pursuant to paragraph 7 b), by a contracting party, other than the applicant contracting party, referred to in paragraph 7 a), shall be made within six months of the day on which the action is taken by the applicant contracting party, and shall become effective on the thirtieth day following the day on which such modification or withdrawal has been notified to the CONTRACTING PARTIES.

Paragraph 11

The second sentence in paragraph 11 shall not be interpreted to mean that a

að samningsaðili dragi úr eða afnemi höft, ef slík aðgerð um að draga úr eða afnema höft myndi hafa það í för með sér að skapa ástand, sem réttlætti það að gripið væri til hafta, eða þau hert, hvort heldur sem við á, samkvæmt ákvæðum 9. málsgr. 18. gr.

12. málsgr. b).

Dagsetning sú, sem vitnað er til í 12. málsgr. b) skal vera sú dagsetning, sem Samningsaðilar ákveða í samræmi við ákvæði 4. málsgr. b) í 12. gr. þessa samkomulags.

13. og 14. málsgr.

Viðurkennt er, að áður en samningsaðili getur ákveðið að grípa til tiltekinna aðgerða og tilkynna það Samningsaðilum í samræmi við ákvæði 14. málsgr., þá þurfi samningsaðili að fá sanngjarnan tíma til þess að meta samkeppnisaðstöðu þeirrar iðngreinar, sem í hlut á.

15. og 16. málsgr.

Þannig er litið á, að Samningsaðilar skuli bjóða þeim samningsaðila, sem hyggst grípa til aðgerða samkvæmt ákvæðum C-hluta, að hafa samráð við þá í samræmi við ákvæði 16. málsgr., ef þess er farið á leit við þá af hálfu samningsaðila, sem teldi að aðgerðir þær, sem um væri að ræða, hefðu veruleg áhrif á viðskipti hans.

16., 18., 19. og 22. málsgr.

1. Þannig er litið á, að Samningsaðilar geti verið sammála fyrirhuguðum aðgerðum með vissum skilyrðum eða takmörkunum. Ef slíkar aðgerðir eru síðan framkvæmdar á þann hátt að það samræmist ekki samþykki Samningsaðila, þá skulu þær að þessu leyti teljast til aðgerða, sem Samningsaðilar hafa ekki samþykkt. Í þeim tilvikum, þar sem Samningsaðilar hafa lýst yfir samþykki sínu á vissum aðgerðum í tiltekinn tíma, þá getur sá samningsaðili, sem í hlut á, óskað eftir framlengingu þess tímatakmarks í samræmi við ákvæði þau og reglur, sem felast í C- og D-hluta, eftir því sem við á, ef hann telur að aðgerðanna sé þörf í lengri tíma til þess að

contracting party is required to relax or remove restrictions if such relaxation or removal would thereupon produce conditions justifying the intensification or institution, respectively, of restrictions under paragraph 9 of Article XVIII.

Paragraph 12 b)

The date referred to in paragraph 12 b) shall be the date determined by the CONTRACTING PARTIES in accordance with the provisions of paragraph 4 b) of Article XII of this Agreement.

Paragraphs 13 and 14

It is recognized that, before deciding on the introduction of a measure and notifying the CONTRACTING PARTIES in accordance with paragraph 14, a contracting party may need a reasonable period of time to assess the competitive position of the industry concerned.

Paragraphs 15 and 16

It is understood that the CONTRACTING PARTIES shall invite a contracting party proposing to apply a measure under Section C to consult with them pursuant to paragraph 16 if they are requested to do so by a contracting party the trade of which would be appreciably affected by the measure in question.

Paragraphs 16, 18, 19 and 22

1. It is understood that the CONTRACTING PARTIES may concur in a proposed measure subject to specific conditions or limitations. If the measure as applied does not conform to the terms of the concurrence it will to that extent be deemed a measure in which the CONTRACTING PARTIES have not concurred. In cases in which the CONTRACTING PARTIES have concurred in a measure for a specified period, the contracting party concerned, if it finds that the maintenance of the measure for a further period of time is required to achieve the objective for which the measure was originally taken, may apply to the CONTRACTING PARTIES for an ex-

þær nái þeim tilgangi, sem til var ætlazt í upphafi.

2. Gert er ráð fyrir, að Samningsaðilar muni að öllum jafnaði varast að samþykkja aðgerðir, sem líklegar eru til þess að valda alvarlegum skaða á útflutningi vörutegundar, sem efnahagur einhvers samningsaðila byggist að mestu á.

18. og 22. málsgr.

